



Opið allan
sólarringinn
Í Nettó Mjódd
og Granda

nettó

FRÉTTABLAÐIÐ



Vaskur hópur Íslendinga tók í gærkvöldi þátt í alþjóðlega hlaupaviðburðinum Run in the Dark, eða Myrkrhlaupinu, í Elliðaárdal. Hlaupið fór fram samtímis víða um heim. Með því er safnað fé fyrir rannsóknnum og lækningu á mænuskaða. Lagt var upp frá gömlu rafstöðinni og hlaupinn 5,7 kílómetra hringur sem hver og einn fór á sínum hraða og greiddi 3.700 krónur fyrir.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Yfirdráttarlán heimila aukast að nýju

Innlán heimilanna hafa haldið áfram að aukast verulega eftir Covid-faraldurinn og hjól hagkerfisins farin að snúast á nýjan leik. Yfirdráttarlán, sem heimilin greiddu niður jafnt og þétt í Covid, eru hins vegar farin að aukast að nýju.

olafur@frettabladid.is

NEYTENDUR Heimilin í landinu hafa verið að auka töku yfirdráttarlána. Þetta kemur fram í Hagvísunum Seðla-banka Íslands.

Í viðtali við Markaðinn í dag segir Vignir Þór Sverrisson, fjárfestinga-stjóri hjá Íslandssjóðum, þetta geta

verið visbending um að hluti heimila geti átt í vandræðum með að ná endum saman. Það muni þó koma betur í ljós í vetur.

Yfirdráttarlán heimilanna, sem hlutfall af landsframleiðslu, hafa aukist á þessu ári eftir að dragast saman frá upphafi Covid. Um áramót voru þau 2,59 prósent af landsframleiðslu en eru nú orðin 2,63 prósent. Á sama tíma hefur landsframleiðsla aukist.

Ekki er vitað hvernig þetta skiptist á heimilin en ekki er óvarlegt að ætla að yfirdráttarlánin séu almennt frekar lág og hækkun hlutfallsins bendi til að heimilum sem taka yfirdráttarlán hafi fjölgað á þessu ári.



Aukning yfirdráttarlána á sama tíma og innlán aukast getur bent til þess að há verðbólga bitni misjafnlega harkalega á heimilum landsins.

Það að innlán heimila aukast verulega á sama tíma og yfirdráttarlán aukast á ný getur verið visbending um að staða íslenskra heimila sé mjög mismunandi og að aukin verðbólga bitni misjafnlega harkalega á þeim.

Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna, segir yfirdráttarlán vera góðan mælikvarða á stöðu heimilanna og það sé áhyggjuefni að þau skuli fara hækkandi.

Aðspurður segir Breki Neytendasamtökin verða vör við að margir félagsmenn þeirra finni illa fyrir aukinni greiðslubyrði vegna vaxta-hækkana undanfarið.

SJÁ SÍÐU 12

Flótti frá Twitter sagður hafinn

VIÐSKIPTI Í kjölfar kaupa Elons Musk á samfélagsmiðlinum Twitter og yfirlýsingar hans um stefnubreytingu hafa fyrirtæki á borð við General Motors, Audi, Pfizer, General Mills, Volkswagen og United Airlines sagt skilið við Twitter.

Margir óttast nú aukna hatursorð-ræðu á Twitter. Samkvæmt rannsóknarhópnum Network Contagion Research Institute mældist 500 pró-senta aukning á notkun „N-orðins“ fyrstu tólf tímuna eftir yfirtöku Musks. Montclair-háskólinn rakti fjórfalt fleiri haturs-tíst á klukkutíma en vikuna fyrir yfirtökuna.

SJÁ SÍÐU 8

Mmm ...
Of snemmt
fyrir safaríkar
klementínur?

KRÓNAN



Haustið hefur verið afar milt og gott.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hreyfir varla vind

benediktboas@frettabladid.is

VEDUR „Ég myndi halda að orðið einmunatið ætti vel við tíðina að undanfögnu. Það er stilla, rólegt veður og fimm til sex stiga hiti og varla hálka,“ segir Birgir Örn Höskuldsson, veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands.

Landsmenn hafa getað sett upp jólaljósín á skýrtunni og gengið og hjólað til vinnu án þess að klæða sig í vetrargallann enda hefur verið óvenju stillt síðan í októberlok.

Einhver vindur er í kortunum fyrir vestan og á sunnudag mun blása í borginni en síðan tekur lognið aftur við.

„Það verður líklega leiðindaveður í borginni á sunnudagsmorgun en í rauninni finasta veður næstu daga. Það mun að sjálfsögðu einhvern tímann breytast en eigum við ekki bara að njóta meðan þetta varir?“ spyr Birgir. Norðurlandið er nánast autt af snjó. Birgir segir að það sé svo sem ekkert óvenjulegt að byggðin fyrir norðan hafi ekki orðið vör við snjó á þessum tíma. Norðlendingar munu þó fá einhver leiðindi í dag en Birgir segir að hlýindin séu áfram í kortunum. ■

Leiðtogar á rökstólum



Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra stýrði í gær ársfundi Heimsráðs kvenleiðtoga í Hörpu. Rifjaði Katrín upp að þegar ráðið tók til starfa 1996 hafi þátttakendur aðeins verið 10. Nú taki 85 kvenleiðtogar þátt í starfi ráðsins. Sima Sami Bahous, framkvæmdastýra UN Women, tók þátt í pallborðsumræðum í gær. Þær Katrín áttu auk þess fund og ræddu erfiða stöðu kvenna í Úkraínu og Íran.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Leitað að framúrskarandi Íslendingi

lovisa@frettabladid.is

SAMFÉLAG Félagasamtökin JCI óska eftir hjálpi þjóðarinnar við að finna unga einstaklinga á aldrinum 18 til 40 ára sem hafa skarað fram úr, verið virkir samfélagsþegnar og góðar fyrirmyndir.

„Ár hvert leitum við að ungu fólki til að veita þessa viðurkenningu. Verðlaunin eru hugsuð sem hvatningarverðlaun og erum við svo heppin að forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, er verndari verkefnisins og veitir verðlaunin. Því eru verðlaunin þeim sem þau hljóta afar verðmæt,“ segir Ríkey Jóna Eiríksdóttir, landsforseti JCI.

Tilnefnt er í tíu flokkum á ýmsum sviðum. JCI-samtökin tilnefna svo sigurvegarana til sambærilegra



Elvis Presley hlaut eitt sinn viðurkenninguna. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

verðlauna á alþjóðavísu sem JCI veita ár hvert og kallast TOYP.

Tvisvar hafa Íslendingar staðið á verðlaunapalli á heimsþingi JCI. Það voru Guðjón Már Guðjónsson og Kristín Rós Hákonardóttir. Meðal annarra verðlaunahafa má nefna John F. Kennedy og Elvis Presley. ■

Fjallahjólastígurinn sem á að þola vætutið vetrarins

Vösk sveit úr reiðhjólafélaginu Tindi gerði fyrsta sérhannaða fjallahjólastíginn í Reykjavík sem vígður var á sunnudag. Yfir hundrað manns mættu á opnunina en næsta verk er að gera aðra línu og ferðina upp fjallið betri.

benediktboas@frettabladid.is

ÍÞRÓTTIR „Brautin vonandi heldur sér í gegnum vætuna í vetur,“ segir Franz Friðriksson sem situr í stjórn reiðhjólafélagsins Tinds en hann var einn af þeim sem tóku til hendinni í hliðum Úlfarsfells og gerðu fyrstu fjallahjólabrautina innan borgarmarkanna.

Hugmyndin að brautinni kom í gegnum Hverfið mitt í fyrra og fékk borgin Tind til að gera brautina sem þykir vel heppnuð. Franz situr í fjallahjóladeild Tinds og skoraðist ekki undan verkefninu. Þeir fengu einn fjórða af fjallinu til að gera brautina sem er 1,3 kílómetrar en hæðarmetrarnir eru þó aðeins um hundrað.

Í brautinni eru margir pallar sem henta bæði vönunum og óvönunum, konum og körlum. „Það var mikil gleði og mikil hamingja þegar brautin var opnuð á sunnudag. Hún er mjög opin og uppleiðin er mjög góð sem skiptir töluverðu máli. Svo fer það bara eftir hversu öflugur hjóltreidamaður viðkomandi er hvaða línu hann velur sér og hversu margar ferðir viðkomandi fer,“ segir Franz.

Enginn starfsmaður verður til að sinna brautinni í vetur en Úlfarsfellið er snjólétt svæði og vonast Franz eftir því að það þurfi ekki að endurgera brautina í vor.

„Við smíðuðum hana þannig að



Andri Steinar Jónsson og Franz Friðriksson við brautina góðu sem þeir unnu hörðum höndum við að gera.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Þetta er útivera, fegurðin í náttúrunni og samveran.“

Franz Friðriksson

hún stendur upp úr landinu og veturinn og vatnið á ekki að skemma hana. Það eru vatnsrásir og dren og alls konar ræsi.

Það verður samt alltaf eitthvert vinnukvöld í vor þar sem engin braut í náttúrunni er viðhaldsfri og þá þarf að klappa henni aðeins eftir veturinn,“ segir hann.

Sjálfur er hann yfirleitt alltaf úti

að leika. Á veturna eru það fjallahjólastígar en á sumrin fjallahjólreiðar. Hann segir að þetta sé ákveðinn lífsstíll sem sifellt fleiri kjósi sér. „Þetta er útivera, fegurðin í náttúrunni og samveran. Það er ótrúlega skemmtilegt að fara niður fjallshlíð – um það veður ekki deilt,“ segir hann.

Franz segir að vonandi verði næst kosið um að gera nýja leið niður fellinu við hliðina á þeirri sem gerð var í sumar. Hann vonast einnig eftir að fleiri sveitarfélög sjái hag sinn í að gera svona braut.

„Á Íslandi erum við að stunda svokallað „hike and bike“. Þar sem við þurfum að halda á hjólunum upp til að renna okkur niður. En uppleiðin í þessari braut er góð þó það megi alltaf bæta hana þannig að allir geti staðið þarna uppi. Henda jafnvel upp einhvers konar ferðamátu þannig að allir geti komist. Krakkar og þeir sem eru fatlaðir.“ ■

MANNAMÁL

Í KVÖLD KL. 19.00
OG AFTUR KL. 21.00

Hildur Sverrisdóttir þingkona
er næsti gestur þáttarins.

HRINGBRAUT



blómaval



HÚSASMÍÐJAN

JÓLIN FYRIR ÞIG

Lýsum upp jólin



FROST

Ljósahringur
26 cm, 100 Micro
Led. 14500997**5.790** kr

33%

FROST

Aðventuljós
7 ljósa, hvítt, rautt
eða svart. 14500401-3**1.990** kr
~~2.990 kr~~

20%

Frostrós
50 Led, hvítt ljós.
2703008**2.949** kr
~~3.690 kr~~

20%

FROST

Gluggaljós
Stjarna, 50 ljós, hvítt
hvítt. 14500418**1.479** kr
~~1.849 kr~~Samtengjanlegar
allt að 2.000 ljós
á eina klóHágæða seríur sem þola vel
íslenskt veður og henta fyrir
heimili, fyrirtæki og bæjarfélög

FROST

Led útiseriur, 50 ljósa
Samtengjanlegar LED útiseriur.
14500290-293**5.990** kr

FROST

Led útiseriur, 100 ljósa
Samtengjanlegar LED útiseriur.
14500294-297**9.690** kr

28%

FROST

40 LED
14500340-342**1.990** kr
~~2.790 kr~~Hnotubrjótur
15 cm, 4 gerðir.
14662108**1.149** kr

Litrík jól

LADY málning

30%
afslátturJólablaðið
er komið út

Gera allsherjartalningu hreindýra vegna fækkunar

kristinnhaukur@frettabladid.is

AUSTURLAND Orsök fækkunar hreindýra á helsta veiðisvæðinu á Austurlandi er ráðgáta. Þar til betri talningar á dýrunum liggja fyrir hefur Náttúrustofa Austurlands og Félag leiðsögumanna lagt til töluverða fækkun veiðileyfa, einkum á veiðisvæði 2.

„Það er ekkert sem bendir til hruns í stofninum,“ segir Skarphéðinn G. Þórisson, hreindýrasérfræðingur hjá Náttúrustofu, spurður um hvað sé að gerast hjá hreindýrastofninum. „Okkar tilgáta er að dýrin hafi leitað yfir á svæði 1 og líka 7.“

Svæðin eru 9 í heildina. Vanda málið er hins vegar að erfitt er að telja dýrin á svæði 7. Þar eru þröngir dalir, dimma í fjallshlíðum og getur verið afar vindasamt. Veiði getur einnig verið erfið þar.

Svæði 2 hefur verið helsta veiðisvæðið, enda háslétta og góðar vegasamgöngur. Fjöldinn á svæðinu hefur hins vegar hrunið undanfarin ár. Árið 2017 fundust um 2.000 dýr á svæðinu en um 400 í ár.

Lagt er til að árið 2023 verði aðeins gefin út 30 veiðileyfi á svæði 2 en þau voru 170 í ár. Skarphéðinn segir þetta byggt á varúð og óvissu um raunverulegan fjölda dýranna.

„Ef það kemur í ljós að fjöldinn sé vanmetinn er mjög fljótlegt að leiðrétta það,“ segir hann.

En þó að verkefnið að meta fjölda dýranna sé flókið verður ekki setið auðum höndum. Stefnt er að því að gera allsherjartalningu í mars. „Þá kemur betur í ljós hvað hefur gerst,“ segir Skarphéðinn.

Umhverfisstofnun sagði frá því að hreindýraveiðin, sem lauk 20. september, hafi í heildina gengið vel nema á svæði 2.

„Tókst að veidda stærsta hluta útgefins veiðikvóta, þar hjálpaði gott veður síðustu vikur veiðitímabilsins vissulega til.“ ■



Hreindýrum hefur fækkað um 80 prósent á fimm árum á svæði 2.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VILHELM



Hans Kluge, framkvæmdastjóri Evrópudeildar WHO.

Lýðheilsa rædd á heilbrigðisþingi

lovisa@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Í dag fer fram á Hilton Heilbrigðisþing helgað lýðheilsu, forvörnum, heilsuefingu og heilsulæsi.

Meðal þeirra sem tala á þinginu eru Hans Kluge, framkvæmdastjóri Evrópudeildar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, og Chris Brown, yfirmaður á skrifstofu Evrópudeildarinnar í Feneyjum.■

Vilja byggja tugi íbúða á Ísafirði

kristinnpall@frettabladid.is

VESTFIRÐIR Bæjarráð Ísafjarðarbæjar tók fyrir nýja beiðni Skeiðs og Vestfirskra verktaka um lóðir til uppbyggingar íbúðarhúsnæðis á Eyrinni. Eftir breytingar á tillögunni er stefnt að því að 50 til 60 íbúðir verði tilbúnar á næstu fjórum árum í miðbæ Ísafjarðar.

Aður var gert ráð fyrir 40 til 50 íbúðum á svæðinu en nú var búið að bæta einni lóð við fyrirsögnina. ■

Álframleiðsla geti orðið kolefnislaus

Verkefnisstjóri hjá Tæknisetri kom nýlega fram á alþjóðlegri orkuöryggisráðstefnu og ræddi tækifærin sem fólgin eru í grænni álframleiðslu. Hún flutti til Íslands frá Kasakstan fyrir fjórtán árum.

kristinnhaukur@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL Doktor Rauan Meirbekova, sérfræðingur hjá Tæknisetri, tók nýlega þátt í pallborðsumræðum á fimmtu orkuöryggisráðstefnunni sem haldin var í Vín um grænu iðnbyltinguna, þar sem hún fjallaði um framfarir í að hefta losun koltvísýrings frá álframleiðslu og möguleikann á að geyma og flytja orku með áli.

„Þegar við hugsum um losun gróðurhúsalofttegunda halda margir að hún komi að langmestu leyti frá raforkuframleiðslu eða flutningum,“ segir Rauan. „En raforkuframleiðsla telur hins vegar aðeins 26 prósent og flutningur 16 prósent. Iðnaðarframleiðsla á til dæmis áli, stáli, steypu og plasti telur um 30 prósent allrar losunar. Því miður framleiðir enginn ál eða stál í heiminum án losunar.“

Ráðstefnan fór fram síðastliðinn föstudag í Vín í skugga einnar mestu orkukrisu í áratugi. Áherslan var á framtíð olíu og gass, framtíð grænu byltingarinnar og orkuskiptin.

Tæknisetur er óhagnaðardrifið félag sem þróar tæknilausnir í samstarfi við innlend og erlend fyrirtæki og stofnanir. Meðal annars er rannsóknarstarf í gangi um kolefnislausu álframleiðslu með innlenda sprotafyrirtækinu Arctus og stærsta álframleiðanda Þýskalands, Trimet, sem hefur fjárfest mikið í að aðlagast rekstur sinn breytingum á þýskum



Orkukreppan og framtíð grænnar orku var til umræðu í Vín. MYND/ADSEND

orkumarkaði og stefnir að því að breyta álframleiðslu í kolefnislausu framleiðslu með hinni íslensku tækni.

„Þróun álframleiðslu án losunar gróðurhúsalofttegunda skiptir Íslendinga miklu máli vegna þeirrar miklu álframleiðslu sem er hérna,“ segir Rauan og bendir á að um 70 prósent af allri raforkuframleiðslu hérlandis fari til álframleiðslu.

Einnig stýrir Tæknisetur alþjóðlegum rannsóknum á að nýta ál til að geyma orku og sem orku-gjafa. Þar er sú orka sem notuð er

við álframleiðsluna losuð með því að hvarfa álkorn við gufu eða heitt vatn, en við það myndast varmi og vetni. Álið umbreytist við það í súrál sem nota má til álframleiðslu.

Rauan telur að græn orka geti leyst þær orkukreppur sem eru fyrirsjáanlegar í framtíðinni. Orkugeymsla í áli geti skipt miklu máli og hægt verði flytja orku til Evrópu á veturna þegar kalt er. „Það er mikilvægt að geta geymt endurnýjanlega orku milli árstíða,“ segir hún.

Rauan er frá Mið-Asíuríkinu Kasakstan. Hún flutti til Íslands

Þróun álframleiðslu án losunar gróðurhúsalofttegunda skiptir Íslendinga miklu máli vegna þeirrar miklu álframleiðslu sem er hérna.



Rauan Meirbekova, sérfræðingur hjá Tæknisetri

fyrir 14 árum til að starfa sem verkfræðingur hjá Verkís en er nú einn 17 starfsmanna Tæknisetursins sem stofnað var í fyrra á grundvelli Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.

Spurð um hvers vegna hún flutti hingað segir Rauan áhuga á endurnýjanlegum orkugjöfum hafa spilað þar stóra rullu. Einkum vatnsorku og jarðvarma sem nýttur er hérlandis. Það sama er ekki hægt að segja um heimaland hennar.

Aðeins litill hluti raforkuframleiðslu er sjálfbær, eða 14 prósent frá vatnsorkuverum, og minna en 5 prósent frá öðrum sjálfbærum orkugjöfum, en 71 prósent orkunnar kemur úr kolaverum og 10 frá gasi. Þetta gæti þó breyst. „Kasakstan hefur mjög mikil tækifæri í jarðhita,“ segir Rauan. „Þar eru lághitasvæði sem vel er hægt að nýta til húshitunar.“ ■

ÓMISSANDI HLUTI AF FJÖLSKYLDUNNI

JEEP® COMPASS TRAILHAWK 4XE

ALVÖRU JEPPI – ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

5 ÁRA ÁBYRGÐ

8 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAFLÖÐUNNI

PLUG-IN HYBRID

EIGUM BÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX!

ISBAND

PVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300
ÓPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep

4XE

PLUG-IN HYBRID

JEEP.IS

Singles' Day

11.11

Allt að 60% afsláttur!



Allt að
-30%

Snyrtivörur



Allt að
-60%

Raftæki



Allt að
-40%

Leikföng



Allt að
-50%

Heimilið



Allt að
-30%

Spil og púsl



Allt að
-40%

Heimilistæki

Singles' Day er hafinn.
heimkaup



Glatt var á hjalla á kosningavöku Kevins McCarthy, þingflokksleiðtoga Repúblikana á fulltrúadeildinni, sem vonast til þess að verða næsti forseti fulltrúadeildarinnar. Meirihluti hans kann þó að verða smár í sniðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Meirihluti vegur salt eftir þingkosningarnar

thorgrimur@frettabladid.is

BANDARÍKIN Ekki eru öll kurl komin til grafar eftir kosningar á Bandaríkjaþing sem haldnar voru á þriðjudag. Kosid var um öll sæti fulltrúadeildar þingsins og tiltekin sæti öldungadeildarinnar.

Kosningabaráttan litadist af málum eins og hárrí verðbólgu og rétti kvenna til þungunarrofs í kjölfar ákvörðunar Hæstaréttar landsins um að slíkur réttur væri ekki stjórnarskrárvarinn fyrir á árinu.

Í miðkjörtímabilskosningum er yfirleitt á brattann að sækja fyrir flokk sitjandi forseta. Flokkur forsetans tapar nær alltaf þingsætum og stundum er tapið svo mikið að talað er um rauðar eða bláar „flóðbylgjur“ eftir einkennislitum flokkanna. Þetta gerðist í fyrstu miðkjörtímabilskosningum bæði Baracks Obama og Donalds Trump árin 2010 og 2018, en þá töpuðu flokkar þeirra annars vegar 63 og hins vegar 41 sæti á fulltrúadeild þingsins.

Margir stjórnmálaskýrendur höfðu talið kjöraðstæður vera fyrir „rauðri flóðbylgju“ í kosningunum í ár. Joe Biden forseti nýtur ekki mikilla vinsælda og margir Bandaríkjamenn hafa þurft að líða fyrir háa verðbólgu á síðasta ári hans á forsetastól. Þótti því mörgum viðbúið að Demókrötum yrði refsað fyrir feilspor forsetans.

Niðurstöðurnar gefa hins vegar nokkuð blændari mynd. Kvöldið eftir kosningarnar hafði enn ekki verið skorið úr um það hvernig

línur verða dregnar í fulltrúadeild þingsins, þar sem Demókratar hafa nú nauman meirihluta. Töluverðar líkur eru á að Repúblikanar hafi þann meirihluta af þeim en það að ekki hafi enn verið skorið úr um það með öyggjandi hætti þykir til marks um það að rauða flóðbylgjan sem þeir vonuðust eftir hafi ekki skilað sér.

Niðurstöðurnar í öldungadeild þingsins eru enn tvísýnni. Eftir síðustu kosningar skipuðust sætin jafnt milli flokkanna og var hvor fyrir sig með fimmtíu þingmenn.

Þar sem Kamala Harris varaforseti fer með oddaþkvæði í öldungadeildinni þýddi þetta hins vegar að Demókratar voru með afar nauman meirihluta.

Enn er óljóst hvort Repúblikönunum tekst að hafa þann meirihluta af Demókrötum eða hvort Demókratar ná jafnvel að bæta við hann. Mun það ráðast af lokaniðurstöðum í Nevada, Arizona og Georgíu.

Áætlað er að blásið verði til annarrar umferðar í öldungadeildarkosningunum í Georgíu, en þar þarf hreinan meirihluta til að vinna. Hvorki Raphael Warnock, sitjandi þingmaður Demókrata í ríkinu, né Repúblikaninn Herschel Walker voru komnir með meirihluta greiddra atkvæða kvöldið eftir kosningarnar.

Því er hugsanlegt að íbúar Georgíu fái í reynd að kjósa um meirihlutann á öldungadeildinni í heild sinni þegar önnur kosningaumferð verður haldin þar í desember. ■

DeSantis með pálmann í höndunum

thorgrimur@frettabladid.is

BANDARÍKIN Þótt líta megi á kosningarnar í Bandaríkjunum í gær sem varnarsigur Demókrata eru þó vissir ljósir punktar í myndinni fyrir Repúblikana, sér í lagi í Flórída.

Ron DeSantis, ríkisstjóri Flórída, vann afgerandi endurkjör í ríkisstjórakosningum þar auk þess sem Marco Rubio hélt sæti sínu á öldungadeildarþinginu. Þykir þetta til marks um að Flórída, sem jafnan hefur verið talið „sveifluríki“ í bandarískum kosningum, sé í auknum mæli farið að halla sér að Repúblikönunum.

Gjarnan er lítið á DeSantis sem vonarstjórnu Repúblikanaflokksins og sem vænlegt forsetaefni í kosningum ársins 2024. Aðdáendur hans virtust gera sér grein fyrir þessu, því við siguræðu hans á kosninganótt kyrjuðu sumir þeirra „Tvö ár í viðbóti!“ Þótt kjörtímabilið sé fjögur ár því ef DeSantis býður sig fram til



Ron DeSantis vann afgerandi endurkjör sem ríkisstjóri Flórída og er með stærstu sigurvegurum kosninganna.

forseta og vinnur árið 2024 verður hann að sjálfsgöðu að segja af sér ríkisstjóraembættinu.

Donald Trump, fyrrverandi Bandaríkjaforseti, kann að hugsa DeSantis þegjandi þörfina. Trump hefur dregið litla dul á áhuga sinn á nýju forsetaframboði árið 2024 og hefur brugðist illa við hugmyndum um samkeppni um útnefningu Repúblikanaflokksins. ■

Lögreglan komin langt fram úr sér

lovisa@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Í dag verður farið fram á áframhaldandi gæsluvarðhald yfir tveimur meintum hryðjuverkamönnum. Mennirnir eru báðir á þrítugsaldri og hafa setið í varðhaldi í nærri sjö vikur. Sveinn Andri Sveinsson er lögmaður annars mannsins og segir að krafan sé gerð á grundvelli almannahagsmuna.

Hann segir að dómari hafi samþykkt áframhaldandi varðhald á þessum grundvelli fyrir tæpum fjórum vikum og að Landsréttur hafi samþykkt það.

„Þetta er sjálfstætt mat sem á sér stað í dag,“ segir Sveinn Andri.

Framkvæmt var geðmat á báðum mönnum en hann segist ekki geta tjáð sig um innihald þess að svo stöddu.

„Vegir dómstólanna eru órann-



Lögreglan lagði hald á mörg vopn þegar mennirnir voru handteknir.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI



Tveir menn hafa setið í sjö vikur í varðhaldi í hryðjuverkamálinu.

sakanlegir og það má alltaf vona það besta. Ég mun, og minn umbjóðandi, mótmæla þessu harkalega. Þetta er eins og einhver leikur sem gengur allt of langt. Lögreglan er komin langt fram úr sjálfri sér að okkar mati og það er óskandi að dómurinn sjái það raungerast,“ segir Sveinn Andri. ■



Niðurstaða starfshópsins var kynnt í gær, en þar kom meðal annars fram að meirihluti landsmanna er hlynntur gjaldtöku fyrir þjónustu og aðgengi að friðlýstum svæðum og þjóðgördum landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNÞÓRA

Margir landsmenn hlynntir gjaldi á friðlýstum svæðum

Starfshópur umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra kynnti í gær stöðu og áskoranir sem fylgja friðlýstum svæðum. Þar kemur fram að meirihluti landsmanna er hlynntur gjaldi fyrir aðgang á friðlýstum svæðum og þjóðgördum.

benediktarnar@frettabladid.is

NÁTTÚRUVERND Í Kaldalónssal í Hörpu í gær fór fram kynning á skýrslu starfshóps Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, um stöðu og áskoranir í þjóðgördum landsins og öðrum friðuðum svæðum.

Á Íslandi eru rúmlega 130 friðlýst svæði, þar af þrír þjóðgarðar og getur stjórnarfyrrkomulag á þeim verið með mismunandi hætti. Starfshópurinn var skipaður Árna Finnssyni, Guðrúnu Svanhvíti Magnúsdóttur og Sveinbirni Halldórssyni og var meginmarkmið þeirra að fá heildaryfirlit yfir málaflokkinn, meðal annars áætlanir um uppbyggingu innviða og skipulag stofnana sem reka svæðin.

„Náttúran og loftslagsmálin eru stóru þættirnir hjá mínu ráðuneyti. Þegar við eigum í loftslagsmálum þá megum við aldrei gleyma náttúrunni og líffræðilegri fjölbreytni,“ sagði Guðlaugur Þór um skýrsluna. Mikild hefði breyst á skömmum tíma.

„Sem er afskaplega jákvætt, það eru ekki bara útlendingar sem



Ég lit á þetta sem spennandi verkefni fyrir þjóðina til að vinna úr.



Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra

hingað koma til að njóta náttúrunnar, heldur líka Íslendingar sem njóta hennar í auknum mæli,“ bætti ráðherrann við.

Í skýrslunni voru taldir upp sautján lykilþættir sem varpa ljósi á helstu áskoranir í umhverfismálum á Íslandi. Þar á meðal er mikilvægi þess að samræma stjórnsýslu og skipulag þeirra stofnana sem reka friðlýst svæði, til að mynda með samstilltari gjaldtöku.

Að því er fram kemur eru töluvert fleiri Íslendingar hlynntir gjaldtöku fyrir þjónustu og aðgengi á helstu

ferðamannastöðum á friðlýstum svæðum og í þjóðgördum en ekki.

Starfshópurinn telur að þótt töluvert fjármagn renni til uppbyggingar innviða á friðlýstum svæðum sé enn þörf á að flýta slíkri uppbyggingu til að takast á við fjölgun gesta. Mikilvægt er að gæta að þolmörkum svæðanna, sem og þolmörkum á fjölda ferðamanna sem koma til að njóta náttúrunnar. Þá sé þörf á að kanna hvaða frekari leiðir séu færar til að stýra fjölda gesta á vinsælum áfangastöðum

Einnig telur hópurinn að mikilvægt sé fyrir stjórnvöld að yfirfara og skilgreina betur almannarétt í náttúruverndarlögum, en þar má finna ákvæði um rétt almennings til frjálstrar ferðar um landið. Oft hafa komið upp deilur um gildi almannaréttar þegar honum er beitt í atvinnuskyni.

„Ég lit á þetta sem spennandi verkefni fyrir þjóðina til að vinna úr og markmið okkar er að það sem við fáum að njóta, fái komandi kynslóðir að njóta líka. Þeir gestir sem hingað koma og vilja fá að upplifa það sem landsmenn geta daglega, að það verði aldrei þannig að náttúran beri skaða,“ sagði Guðlaugur Þór.

Athygli vekur að starfshópurinn tók enga afstöðu til áforma ríkisstjórnar um hálendisþjóðgarð, en ekki var sátt á meðal þingmanna stjórnarflokkanna um stofnun þjóðgarðsins sem kveðið er á um í ríkisstjórnarsáttmálanum. ■

NÝR RENAULT MEGANE E-TECH

100% rafmagn



Pantaðu tímanlega

Renault Megane E-Tech er spennandi 100% rafbíll með allt að 470 kílómetra drægni*. Hrein hönnun, hrein tækni og hrein tilfinning í rúmgóðum og snjallvæddum bíl sem er tilbúinn að flytja þig inn í framtíðina. Hafðu samband og við tökum einn frá fyrir þig.

Verð frá: **5.390.000 kr.**

FLEX leiguverð frá: 135.190 kr. á mánuði.

Miðað við 36 mánuði og 18 þ.km. á ári. Nánar á flex.is

5 ÁRA ÁBYRGÐ**

**Skilyrði fyrir ábyrgð eru að eigandi tryggi og kosti reglulegt þjónustueftirlit hjá viðurkenndum aðilum. Nánari upplýsingar á www.renault.is

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL sölumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Segjast ekki hafa ætlað að hindra frétt aflutning af brottvísun

gar@frettabladid.is

FJÖLMIÐLAR „Það var aldrei ætlun aðila að hefta störf fjölmiðla með nokkrum hætti,“ segir í sameiginlegri yfirlýsingu ríkislögreglustjóra og Isavia um aðgerðir á Keflavíkurflugvelli er fulltrúar RÚV reyndu að fylgjast með brottflutningi fimmtán hælisleitenda úr landi.

Komið hefur fram að starfsmenn Isavia hafi lagt sig í líma við að lýsa með sterkum ljósum á útsendara RÚV sem reyndu að fylgjast með því sem fram fór í gegn um flugvallargirðinguna er hælisleitendurnir voru fluttir úr landi í fylgd fjörutíu lögregluþjóna.

Í fyrstu sagði Isavia að um hefði verið að ræða hefðbundið verklag

”

Tilmæli voru ekki nægilega skýr og harma báðir aðilar að svo hafi verið.

en sú yfirlýsing var fljótt dregin til baka og sagt að gripið hefði verið til þessa bragðs að fyrimælum lögreglu og var atvikið harmað.

Nú er enn önnur útgáfa málsins komin fram í hinna sameiginlegu yfirlýsingu ríkislögreglustjóra og Isavia. Segir að lögregla hafi stjórn á framkvæmd slíkra aðgerða í samstarfi við starfsfólk á flugvælinum.

„Við yfirferð á framkvæmd aðgerðarinnar kom hins vegar í ljós að tilmæli voru ekki nægilega skýr og harma báðir aðilar að svo hafi verið,“ segir í yfirlýsingunni.

Ekkert kemur hins vegar fram í yfirlýsingunni um hvað það var sem aðgerðirnar umdeildu miðuðu að annað en að hindra störf fjölmiðla-manna. ■

Mæta ekki þótt hún þrábiðji

gar@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Niðurfelling greiðslna fyrir aukavaktir voru gagnrýndar á fundi Læknafélags Íslands með Willum Þór Þórssyni heilbrigðisráðherra í október.

Þetta kemur fram í Læknablað-



Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra

inu þar sem vitnað er til orða Stelli Rúnar Guðmundsdóttur, umsjónarlæknis með sérnámi á lyflækninga-sviði. Eftir að greiðslur fyrir aukavaktir hafi dottið út sé ekki hægt að manna aukavaktir. „Plís, plís mættu,“ sagðist hún biðja en starfsfólkið segi nei. ■

BHM kynnir áherslur fyrir kjaraviðræður

lovisa@frettabladid.is

KJARAMÁL Aðildarfélög BHM kynna sameiginlegar áherslur bandalagsins fyrir komandi kjaraviðræður í dag klukkan 9.30 á fundi í Grösku í Vatnsmýrinni. Þegar hafa stór félög eins og VR og Efling lagt fram kröfur sínar.

Á fundi BHM verður einnig kynnt ný skýrsla um rannsókn á virði menntunar á Íslandi í alþjóðlegum samanburði. Rannsóknin er unnin af Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Fundinum verður einnig streymt á vef BHM. ■

Audjofurinn Elon Musk keypti nýverið samfélagsmiðlafyrirtækið Twitter og í kjölfarið hafa skapast miklar vangaveltur um ástæður yfirtökunnar. Musk segist vilja hjálpa mannkyninu en fyrirtæki sem auglýsa sig á miðlinum eru uggandi.

helgisteinar@frettabladid.is

VIÐSKIPTI Elon Musk, eigandi Tesla og jafnframt ríkasti maður í heimi, bauðst fyrst til að kaupa samfélagsmiðilinn Twitter í apríl á þessu ári. Þá sagði Musk að Twitter þyrfti á ýmsum breytingum að halda og að hann væri lykillinn að því að opna fyrir alla þá möguleika sem fyrirtækið byggir yfir.

Daginn sem yfirtakan átti sér stað lýsti Musk því yfir að hann væri að kaupa Twitter til að hjálpa mannkyninu og vildi skapa heilbrigðan vettvang fyrir umræður.

„Twitter má ekki breytast í helvíti þar sem fólk segir hvað sem það vill án afleiðinga,“ skrifaði Musk á Twitter.

Audjofurinn lýsir sjálfum sér sem alræðismanni málfrelsis og var meðal annars mótfallinn því að Twitter bannaði Donald Trump, fyrrverandi forseta Bandaríkjanna, á miðlinum eftir að stuðningsmenn hans réðust á þinghúsið í Washington 6. janúar í fyrra.

Margir hægrisinnaðir stjórn-málamenn hafa fagnað yfirtökunni, þar á meðal öldungadeildarþingmaðurinn Ted Cruz sem sagði kaupin vera eina mikilvægustu þróunina í nútímabaráttu málfrelsis.

Elon Musk hefur einnig sagst vilja breyta samskiptamiðlinum í nýtt forrit sem hann kallar „X“. Smáforritið yrði hannað í anda kinnverska skilaboðaforritsins WeChat þar sem notendur „geta gert allt“ eins og Musk orðar það.

Auk þess að senda skilaboð væri



Í gegnum árin hefur það reynst stjórnendum Twitter erfitt að reka fyrirtækið með hagnaði.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

»

Tekjur af auglýsingum nema um 90 prósentum af heildartekjum Twitter.

einnig hægt að nota smáforritið til að panta mat eða leigubíl, greiða fyrir vörur, spila tölvuleiki og fara inn á heimabanka.

Málfrelsisyfirlýsing Elons Musk hefur hins vegar verið gagnrýnd eftir að nýi eigandinn ákvað að

banna alla eftirhermu-reikninga á Twitter.

Fljótlega eftir kaupin byrjuðu margir notendur að breyta Twitter-nafni sínu í „Elon Musk“ og þóttust vera hann til að geta gert grín að honum. Uppistandarinn Kathy Griffin var ein þeirra sem tóku þátt í þeirri herferð og var Twitter-aðgangi hennar lokað í kjölfarið.

Í gegnum árin hefur það reynst stjórnendum Twitter erfitt að reka fyrirtækið með hagnaði en samskiptamiðillinn reidir sig mikið á auglýsingatekjur sem nema í kringum 90 prósentum af heildartekjum Twitter.

Eftir yfirtökuna hafa hins vegar


Hvað er Twitter?

- Twitter er örbloggskerfi og netsamfélag sem stofnað var í mars 2006.
- Upprunalega hugmyndin var að hanna samskiptamiðil þar sem notendur gætu bloggað með 140 stafa smáskilaboðum.
- Stafafjöldinn var tvöfaldaður í 280 stafi árið 2017.
- Orðið „Twitter“ („tist“ á íslensku) vísar til hljóðanna sem fuglar gefa frá sér og ber stofnandinn Jack Dorsey það saman við samskiptamátann á miðlinum. Það er að segja, „litið óp af ómarkvissum upplýsingum“.
- Notendur geta deilt skilaboðum, myndum og myndböndum sín á milli.
- Twitter hefur verið lofað í gegnum árin fyrir að stuðla að samfélags- og pólitískum breytingum, en á sama tíma hafa margir notendur áhyggjur af skaðlegum skilaboðum sem flæða þar inn frá öfgahópum.

nokkur fyrirtæki ákveðið að hætta alveg að auglýsa þar sökum óvissu á miðlinum.

Fyrirtækin General Motors, Audi, Pfizer, General Mills, Volkswagen og United Airlines hafa öll sagt skilið við Twitter og óttast margir að hatursorðræða muni aukast til muna á miðlinum.

Samkvæmt rannsóknarhópnum Network Contagion Research Institute mældist 500 prósentu aukning á notkun „N-orðins“ fyrstu 12 tímuna eftir yfirtöku Elons Musk og hafði Montclair-háskólinn einnig rakið um 400 haturs-tist á klukkutíma, fjórfalt meiri en vikuna fyrir yfirtökuna. ■



„Tugthúsið er sérlega vel upp byggð saga, frásagnarstíllinn þjáll og grípandi og persónusköpun góð.“

PÁLL EGILL WINKEL / MORGUNBLAÐIÐ

„Mjög áleitin bók ... Rosalega fjörugt persónugallerí.“

EGILL HELGASON / KILJAN



Áhrifamikil skáldsaga eftir Hauk Má Helgason sem varpar nýju ljósi á lífið í Reykjavík á seinni hluta átjándu aldar.



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Virka daga 10–18 | Lau 11–17 | Sun 12–16 | www.forlagid.is

P R A G

icelandair.is

Gömul borg,
nýr áfangastaður

Við fljúgum allt að fjórum sinnum í viku til söguslóða í Prag frá og með 1. júní. Dásamlegir veitingastaðir á hverju horni innan um gamla kastala og litríka menningu.

Finndu þitt flug á icelandair.is.



Rússneski hershöfðinginn Sergej Súrovikin, flytur skýrslu um stöðu mála í Kherson fyrir nafna sinn Sergej Shojgu, varnarmálaráðherra Rússlands. Áætlað er að rússneskir hermenn muni hörfa frá Kherson-borg yfir fljótið Dnjepr á næstu dögum.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Úkraínumenn í Lviv í helgiathöfn við útför úkraínskra hermanna sem hafa látist í styrjöldinni.

Hildarleikurinn í Úkraínu heldur áfram

Ekkert lát er á átökum í Úkraínu þótt ákveðin festa hafi færst á víglínurnar á síðustu vikum. Í gær bar það helst til tíðinda að Rússar tilkynntu að þeir hygðust hörfa með herafila sinn frá borginni Kherson í suðvesturhluta landsins. Kherson er eina úkraínska héraðshöfuðborgin sem hefur fallið í hendur Rússa frá því að innrásin hófst og er jafnframt inni á því landsvæði sem Vladímír Pútín limaði formlega inn í rússneska sambandsríkið í september. Má því ætla að ákvörðun um að hörfa þaðan sé ekki tekin af geðþótta.

thorgrimur@frettbladid.is



Íbúar Kænugarðs biða á strætóstöð í niðamyrkri á mánudagskvöld. Rafmagnsleysi er orðið títt í úkraínskum borgum vegna árása Rússa á orkuinnviði landsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Jens Stoltenberg, framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins, fylgist með herþjálfun úkraínskra hermanna á Englandi. Bretar hafa boðist til að þjálfa um 19.000 úkraínska hermenn í næði fjarri vígstöðvunum í heimalandinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Rússneskir kommúnistar héldu upp á 105 ára afmæli rússnesku októberbyltingarinnar í Moskvu á mánudaginn. Þótt rússneski kommúnistaflokkurinn sé stjórnarandstöðuflokkur að nafninu til eru langflestir flokksmeðlimir einarðir stuðningsmenn innrásarinnar, enda er lítið á stríðið í Úkraínu sem nýja viðureign gegn nasisma.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



BAUHAUS®

OPNUNARTÍMAR

MÁNUDAGA-FÖSTUDAGA KL. 8:00-19:00
LAUGARDAGA KL. 10:00-18:00
SUNNU- OG HELGIDAGA KL. 10:00-18:00

Við eigum gjöfina fyrir feðradaginn

Eitt mesta úrval
landsins

RYOBI

One+ Bor-/skrúfvél 18V

R18PD3-242S Hámarks átak: 50Nm. 2ja gíra. 13 mm sjálfspennandi borpatróna. Með 24 þrepa stillingu. 1 x 2.0 Ah og 4.0 Ah rafhlaða og taska fylgir.

29.995.-

~~41.995.-~~



BAUHAUS
VIÐ
JÖFNUM
VERÐIÐ

NÁMARI UPPLÝSINGAR Á BAUHAUS.IS



metabo

Geirungssög

KGS 216 M. Með innbyggðu laserljósi. Hámskurðarbreidd í 90°/45°: 305/205 mm. Hámskurðardýpt í 90°/45°: 65/36 mm. Þvermál sagarblaðs: 216 x 30 mm.

31.995.-

~~42.995.-~~



45.995.-

~~56.995.-~~

cozze® Pizzuofn

Nettur pizzuofn til notkunar utanhúss 17", með innbyggðum hitamæli.
- Stærð, pizzuofn: 42,5 x 42,5 cm.
- Stærð, op að framan: 44,5 x 10,5 cm.
- Stærð, bakvið: þv. 42 cm



BOSCH Höggborvél

GSB 18V-45 höggborvél með kolalausum mótör. Hámarks hersla 45 Nm og 1900 snún./mín. Öflug 13 mm málm patróna. Létt og þægileg vél með aðeins 174 mm haus. 1 x 2,0AH 1 x 4,0 AH rafhlöður og beltaklema í L tösku fylgja með.

29.995.-

~~42.995.-~~

RYOBI

ONE+ 18V Garðsett

Inniheldur:

OLT1832 sláttuorfi

- Afl: 2,0 Ah

- Sláttubreidd: 25-30 cm

- Sjálfvirk þráðakerfi

OHT1855R hekkklippur

- Afl: 2,5 Ah

- Lengd á blaði: 55 cm

- Hámskurðargeta: 22 mm

One+ rafhlaða

- Afl: 2,0 Ah

- Lithium+ rafhlaða

35.995.-

~~44.995.-~~



STANLEY

Smíðabúkki

Sambrjótanlegur smíðabúkki sem er auðvelt að flytja. Stærð: 101,7 x 12,5 x 75,8 cm (L x B x H) Þolir allt að 350 kg.

9.995.-

~~14.995.-~~



GARDENA

Slöngubox 35 m

Festist á vegg með þeim fylgihlutum sem fylgja með. Útdráganleg slanga. Með vatnsbyssu.

26.995.-

~~29.995.-~~



Geneva 570 G gasgrill

2 brennarar. 9,7 kW. Grillsvæði: þv.45 cm. Snúanleg postulinsmáluð trekt. Lok með innbyggðum hitamæli. Með hliðarborðum sem hægt er að fella niður.

63.995.-

~~79.995.-~~



AVA Háprýstidæla

Master P60 Large Bundle. Hámsdæluþrýstingur 145 bór. Hámsvatnsflæði 500 l/kst. Háþrýstibysa, vatnssía, slöngutromla, 10 m stálstyrkt háþrýstislanga, túrbó stútur, 15° stútur, 20°/60° vario stútur, stillanlegt skaft og kvoðu brúsi fylgja

39.995.-

~~51.995.-~~



HÆÐ: 180 CM
BREIDD: 160 CM
DÝPT: 60 CM

350 kg

REGALUX

Hillueining XXL

Sterkbyggð, djúp, galvaniseruð hilla. 6 mm spónaplötuhillur. Hámarksburðarþol u.þ.b. 350 kg á hverri hillu við jafna álagsdreifingu.

19.995.-

~~39.995.-~~

Tilboðin gilda frá fimmtudeginum 10. nóvember til og með sunnudeginum 13. nóvember.

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2-4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - upplýsingar@bauhaus.is - www.bauhaus.is





Inga Henriksen og Árdís R. Einarsdóttir.

MYND/ADSEND

Smáforrit gegn ofbeldi tilnefnt til verðlauna

ggunnars@frettabladid.is

Smáforrit fyrir þolendur ofbeldis hefur verið tilnefnt til norrænna verðlauna sem einblína á konur í tæknigreinum. Stofnendur forritsins segja viðurkenninguna til marks um hve mikilvægt sé að þróa lausnir sem komi fórnarlömbum ofbeldis til aðstoðar.

Smáforritið Lilja app er fyrst og fremst hugsað sem forvörn gegn kynferðisofbeldi. Hugmyndin að baki Lilju varð í þriðja sæti í nýsköpunarkeppni Gulleggsins í byrjun febrúar.

Þær Inga Henriksen og Árdís R. Einarsdóttir, stofnendur Lilju, þekkja báðar heimilisofbeldi af eigin raun og segjast fyrst og fremst drifnar áfram af hugsjón.

„Við erum tilnefndar í flokki nýsköpunar og það er auðvitað ótrúlega mikil viðurkenning. Þýðir í raun að það sem við erum að gera skiptir máli,“ segir Inga.

”

Það skortir fleiri tæknilausnir sem miða að því að uppræta ofbeldi og hjálpa þolendum.

Árdís R. Einarsdóttir, stofnandi Lilju apps

Árdís bætir við að þetta sé í takt við mikinn áhuga sem þær hafi fundið síðustu vikur og mánuði.

„Þar spilar auðvitað inn í að það eru ekki til nein bjargráð eins og Lilja í heiminum. Fyrir þolendur ofbeldis. Verkefnið sem við erum að kynna og þróa er miklu stærra en appið sjálft. Þessi viðurkenning staðfestir líka það sem við þegar vitum. Það skortir fleiri tæknilausnir sem miða að því að uppræta ofbeldi og hjálpa þolendum,“ segir Árdís.

Þær segja tímabært að við horfumst í augu við afleiðingar ofbeldis og að frumkvöðlar og fjárfestar horfi til tæknilausna sem ráðist að rótum samfélagslegra vandamála.

„Við tókum þátt í Gullegginu og svo í Evrópska leiðtogaskólanum fyrir konur. Þá má eiginlega segja að boltinn hafi byrjað að rúlla fyrir alvöru,“ segir Inga.

Árdís segir þær stöllur koma alveg nýjar inn í þennan frumkvöðlaheim og því hafi síðastliðið ár verið ákaflega viðburðaríkt.

„Við erum nú bara á leiðinni upp í flugvél í þessum orðum töluðum,“ bætir Inga við.

„Til að taka þátt í verðlaunaafhendingu á vegum Nordic Women in Tech. Við vitum í raun ekkert hvað við erum að fara út í. Annað en að þarna verða fleiri ótrúlega öflugar konur frá Íslandi sem eru að láta til sín taka í tæknigeiranum og nýsköpun.“ ■

Skuldug hagkerfi þola illa háa vexti

Íslenskur hlutabréfamarkaður hreyfist í vaxandi mæli í takt við erlenda markaði með fjölgun skráðra fyrirtækja og fjárfesta. Staðan í hagkerfinu hér er betri en annars staðar en samt litur út fyrir að hluti heimila standi höllum fæti og geti átt í erfiðleikum með að ná endum saman.

olafur@frettabladid.is

Miklar breytingar hafa orðið á íslenskum hlutabréfamarkaði undanfarin fjögur ár. Í Markaðnum í gær kom fram að fjöldi almennra fjárfesta hefur næstum fjörfaldast frá 2018, auk þess sem erlendir vísitölusjóðir eru nú komnir með íslensk hlutabréf í eignasöfn sín vegna flokkunar FTSE.

Vignir Þór Sverrisson, fjárfestingastjóri hjá Íslandssjóðum, segir stóru breytinguna sem orðið hafi undanfarin ár vera fjölgun fyrirtækja sem eru skráð á markað. Það sé til hagsbóta fyrir fjárfesta. Frá árinu 2012 hafi að jafnaði verið tvær til þrjár nýskráningar á aðallista kauphallarinnar á ári, auk þess sem First North markaðurinn hafi tekið við sér undanfarið. Flokkunin hjá FTSE fjölgar leikendum á þessum markaði sem ætti að leiða til meiri veltu og betri verðmyndunar á markaði að hans mati.

„Stærsta breytingin á undanförnum tveimur til þremur árum er þó fjölgun þeirra einstaklinga sem eiga í hlutabréfum á markaði beint í kjölfar vel heppnaðra útboða undanfarin ár sem hefur aukið við flóru þeirra bréfa sem eru í boði í kauphöllinni,“ segir Vignir.

Hann bætir við að eftir vaxtalækkanir hafi almennir fjárfestar á síðasta ári fært sig í nokkrum mæli úr skuldabréfum yfir í dreifð eignasöfn eða jafnvel hlutabréfasjóði. „Þetta er eðlilegt í lágvaxtaumhverfi þar sem bankareikningar og skuldabréf skila lágum vöxtum. Í raun stuðlar lægra vaxtastig að aukinni áhættutöku og við sjáum þetta á öllum mörkuðum í heiminum.“

Eftir frábært ár í fyrra hafa hlutabréf lækkað í verði á þessu ári og Vignir segir nú koma í ljós hvert raunverulegt áhættuþol fjárfesta er. Hlutabréf séu í eðli sínu áhættufjár-



Íslenski hlutabréfamarkaðurinn hreyfist í vaxandi mæli í takt við alþjóðlega markaði.

MYND/ADSEND

”

Við glímum hins vegar ekki við verðbólgu á sama tíma og samdrátt hagkerfa eins og Bretland, Evrópa og Bandaríkin.



Vignir Þór Sverrisson, fjárfestingastjóri hjá Íslandssjóðum

festing sem sveiflast í verði og ekki allra að höndla þær sveiflur.

Vignir segir yfirstandandi ár hafa verið mjög krefjandi á fjármálamörkuðum þar sem lítið sem ekkert skjól hafi verið í neinum eignaflokkum.

„Vextir eru að hækka í nánast öllum heiminum og ávöxtunarkrafa skuldabréfa hefur hækkað mikið í Evrópu og Bandaríkjunum. Við þetta bætist að verðbólgan hefur hækkað mikið og 12 mánaða taktur er víða á bilinu 8-12 prósent,“ segir Vignir sem segir það þó jákvætt að verð á mörgum hrávörum hafi náð ákveðnu jafnvægi.

Hann segir að þótt seðlabankar heimsins hækki nú vexti til að ná niður verðbólgu bjóði skuldsetning hagkerfa heimsins ekki upp á að vextir séu mjög háir í langan tíma.

Vignir Þór segir stöðuna hér á landi almennt vera betri en víðast annars staðar en vandamálin séu þó þau sömu. „Vegna lágra vaxta hækkaði fasteignaverð verulega hér eins

og annars staðar. Við glímum hins vegar ekki við verðbólgu á sama tíma og samdrátt hagkerfa eins og Bretland, Evrópa og Bandaríkin. Við munum þó finna fyrir innfluttri verðbólgu áfram.“

Vignir bendir á að í hagtölum Seðlabankans komi fram að innlán heimila aukist enn verulega á sama tíma og yfirdráttarlán aukast. „Af þessu má draga þá ályktun að hluti heimila gæti átt í vandræðum með að ná endum saman. Þetta kemur betur í ljós í vetur.“ Hann bætir því við að einn óvissuþáttur inn í veturinn snúi að kjarasamningum og hvaða lending náist þar.

Í ljósi ofangreinds segir Vignir Þór það ekki undarlegt þótt krefjandi tímar séu á verðbréfamörkuðum og ætti því ekki að koma á óvart að markaðurinn hér heima lækki í takt við aðra markaði. „Við höfum séð aukna fylgni við erlenda markaði og búast má við að svo verði áfram,“ segir Vignir Þór Sverrisson hjá Íslandssjóðum. ■

Stærsta flugvél allra tíma öðlast nýtt líf

heligsteinar@frettabladid.is

Úkraínski flugframleiðandinn Antonov hefur staðfest að stærsta þota heims, Antonov AN-255, sem eyðilagðist í árás Rússa á flugvelli skammt frá Kænugarði, verði endursmíðuð. Talsmenn Antonov tilkynntu síðastliðinn mánudag að verkefnið og hönnunarferlið væri nú þegar hafið.

Fyrirtækið áætlar að viðgerðarkostnaðurinn verði í kringum 500 milljónir evra og lofar að veita frekari upplýsingar um framtíð vélarinnar „eftir sigurinn“.

Antonov-þotan var eyðilögð í árás Rússa þann 27. febrúar síðastliðinn þar sem hún sat á heimaflugvelli sínum í Hostomel í um 25 kílómetra fjarlægð frá höfuðborginni Kænugarði. Á þeim tíma voru yfirvöld fljót að lýsa því yfir að þau ætluðu sér að endursmíða flugvélinu og að draumurinn myndi aldrei deyjá.

Fyrirtækið hefur ekki staðfest núverandi ástand vélarinnar en segir að það sé með 30 prósent af þeim varahlutum, sem þarf til að smíða nýja þotu, í höndunum. Antonov stendur ekki eitt á bak við verkefnið en úkraínska frumkvöðlafyrirtækið Metal Time selur



»

Fyrirtækið áætlar að viðgerðarkostnaðurinn verði í kringum 500 milljónir evra.

nú flugvélarlíkón af AN-255 vélinni á heimasíðu sinni til að safna peningum fyrir smíðinni, þjálfun flugmanna og húsnæði fyrir starfsmenn fyrirtækisins sem misstu heimili sín í innrásinni.

Flugvélin var kölluð Mriya, eða Draumurinn, og upphaflega

smíðuð á níunda áratugnum til að bera geimskutlur Sovétríkjanna á bakinu. Ekkert varð úr þeim áformum. Þess í stað var ákveðið að nýta vélina frekar í fraktflutninga en vélin gat borið tvöfalt stærri og þyngri farma en flugvél af gerðinni Boeing 747. ■

Úkraínska Antonov AN-255 þotan var eyðilögð í orustunni um Hostomel-flugvöll.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

CINTAMANI

Kóði: 1111

25% af öllum vörum

*ekki afsláttur af ANDA og SKAFBYL

SINGLES DAY

11.11 - á miðnætti

25%

af öllum hjólum

GAP

gap.is & Faxafen 7



25% afsláttur af öllum vörum í netverslun

adidas.is



Listin blómstrar



Sigmundur Ernir
Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Það má heita svo að þegar foldarskartið fölnar fer listin að blómstra – og raunar sem aldrei fyrr eftir pestar-fárið sem drap allt í dróma á menningarsviði landsmanna um tveggja ára skeið, en kvölin sú arna bitnaði raunar öðru fremur á listafólki landsins sem tapaði margt hvert lífsviðurværi sínu um langa hríð.

En nú er listin vöknud af löngum dvala og lætur til sín taka í allri sinni fjölbreytni og margskreytni, en fyrir vikið eru landsmenn enn og aftur minntir á meginhlutverk hennar, að hrifa fólk, snerta það, gleðja og gefa því tækifæri til að fara út fyrir hversdagslega rammann sem bindur það gjarnan á klafa vanans.

Það er brýnt að viðurkenna mikilvægi menningarlífsins. Ekki einasta glæðir það lífið í landinu og gerir það eftirsóknarvert heldur veitir það þúsundum manna atvinnu. Fáar ef nokkrar aðrar atvinnugreinar leiða af sér jafn mörg önnur störf en vinna listamanna, en samfélagið sem er andlag þessa alls er bæði gefandi og kraftmikið.

Menningarlífið í landinu, í allri sinni mynd, er ekki aðeins einn skýrasti spegill þjóðarsálarinnar og endurvarpar þess bestu mynd, heldur er það orðið að einni meginstöðanna í íslensku atvinnulífi. Og til þessa er einmitt horft af þeim fjölda fólks sem kemur hingað til lands á hverju ári til að njóta sín á norrænu eyjunni: menningin skiptir þar sköpum ásamt náttúrunni. Gestsaugað glögga sér nefnilega kraftinn í hvoru tveggja – og einstakan sköpunarmáttinn.

Kannski er það eitthvað í útnáranum og nesjamenskunni sem gerir það að verkum að Íslendingar eru upp til hópa listamenn, ef ekki í kórum og á leiksviði, þá við ljóðagerð og sagnaskrif, tónsmíðar og hljóðfærslátt, svo og myndlist af öllu tagi. Atorkan og dugurinn á þessu sviði er svo mikill að ekki verður við aðrar og fjölmennari þjóðir jafnað að framtaki og framleiðslu.

Því er það næsta nóturlegt að heyra reglulega niðurriðsumræðu nokkurra íhaldsmanna sem leggja svo mikla fæð á íslenskt listalíf að þeir vilja ræna það öllum stuðningi. Þeir sjá ofsjónum yfir þeim örfáu aurum sem renna til menningarlífsins úr sjóðum hins opinbera á meðan þúsundkallarnir rata sína vanalegu leið til gamalgrönu atvinnuveganna í landbúnaði og sjávarútvegi.

Í augum afturhaldsins á ekkert jafnvægi að ríkja á milli atvinnugreina í þessum efnun. Enn um sinn skulu forréttindin vernduð – og annað má eiga sig. ■

■ Halldór



■ Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

Nýr bill

Athyglisverð og nokkuð óvana-leg umræða hefur komið upp um nauðsyn þess að lögreglan komi sér upp almennilegum bíl til að handtaka fatlað fólk. Nýlegar myndir af laganna vörðum hrifsa mann í hjólastól í skjóli næturskýna, svo ekki verður um villst, að núverandi bílar eru alltof þröngir til að löggan geti tekið í afturendann á fötluðu fólki, svo vel sé, og komið því með tilhlýðilegum hætti inn í Svörtu Maríu. Það er enginn bragur á því að handsama lamaða og troða þeim svo inn í næsta bíl – og því er bara að opna budduna og kaupa kálf sem rúmar svona handtökusenur.

Nýr markhópur

Ætla má að hér sé kominn nýr markhópur í vinnuumhverfi lögreglunnar á Íslandi, enda má öruggt heita að flóttafólki héðan og þaðan úr heiminum eigi eftir að fjölga hér á landi til muna á næstu árum og áratugum vegna stríðsátaka, mannréttindabrota, flóða og langvarandi þurrka af völdum hlýnunar jarðar. Þá er næsta víst að fólki með margvislegar fatlanir muni fjölga í þeim hópi – og eitthvað af því þarf að senda til baka með hervaldi, eins og dæmin sanna. Já, rúm-góður kálfur er málið, gott ef ekki lausnin. ■

ESB og velferðarkerfið



Þorgerður Katrín
Gunnarsdóttir
formaður
Viðreisnar

Það hefur ekki farið fram hjá mér fremur en öðrum að innan Samfylkingarinnar jafnt sem utan eru skiptar skoðanir um það hvort aðild að Evrópusambandinu er enn á dagskrá flokksins.

Óvissan stafar af því að í samþykktum landsfundar Samfylkingarinnar er ítrekuð sterk og afdráttarlaus afstaða með aðild og þjóðaratkvæði, en nýr formaður hefur hins vegar tilkynnt að hún muni ekki flytja það mál. Velferðarmálin, sem litill ágreiningur er um, munu taka allan umræðutíma Samfylkingarinnar næstu árin.

Ég á erfitt með að sjá að Samfylkingin hafi breytt um stefnu. Helsta breytingin er sú að við myndun næstu stjórnar verður Viðreisn eini flokkurinn, sem setur aðild á dagskrá slíkra viðræðna. Til að styrkja þá mál-efnastöðu bjóðum við Evrópusinna í öllum flokkum velkomna.

Við stjórnarmyndun 2017 fengum við, ásamt Bjartri framtíð, Sjálfstæðisflokkinn til þess að fallast á að undir lok þess kjörtímabils gæti Alþingi tekið afstöðu um aðildartillögu. Stjórnin sprakk áður en til þess kom. En þetta sýnir að Viðreisn hefur náð árangri í erfiðum stjórnarmyndunarviðræðum með þetta stóra hagsmunamál þjóðarinnar.

Við erum þegar aðilar að stórum hluta ESB. Umbrotin í heiminum hafa hins vegar gert það að verkum að aldrei hefur verið brýnna fyrir Ísland að styrkja pólitíska stöðu sína með fullri aðild, jafnt með tilliti til öryggis, efnahags sem loftslags.

Það eru engar trúverðugar skyndilausnir í boði. Við þurfum að hafa langtímahugsun að leiðarljósi. Velferðarkerfið þarfnast bæði skipulagsbreytinga og aukins fjármagns. Almennar skattahækkningar eru aftur á móti ekki lausnin að minnu mati.

Ríkissjóður eyðir tvöfalt hærra hlutfalli útgjalda sinna í vexti en grannþjóðirnar verja til varnarmála. Vaxtagjöld eru þriðji stærsti fjárlagaliðurinn. Lítill von er til þess að við getum aukið svigrúm velferðarkerfisins nema að ná þessu hlutfalli niður á sama stig og á öðrum Norðurlöndum. Það kallar á langtímahugsun og nauðsynlega kerfisbreytingu í gjaldmiðilsmálum.

Aðild að ESB er þannig veigamikill þáttur í lausninni á vanda velferðarkerfisins næsta áratug. ■



Ríkissjóður
eyðir tvö-
falt hærra
hlutfalli
útgjalda
sinna í
vexti en
grannþjóð-
irnar verja
til varnar-
mála.

„Vildi að ég gæti
átt **venjulegan**
fimmtudags-
morgun með
fjölskyldunni“



ljosisid.is/ljosavinur

Borgaraleg pólitík í tómarúmi

Af Kögunarhóli



Þorsteinn Pálsson

VG hélt flokksráðsfund í haust og Sjálfstæðisflokkur landsfund um liðna helgi. Þögnin um stærstu málin, sem blasa við almenningi og atvinnulífi, var á báðum fundunum meira áberandi en það sem ályktað var. Sú þögn sýnir hvernig frjálslynd, hófsöm og klassísk borgaraleg pólitík hefur gufað upp í stjórna-samstarfinu og vinstri pólitíkin er föst í blindgötu.

Orkuöflunin
Fyrir liggur að tvöfalda þarf orkuöflun ef markmið stjórnar-sáttmálans um græna iðnbyltingu og full orkuskipti á næstu sautján árum eiga að nást. Sjálfstæðisflokkurinn hefur farið með orkumálin í níu ár án þess að setja fram tímasetta áætlun um orkuöflun. Þetta er eitt af helstu viðfangs-efnum þjóðarinnar á næstu árum. Hvorugur þessara tveggja höfuð-flokka ríkisstjórnarinnar notaði þessa fundi með grasrótinni til

þess að ræða og knýja á um skýra stefnu á þessu sviði. Leiðtogar beggja flokka láta duga að segja þjóðinni að njóta þeirra ákvarðana um hitaveitur og stórvirkjanir sem teknar voru fyrir áratugum.

Þvingunarlögin
Sú ákvörðun ríkisstjórnarflokka-anna að færa ábyrgð ríkissjóðs vegna ÍL-sjóðs yfir á lífeyrisþega og sparifjáreigendur minnir á þá aðferðarfræði við fjármála-snúninga á einkamarkaði, sem afhjúpaðist í hruninu og er enn fyrir dómstólum. Um leið er ákvörðunin ein-hver mesta atлага stjórnvalda að sparnaði sjálfstæðrar millistéttar í landinu frá því hann brann óverð-tryggður upp í 80 prósent verð-bólgu. Ríkisstjórnin ætlar að afgreiða þvingunarlögin fyrir júl. Aðgerðin hefur því augljóslega verið lengi í undirbúningi. Samt var hún ekki kynnt fyrir flokksráði VG. Hitt er þó enn eftirtektarverðara að þingflokkur sjálfstæðismanna óskaði ekki eftir stuðningi lands-fundar við væntanleg þvingunar-lög. Sennilega eru þau ekki nógu lystaukandi til að bera á borð í lýðræðisveislu.

Heilbrigðisáætlunin
Heilbrigðismálin hafa verið í uppnámi öll fimm árin, sem ríkis-stjórnin hefur setið. Fyrir þremur árum náði hún þó samstöðu með



stjórna-randstöðunni um heilbrigð-isáætlun til 2030 og enn fremur um krabbameinsáætlun til sama tíma. Þessi plögg eru hins vegar dauður bókstafur ofan í skúffu. Ástæðan er sú að hvorug áætlunin hefur verið tengd við fjármála-áætlun og hvorug þeirra hefur verið tímasett. Hvorki VG né Sjálfstæðisflokkur-inn sáu ástæðu til að ræða og álykta um mikilvægi þess að tengja þessar áætlanir við veruleika fjár-málaáætlunar.

Skuldavandinn
Vaxtagjöld ríkissjóðs eru tvöfalt hærra hlutfall af þjóðarframleiðslu en hjá skuldugustu ríkjum Evrópu og fimmfalt hærri en á öðrum Norðurlöndum. Þetta er helsta ástæðan fyrir fjárhagsþrengingum

heilbrigðiskerfisins. Vaxtaálag á skuldabréf ríkissjóðs er verulega hærra en í Bretlandi. Það heitir jafnvægi hér en Bretar telja það til marks um að þeir séu á bjargbrúninni. Orkuverðið hefur risið upp í himinhæðir í grannlöndunum meðan það er óbreytt hjá okkur. Samt er verðbólgan jafnhá hér. Atvinnulífið gagnrýnir ríkis-stjórnina fyrir að kynda undir verðbólgu með of litlu aðhaldi og að færa skuldavandann yfir á næstu ríkisstjórn. Engar umræður fóru fram á fundum flokkanna tveggja um þennan grundvallarvanda í þjóðarbúskapnum, fyrir utan lof-orð fjármálaráðherra um umtals-verða skattalækkun án lækkunar útgjalda.

Samkeppnisvandinn
Í vor birti Viðskiptaráð vandaða alþjóðlega samanburðarkönnun svissnesks háskóla, sem sýndi að Ísland situr verulega fyrir neðan önnur Norðurlönd á listanum. Þegar kemur að samkeppnis-hæfni í alþjóðaviðskiptum og erlendri fjárfestingu situr Ísland í botnsætunum. Þetta veikir þekk-ingariðnaðinn og stöðu lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Enginn bjóst við að þessi alvar-lega staða yrði rædd á flokksráðs-fundi VG. En það kom verulega á óvart að landsfundur Sjálfstæðis-flokksins lét eins og vandinn væri ekki til.

Sóknarfærin
Kjarni málsins er sá að stærstu óleystu grundvallarmál sam-félagsins eru í kyrrstöðu á borði ríkisstjórnarinnar og þau eru ekki í alvöru sett á dagskrá þegar ráð-herrarnir leita eftir málefnalegu umboði hjá grasrótinni. Hlutleysi milli VG og Sjálfstæðis-flokks hentar Framsókn vel. Samfylkingin ákvað svo á ný-afstöðnum landsfundi að kjarna málflutning sinn um skattahækk-anir til að leysa velferðarvandann og ganga þannig út úr þeirri blind-götu með vinstri pólitíkina, sem VG hefur fest hana í. Tómarúm frjálslyndrar, hóf-samrar og klassískrar borgaralegr-ar pólitíkur við ríkisstjórnarborðið skapar aftur sóknarfæri fyrir Við-reisin á komandi landsfundi. ■

NOTAÐIR LÚXUSBÍLAR

SÝNINGARSALUR - HESTHÁLSI 6



JAGUAR I-PACE EV320 SE

Nýskr. 7/2021, ekinn 6 þús. km, rafmagn, sjálfskiptur.

Verð: 10.490.000 kr.

Rnr. 149047.



JAGUAR I-PACE EV400 HSE

Nýskr. 7/2019, ekinn 32 þús. km, rafmagn, sjálfskiptur.

Verð: 9.590.000 kr.

Rnr. 421047.



RANGE ROVER VOGUE P400e

Nýskr. 8/2019, ekinn 40 þús. km, bensín/rafmagn, sjálfskiptur.

Verð: 15.990.000 kr.

Rnr. 334196.



RANGE ROVER Sport HSE Dynamic P400e

Nýskr. 4/2019, ekinn 114 þús. km, bensín/rafmagn, sjálfskiptur.

Verð: 10.890.000 kr.

Rnr. 149457.



LAND ROVER Discovery Sport 150d

Nýskr. 5/2020, ekinn 23 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

Verð: 8.390.000 kr.

Rnr. 149446.



JAGUAR F-PACE 180d Portfolio

Nýskr. 3/2019, ekinn 44 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

Verð: 7.990.000 kr.

Rnr. 148334.

APPROVED
CERTIFIED PRE-OWNED

Allir bílar sem merktir eru **APPROVED** hafa farið í gegnum gæðiferli notaðra Jaguar og Land Rover bíla. Sjón er sögu ríkari – komdu í reynsluakstur strax í dag.

JAGUAR - LAND ROVER
Hestháli 6-8 / 110 Reykjavík
525 6500 / jaguarlandrover.is

Nýjar áskoranir kalla á nýjar lausnir

Anders Eriksson

formaður norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar

Stein Erik Lauvås

varaformaður norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar

Kristina Háfoss

framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs

Norðurlandaráð kom saman í Helsingfors í lok október og fagnaði 70 ára gjöfulu samstarfi, en markaði um leið stefnuna fyrir næstu 70 ár. Norðurlönd eru allt annar staður í dag en þau voru árið 1952, en eitt atriði er óbreytt: lítill ríki eru sterkari saman. Við græðum líka mest á því að þróast saman.

Nú þegar Finnar eru gestgjafar Norðurlandaráðsþings er það í skugga óróatíma fyrir stöðu öryggismála heimsins. Umsóknir Svía og Finna um aðild að NATO opna möguleika á fleiri sviðum norræns samstarfs. Nú er það bara eitt svið sem út afstendur: innviðamál.

Við á Norðurlöndum lítum á okkur sem brautryðjendur í hinum grænu umskiptum. Norrænu forsætisráðherrarnir hafa einnig sett fram þá framtíðarsýn að Norðurlönd verði sjálfbærasta og samþætta svæði heims. Forsætisráðherrarnir hafa það að markmiði að minnka koltvísýringslosun okkar um 50% fyrir árið 2030.

Það eru háleiti markmið en orðin ein duga ekki til. Bretta þarf upp ermarnar ef þessi markmið eiga að nást.

Í formennskuáætlun Noregs í Norrænu ráðherranefndinni árið 2022 stendur eftirfarandi: Í tengslum við Framtíðarsýn 2030 er nauðsynlegt að efla samstarf í samgöngumálum enn frekar. Á formennskutíma Noregs verður

leitast við að koma á fót varanlegu og markvissu norrænu samstarfi í samgöngumálum.

Á komandi formennskuári sínu í Norðurlandaráði vill Noregur fylgja þessu eftir og skrifar í formennskuáætluninni fyrir árið 2023: „Norðurlönd eiga að vera í fararbroddi hvað varðar endurnýjanlega orku, í lofti, á láði og legi. Sinna þarf innviðum á milli Norrænu landanna. Þetta eru forgangsverkefni formennskuáætlunar Noregs árið 2023. Við viljum ráðherranefnd um innviði sem vinnur að grænum lausnum í flutningageira og auknum hreyfanleika.

Fyrrum varnarmálaráðherra Finnlands, Jan-Erik Enestam, gerði skýrslu fyrir Norrænu ráðherranefndina þar sem hann bendir á að aukið samstarf um innviði sé grundvallaratriði fyrir aðfangaöryggi í sífellt róstusamari heimi.

Norðurlandaráð hefur í bráðum fjögur ár beitt sér fyrir því að norrænu ríkin skuli auka samræmingu á stórum verkefnum á sviði innviða í sérstakri ráðherranefnd um innviði hjá Ráðherranefndinni í Kaupmannahöfn.

Betri samhæfing er grundvöllur þess að Norðurlönd nái markmiðum forsætisráðherranna fyrir árið 2030. Þau markmið krefjast samhæfðrar stefnumótunar á milli norrænu landanna svo hægt sé að skapa sjálfbærar lausnir fyrir flutninga á sjó, í lofti og á landi. Hér er átt við rafvæðingu hafna og siglinga, rafvæðingu loftfara, sjálfbæra vöruflutninga og norræna áætlun um háhraðalestir.

Í byrjun nóvember hittust norrænir ráðherrar samgöngumála á óformlegum fundi. Það er von Norðurlandaráðs að ráðherrarnir vilji taka þátt í hinu norræna samstarfi með formlegri hætti. Við skulum saman efla þann samkeppnishætti sem býr í norrænu samstarfi. ■



Einelti tekið á sálfræðinni



Sóley Dröfn Davíðsdóttir
yfirsálfræðingur
við Kvíðameðferðarstöðina

Þegar ég var í framhaldsnámi í sálfræði skrifaði ég ritgerð um leiðir sálfræðinnar til að uppræta einelti. Ég lá yfir rannsóknunum á sviðinu og varð nokkurs vísari. Þegar ég heyri af alvarlegum eineltismálum spyr ég mig hvort þessi þekking hafi komist til skila. Mér er málið hugleikið því margir sem leita sér meðferðar við kvíða og þunglyndi á fullorðinsárum hafa orðið fyrir einelti í æsku. Þeir sem leggja aðra í einelti eru auk þess mun líklegri en aðrir að leiðast út í vímuefnaneyslu og afbrot. Tilhneigingin til að ganga á rétt annarra heldur áfram að verða mörgum þeirra til óþurftar fram á fullorðinsár. Á grundvelli þess sem ég hef lært, meðal annars af skrifum Dans Olweusar, miklum fræðimanni á sviðinu, fara hér fimm ráð til að draga úr einelti. Margir skólar og foreldrar eru vafalaust til fyrirmyndar í þessum efnum en þó er oftast svigrúm til framfara.

1. Skýr stefna skólans

Skóli þarf að marka sér skýra stefnu í eineltismálum og kynna stefnuna fyrir foreldrum. Mikilvægt er að einn einstaklingur innan skólans beri ábyrgð á að stefnunni sé framfylgt og fundi reglulega með eineltisteymi skólans. Teymið kemur kennurum til aðstoðar þegar upp koma eineltismál, fylgir málum eftir og metur árangurinn. Umbuna þarf kennurum sérstaklega fyrir að leggja á sig aukna vinnu á þessu sviði. Annars er hætt við að þeir gefist smám saman upp enda hafa þeir í mörg horn að lita.

2. Kannanir meðal nemenda

Innan við helmingur nemenda sem lagðir eru í einelti greina fullorðnum frá ástandinu. Því er mikilvægt að leggja nafnlausar kannanir fyrir með reglulegu millibili þar sem nemendur eru beðnir um að tilgreina gerendur og þolendur eineltis. Nemendur þurfa að geta treyst því að svörin verði ekki rakin til þeirra persónulega.

3. Bekkjarreglur um einelti

Kennarar og nemendur koma sér saman um örfáar reglur um einelti í bekknum. Dæmi um slíkar reglur sem eru:

- Við leggjum aðra nemendur ekki í einelti.
- Við hjálpum nemendum sem lagðir eru í einelti.
- Við sjáum til þess að enginn sé skilinn út undan.

Mikilvægt er að reglurnar taki líka á óbeinu einelti, sem sé útilokun frá hópnum. Nemendur mega gjarnan taka þátt í því að ákvarða viðurlög við brot á reglunum. Viðurlögin þurfa að hafa tilætluð áhrif, þ.e. vera eitthvað sem nemendum þykir virkilega leiðinlegt eins að sitja fyrir framan skrifstofu skólustjóra í frímínútum eða sitja kennslustund með yngri nemendum. Mikilvægt er að hluti viðurlaga sé að foreldrar verði upplýstir um stöðuna svo þeir fái færi á að taka á málum heima fyrir. Fylgja þarf viðurlögum eftir í öllum tilvikum, að öðrum kosti læra börnin að ekkert sé að marka hótanirnar. Gerendur þurfa nefnilega sjaldnast að taka afleiðingum eineltisins og finnst oft að eineltið styrki stöðu þeirra meðal félaga, auki sjálfstraust þeirra og dragi úr neikvæðni annarra í garð þeirra. Þeir fá oft athygli, aðdáun og óttablandna virðingur félaganna, auk þeirra forréttinda sem því fylgir að vera foringjar hópsins. Því er kjarninn í flestum inngripum við einelti að fyrirbyggja að gerendum sé umbunað með þessum hætti fyrir eineltið. Koma þarf þeim skilaboðum áleiðis að það sé „zero tolerance“ fyrir einelti.

4. Æskileg hegðun styrkt

Fræða þarf börn um afleiðingar eineltis því þau hafa ekki þroskann til að skilja til fulls afleiðingar eigin gjörða. Þetta má gera með því að sýna myndbönd í tímum um einelti og ræða eftir á. Koma þarf því til skila að það að gripa ekki inn í einelti sé þátttaka í eineltinu. Æfa má með hlutverkaleikjum hvað eigi að gera og segja þegar orðið er vitni að einelti en við erum líklegri til að bregðast rétt við höfum við æft það fyrir fram. Svo þarf að verða þolendum eineltis úti um bandamenn innan skólans. Er þá samið við nokkra nemendur sem hafa sterka



Fræða þarf börn um afleiðingar eineltis því þau hafa ekki þroskann til að skilja til fulls afleiðingar eigin gjörða.

félagslega stöðu að standa með viðkomandi þegar á reynir. Hrósa þarf nemendum markvisst fyrir vingjarnlega og hjálplega hegðun og fyrir að fylgja bekkjarreglunum, til dæmis að eiga frumkvæði að því að draga einangraða nemendur inn í leikinn. Til dæmis má láta nemendur halda dagbók þar sem þeir skrá hjá sér það sem þeir eru stoltir af í samskiptum yfir daginn, og fá svo hrós fyrir. Sérlega mikilvægt er að hrósa árásgjörnum nemendum fyrir að bregðast ekki við með einelti í aðstæðum þar sem þeir gera það venjulega.

5. Viðbrögð foreldra

Við foreldrar berum ábyrgð á börnunum okkar og þurfum að varast að fara í vörn verði þau uppvis að einelti. Sýna þarf í verki að slík hegðun verði ekki liðin, hafi afleiðingar og að við stöndum með skólanum í agamálum. Mikilvægt er að ræða áhrif eineltis því þeir sem leggja í einelti geta átt erfiðara en aðrir með að setja sig í spor annarra. Við þurfum sjálf að vera góð fyrirmynd og styrkja vingjarnlega og hjálplega hegðun. Sérlega mikilvægt er að hafa eftirlit með því sem börnin eru að gera því að því meira sem eftirlitið er, hvort sem um ræðir á skólalóð eða á netmiðlum, því minna er eineltið. Veltu því fyrir þér hvort þú setjir skjátíma viðunandi mörk og fylgist með því sem börnin þín gera þar. Síðast en ekki síst er mikilvægt að vera vakandi fyrir því að börnin okkar geta sætt einelti eða lagt aðra í einelti án þess að við höfum hugmynd um það. Þess ber einnig að geta að skilin milli gerenda og þolenda geta verið óljós því sumir þeirra sem leggja í einelti hafa sjálfir orðið fyrir einelti og öfugt. ■

Orkusjálfstæði Íslands



Svavar Halldórsson
stjórnsmála- og stjórnsýslufræðingur

Ef við Íslendingar ætlum að ná loftslagsmarkmiðum okkar er algerlega nauðsynlegt að flýta orkuskiptum eins og kostur er. En þótt við framleiðum mikið af grænni orku þá þurfum við að gera enn betur. Við flytjum enn inn olíu fyrir 100 milljarða króna á ári. Ef fyrirhuguð orkuskipti eiga að ganga eftir þurfum við að herða okkur í virkjun vindorku, jarðhita og fallvatna – að sjálfsögðu með almenn umhverfissjónarmið að leiðarljósi.

Meiri græna orku

Orkuskiptin ein og sér kalla á 80% meiri framleiðslu grænnar orku. Verkin verða að tala. Innlendir umhverfisvænir orkugjafar eru á allan hátt betri fyrir umhverfið og efnahaginn, enda virðist samstæða meðal þjóðarinnar um að framtíð Íslands sé best borgið með áherslu á sjálfbærni, græna atvinnuuppbyggingu og nýsköpun. Fyrir liggur að fjöldi tækifæra er til að skapa ný og eftirsótt störf á Íslandi. Mörg þeirra áhugaverðu sprota- og nýsköpunarfyrirtækja sem sprottið

hafa upp á síðustu árum treysta á græna orku. En til þess að þau megi dafna þarf að virkja orkuna.

Umhverfisvæn atvinnuuppbygging

Hreinleiki Íslands og græn orka á samkeppnishæfu verði, veita okkur mikið forskot í alþjóðlegri samkeppni og tækifæri til að auka enn verðmætasköpun og bæta lífskjör. Spurning er ekki hvort, heldur hvenær, allar samgöngur á Íslandi verða umhverfisvænar. Grænni tækni í samgöngum fleygir fram um allan heim. Við höfum séð byltingu í framboði á grænum valkostum þegar kemur að bifreiðum. Áður en við vitum af verður stór hluti nýrra skipa og flugvéla gerður fyrir umhverfisvæna orkugjafa. Þá verðum við að vera tilbúin með grænu orkuna.

Orka og sjálfstæði þjóðarinnar

Ef við ætlum að ná markmiðum okkar um græna framtíð og kolefnishlutleysi verðum við að herða okkur í framleiðslu umhverfisvænnar orku. Það liggur ljóst fyrir. En það eru ekki bara umhverfissjónarmiðin sem knýja á um að við beislum meira af grænni orku. Nýleg þróun alþjóðamála hefur sýnt okkur svart á hvítu að það er skynsamlegt að stefna á orkusjálfstæði Íslands eins hratt og auðið er. Til þess að svo megi verða þurfum við nánast að tvöfalda innlenda orkuframleiðslu á næstu árum. ■



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

FIMMTUDAGUR 10. nóvember 2022

KYNNINGARBLAÐ



Hér er verið að skrá heimsmet í hæð sandkastala. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Heimsmetadagur Guinness

sandragudrun@frettabladid.is

Sérstakur heimsmetadagur Guinness heimsmetabókarinnar er í dag. Dagurinn hefur verið haldinn frá árinu 2004 en þá var hann í fyrsta sinn til að fagna því að Heimsmetabók Guinness varð mest seldi bók allra tíma sem enn var bundin höfundarrétti. Á heimsmetadeginum hefur fólk verið hvatt til að setja alls kyns óvenjuleg heimsmet. Heimsmetin sem hafa verið slegin þennan dag hafa verið allt frá breikdansi til stórfenglegs heljarstökks aftur á bak.

Ótrúleg met slegin

Marokkóbúiinn Ayoub Touabe sló met á heimsmetadeginum með því að fara í handahlaup aftur á bak á einum fæti. Honum tókst að klára 12 slík handahlaup á 30 sekúndum. Zhang Shuang frá Kína nýtti hæfileika sína til að standa lengi á höndum, til að slá heimsmet á heimsmetadeginum. Hann var 70 kíló þegar hann dró 1,35 tonna bíl 50 metra á 1 mínútu og 13,27 sekúndum, Hann dró bílinn gangandi á höndum. Venesúela-búiinn Laura Biondo hefur einnig slegið heimsmet á heimsmetadegi Guinness og ekki bara eitt heldur tvö. Hún gerði flestar æfingar sitjandi þar sem hún hélt fótbolta á lofti í 30 sekúndur og svo sló hún einnig met í að gera standandi æfingar með fótbolta þar sem hún hélt honum á lofti og lét fótleggina hringsnúast utan um boltann á meðan. Það verða örugglega fleiri ótrúleg heimsmet sett í dag. ■

POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTS

HEILABOKA?

Fæst í helstu apótekum - www.celsus.is

Sólrúnu finnst gaman að blanda saman ólíkum mynstrum og litum. Ananasskyrtan er úr Uff Second Hand í Helsinki, buxurnar úr Curvy, fjólubláa úlpan úr Uff Second Hand í Turku og fölbleiku skórnir frá Vamsko í Tampere. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Blandar saman litríkum mynstrum svo jaðrar við siðrof

Sólrún Hedda Benedikz söngkona leyfir sér fullkomlega ábyrgðarlaust flakk um tísku-söguna og tekst alltaf að vera skemmtilega klædd, sama hvert tilefnið er. Hún hefur mikið dálæti á finnskum fötum og hönnuðum og reynir að kaupa notuð föt og gömul vintage efni sem hún saumar úr þegar færi gefst. **2**

brynhildur@frettabladid.is

Hvar kaupir þú oftast föt?

„Ég reyni að kaupa notuð föt þegar ég get og hef gaman af fatamörkuðum á borð við Rauða krossinn, loppuverslanir og fleira í þá veru. Mér finnst líka gaman að sauma sjálf og þá helst úr „deadstock“-efnum. Deadstock-efni eru efni sem hafa verið framleidd en ekki notuð og það er heill heimur af dásamlegum vintage-efnum á netinu. Ein af mínum uppáhaldsfataverslunum, The Emperor's Old Clothes, starfar einmitt þannig að verslunin kaupir gamla lagera af efnum, ljósmyndar og birtir á netinu. Viðskiptavinir velja sér efni, skrá sínar stærðir á síðu verslunarinnar og velja sér flík af fyrirfram ákveðnum lista. Flíkin er síðan saumuð eftir máli og send kaupandanum í endurnotuðum umbúðum, hún passar fullkomlega og klæðskerarnir fá mann-sæmandi laun fyrir.“

Eitthvert sérstakt tímabil sem þú tengir við í tískunni?

„Í rauninni tengi ég ekki við neitt eitt tímabil frekar en annað. Ég fór í gegn um tiskusöguna sem unglingur og átti mér tímabil tengt hverjum áratug; flapper-tímabil, rokkabil-tímabil, tímabil þar sem ég gekk í fötum móður minnar frá níunda áratugnum (henni ýmist til ama eða skemmtunar) og um tíma gekk ég meira að segja í fötum saumuðum afgangsmusysstrum mínum sem áttu og ráku Tiskuverzlunina Regínu á Akureyri um miðja síðustu öld. Þessa stundina er ég á kafi í litríkum, sækadelískum

mynstrum áttunda áratugarins og þegar tekur að dimma meira dreg ég fram svörtu goth-flíkurnar, keðjurnar og stóru hetturnar.“

Ég klæðist fötum, ekki þau mér Hvernig föt kaupir þú oftast?

„Ég kaupi föt sem passa. Mér finnst mikilvægt að við reynum ekki að passa í fötin heldur eiga þau að passa okkur. Ég hef varla tölu á því hve oft ég hef ætlað „bara rétt aðeins að breyta líkamanum svo ég passi í þessar buxur“ í stað þess að finna þeim nýjan eiganda og finna mér föt sem þjóna mér en ekki öfugt. Það er lífsins ómögulegt að ætla að breyta sér fyrir hverja einustu flík og ýtir ekki undir sjálfbæran eða stöðugan lífsstíl. Ég klæðist fötunum, ekki þau mér.“

Klæðir þú þig á ólíkan hátt eftir tilefni?

„Það sem ég varð leið þegar ég komst að því að hægt væri að vera of fin fyrir tilefnið. Það lærði ég um þrettán ára gömul, þegar ég kom heim úr afmælisveislu frændsystkinis míns en þangað fór ég íklædd svörtum axlaberum kjól sem ég hafði erft frá móður-systur minni. Móðir mín hafði ekki verið heima þegar ég valdi mér föt og faðir minn hafði ekkert út á það að setja að dóttirín færi í barnaafmæli í djammkjól. Það má því segja að ég eigi mér langa sögu þess að vera ekki klædd í neinu samræmi við tilefnið. Sem klassísk söngkona er það að sjálf-sögnu mikilvægt að eiga tónleika-og sýningarföt en það mætti vera fleira í skápnum mínum sem brúaði bilið milli kvöldklæðnaðar og hlaupabuxna.“



Hér er Sólrún í kjól frá ASOS, skóm frá Vamsko og með skart frá Indiska, Skull&Bone, Spáni, Krit og Etsy. Og auðvitað líka í uppáhaldsjakkanum.

Finnst þér skemmtilegt að kaupa föt?

„Það fer svo afskaplega mikið eftir aðstæðum. Það getur verið erfitt að finna þau föt sem mann vantar á meðan ópraktiskari hlutir stökkva á mann úr hillunum. Við bestu aðstæður getur það verið skemmtilegt en það getur líka verið hreinasta martröð.“

Finnst þér gaman að klæða þig upp á/vera í skemmtilegum fötum?

„Mér finnst það frábært en finnst þó ekki síður skemmtilegt að sjá aðra klædda í skrautleg og skemmtileg föt. Ég reyni að fá innblástur á samfélagsmiðlum með því að fylgja fólki með áhuga-verðan stíl, yfirleitt maximalískan. Mér finnst fátt skemmtilegra en að blanda saman afgerandi mynstrum svo jaðrar við siðrof og kaupi gjarnan skærilitar flíkur, þegar ég finn þær. Svo legg ég mikið upp úr því að vera í skærilitum sokkum, helst aldrei samstæðum.“

Hver er uppáhaldsflíkin þín?

„Ég hugsa að „patcha“-jakkinn minn hljóti að vera í mestu uppáhaldi. Ég fékk hann upphaflega bara á netinu, þetta var ekki merkilegur jakki í grunninn, en ég hef síðan fest á hann bætur og merki héðan og þadan; hljómsveitarmerki, pólitískar yfirlýsingar og fleira. Hann vekur yfirleitt lukku, jafnvel hjá hörðustu töffurum, þótt hann sé óhefðbundinn af „patcha“-jakka að vera. Hljómsveitirnar eru úr öllum áttum og merkin algerlega ósamstæð en mér þykir hann lýsa mér svo vel.“

Áttu þér uppáhaldshönnuð?

„Ég heillast af draumkenndum, flæðandi kjólum frá Loud Bodies en þeir eru í öllum stærðum og sjálfbærni er í forgrunni framleiðslunnar. Sem forfallinn Finnlandsfíkill er ég að sjálfsögu líka hrifin af Marimekko og finnska skómerkinu Vamsko. Nýverið uppgötvaði ég líka, í gegn um finnska vinkonu, hönnuð að nafni Miia Halmesmaa sem hannar, auðvitað, draumkennda og flæðandi kjóla

sem náðu athygli minni um leið. Annars er eina merkið sem ég held tryggð við ekki fatamerki heldur keramikmerki en ég er afar veik fyrir notuðum Arabia-munum.

Þegar ég leita mér að sniðum fyrir eigin saumaverkefni sæki ég gjarnan í vefverslun Helen's Closet þar sem hægt er að kaupa stafræn snið og prenta í þeirri stærð sem hentar. Ég er með nokkur verkefni í vinnslu eins og er, flest af þeirri síðu. Svo bregst ekki hannyrðahornið á Borgarbókasafninu í Grófinni, þessa dagana er ég með á leigu bók með þrjónahönnun Stephen West sem mig klæjar í fingurna að þrjóna upp úr, litirnir og mynstrin í hönnun hans höfða sterkt til mín.“

Hvar kaupirðu föt?

„Bæði á mörkuðum með notuð föt og á netinu, en í dag kaupi ég gjarnan föt í versluninni Curvy.

Ég kaupi föt sem passa. Mér finnst mikilvægt að við reynum ekki að passa í fötin heldur eiga þau að passa okkur.

Sólrún Hedda Benedikz, söngkona

Flestar venjulegar verslanir hafa ekki föt í stærðum sem passa mér og Curvy hefur reynst mér alger lífsbjörg undanfarin ár.

Svo var ég nýverið búsett í Finnlandi þar sem ég uppgötvaði að notuð föt fást í mun fleiri stærðum en sjást í verslunum hérlandis. Ég hugsa reglulega með söknuði til Uff Second Hand búðanna í Turku og Helsinki, þar sem ég fékk mikið af mínum uppáhaldsflíkum.“

Veik fyrir skrátnu skrauti Ertu veik fyrir aukahlutum?

„Ég er veik fyrir öllu skrauti sem er dálítið skrítið. Ég á minn dreka-sjóð af skartgripum; hálsmenum með kristöllum, eyrnalokkum úr dýrabeinum og öllu sem fangar auga mitt. Ég á minna af tösikum og legg meira upp úr að eignast gerðarlegar tösukur sem endast vel því það er ekki endalaust pláss á heimilinu. Ég er því yfirleitt með rauða leðurbakpokann minn, sem ég keypti á leðurstrætinu í Chania á Krít fyrir níu árum, á bakinu eða eiturgræna Marimekko-tösku á öxlinni.“

Hvað kaupirðu þó að þú eigir nóg af því?

„Í gegn um tíðina hefur svarið við þessu alltaf verið kjólar, og þá sér í lagi finir kjólar. Ég veit að ég gæti komist af með einn eða tvo kjóla en það virðist ekkert geta stoppað mig þegar kemur að fallegum, helst óvenjulegum, kjólum. Aukastig ef þeir eru úr flaueli!“

Áttu uppáhaldsskó?

„Úff, það er af illri naudsýn. Ég er með svo hryllilega breiða fætur að ég klæðist helst aldrei neinu nema hermannastígvélum. Þau eru nánast orðin mitt „statement piece“ en ég hef til dæmis átt sömu rauðu stígvélina síðan 2013. Ég hef meðal annars gengið fjöll í Færeyjum í þeim, sungið á klassískum sönghátíðum, farið í mosh pit á black metal-tónleikum og allt þar á milli. Þau eru þó komin með sterkan keppinaut eftir að ég uppgötvaði finnska merkið Vamsko en núna á ég dýrleg, ljósbleik hermannastígvél frá þeim.“ ■



„Patcha“-jakkinn var ekki merkilegur í upphafi en ber nú hljómsveitarmerki, pólitískar yfirlýsingar og fleira. Hann vekur yfirleitt lukku, jafnvel hjá hörðustu töffurum, að sögn Sólrúnar.

Klassískar dúnúlpur frá Junge

kr. 67.900

SKOÐIÐ LAXDAL.IS

Fylgið okkur á FB

Laxdal er í leiðinni

SÍGILD KÁPUBÚÐ

Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is



ZHENZI Paloma skyrtukjöll
Fæst líka í grænu
Stærðir 42-56
Verð 11.990 kr 11.11. **tilboð 9.592 kr**

ZHENZI Amaris shiffonkjöll
Fleiri litir til
Stærðir 42-56
Verð 11.990 kr 11.11. **tilboð 9.592 kr**

ZHENZI Flavie Shiffonkjöll
Stærðir 42-56
Verð 11.990 kr 11.11. **tilboð 9.592 kr**

ZHENZI Jaylee kjöll
Fleiri litir til
Stærðir 42-56
Verð 9.990 kr 11.11. **tilboð 7.992 kr**

ZHENZI Megane kjöll
Stærðir 42-56
Verð 12.990 kr 11.11. **tilboð 10.392 kr**

Singles' day

20% afsláttur af völdum vörum



ZE ZE Juan glimmerkjöll
Stærðir 38-48
Verð 9.990 kr 11.11. **tilboð 7.992 kr**

ZE ZE Juvel tunika
Fæst líka í grænu
Stærðir 38-48
Verð 11.990 kr 11.11. **tilboð 9.592 kr**

ZHENZI Ramona tunika
Stærðir 42-56
Verð 12.990 kr 11.11. **tilboð 10.392 kr**

ZE ZE Juan golla
Fæst líka í rauðu
Stærðir 38-48
Verð 8.990 kr 11.11. **tilboð 7.192 kr**

ZHENZI Kogle golla
Stærðir 42-56
Verð 8.990 kr 11.11. **tilboð 7.192 kr**



ZHENZI Meadow pleðurpils
Stærðir 42-56
Verð 9.990 kr 11.11. **tilboð 7.992 kr**

ZHENZI Dallas skyrtubolur
Fæst líka í brúnu
Stærðir 42-56
Verð 8.990 kr 11.11. **tilboð 7.192 kr**

ZHENZI Camryn tunika
Fæst líka í svörtu
Stærðir 46-56
Verð 8.990 kr 11.11. **tilboð 7.192 kr**

ZE ZE Somaz úlpjakki
Fæst líka í bláu
Stærðir 38-48
Verð 11.990 kr 11.11. **tilboð 9.592 kr**

ZE ZE Aquarius regnkápa
Fleiri litir til
Stærðir 38-48
Verð 9.990 kr 11.11. **tilboð 7.992 kr**

Verslunin Belladonna

belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Tískugoðið Lenny Kravitz sló í gegn

Félag tískuhönnuða í Bandaríkjunum, CFDA, hélt sína árlegu verðlaunahátíð á mánudagskvöldið í New York. Þangað mætti margt þekktra andlita og má með sanni segja að klæðaburðurinn hafi verið óvenju frumlegur.

elin@frettabladid.is

Félagið heitir The Council of Fashion Designers of America og hefur verið starfandi frá árinu 1962. Á hátíðina mættir tiskuelitan og á gestalista eru stórstjórnur og áhrifavaldar. Núna voru Kardashian-systur áberandi og ekki síður söngvarinn Lenny Kravitz en hann vann titilinn tiskufyrirmynd ársins en undanfarið hafa stórstjórnur á borð við Jennifer Lopez fengið þann titil. Lenny sem er 58 ára gamall rokkari viðurkennir að hafa oft gert mistök í klæðavali. „Ég hef lært að vera ég sjálfur,“ sagði hann og blaðið USA Today hefur eftir honum. Það var leikarinn Bradley Cooper sem afhenti verðlaunin.

CFDA leiðir saman helstu hönnuði í Bandaríkjunum auk þess að halda verðlaunahátíð þar sem skapandi hæfileikar í faginu fá viðurkenningu. Þá hafa verið veittir námsstyrkir til þeirra sem skara fram úr í greininni. Í stjórn félagsins eru flestir þekktustu tískuhönnuðir Bandaríkjanna og má þar meðal annarra nefna Veru Wang, Michael Kors, Ralph Lauren, Tommy Hilfiger, Marc Jacobs, Donnu Karan og Calvin Klein.

Á hátíðinni mátti sjá söngkonuna Cher sem er 76 ára og hefur nýlega opinberað samband sitt við Alexander Edwards tónlistarstjóra sem er 36 ára. Fjörutíu ára aldursmunur hefur vakið mikla athygli á Instagram. Cher hefur sagt að aldur skipti ekki máli. „Við erum hamingjusöm og það varðar engan um samband okkar.“

Á hátíðinni var Virgil Abloh minnst en hann lést á síðasta ári. Hann var listrænn stjórnandi Louis Vuitton. Anna Wintour, aðalritstjóri Vogue, sagði við þetta tækifæri að missirinn væri þungur í hjörtum margra. Virgil var áhrifamikill í tískuheiminum og ruddi brautina á mörgum sviðum tískuiðnaðar. ■



Lenny Kravitz var útnefndur tiskufyrirmynd ársins á CFDA-verðlaunahátíðinni 2022. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Kylie Jenner er sem kunnugt er hálsystir Kardashian-systra. Kylie með næstflesta fylgjendur af öllum á Instagram.



Khloe Kardashian mætti í kjól frá LaQuan Smith á hátíðina og studdi þar systur sína, Kim, sem fékk nýsköpunarverðlaun.



Ofurfyririsætan Gigi Hadid var frekar frjálsleg í klæðavali á hátíðinni.



Julia Fox fyrirsæta, leikkona og fatahönnuður er ekkert smeyk við að sýna líkamann.



Hin 76 ára söngdív Cher var þínu rokkuð í útliti. Hún hefur nýlega opinberað samband sitt við 40 ára yngri mann.

GOOD ROUTINE

Hágæða bætiefni með einstakri virkni og **góðri upptöku** á næringarefnum.

Í vefverslun með kóðanum: **"singles"**

20% afsláttur 11.11

Tími fyrir góðar venjur www.goodroutine.is

KAVITA

Singles' day

FIMMTUDAGUR 10. nóvember 2022

KYNNINGARBLAÐ

Kynningar: Nola, Systur og makar, Netgíró.

Örugglega frekar leiðinleg þessa vikuna

Stakdagurinn, eða Singles' day, hefur verið upphaldsdagur þeirra sem gera sín helstu innkaup á netinu alveg síðan kínverska vef-síðan Alibaba kynnti hugmyndina árið 2013 en Singles' Day er nú söluhæsti dagur net-verslana í heiminum. **2**



Brynja Dan Gunnarsdóttir er stofnandi vefsíðunnar 1111.is þar sem hægt er að nálgast öll helstu tilboð á stakdaginn, eða Singles' day, 11 nóvember.

MYND/EYGLÓ GÍSLA

Bestu tilboðin á einum stað?

Kláraðu jólainnkaupin á **1111.is**

1111.is

netgíró

PÓSTURINN



Strax árið eftir greip Brynja Dan Gunnarsdóttir hugmyndina og hóf að safna saman þeim íslensku vefverslunum sem bjóða góð tilboð þennan dag á eina síðu, 1111.is, svo einfaldara sé að finna tilboðin og nýta sér þau. Hún er því eins og gefur að skilja mjög upptekin þessa dagana.

„Síðan er gerð með það í huga að létta undir með fólki svo það þurfi ekki að leita inni á hverri verslun fyrir sig hvort og þá hvaða tilboð séu í gangi. Þetta er eins konar regnhlíf sem heldur utan um flest tilboðin og svo erum við auðvitað alltaf að reyna að gera betur og betur og erum komin með hina ýmsu flokka til að auðvelda kaupin enn frekar og mæta þörfum neytandans.“

Brynja ákvað fyrir mörgum árum að grípa tækifærið sem þessi vefverslanadagur bauð upp á og nýta daginn innlendum vefverslunum til hagsbóta. „Fyrirtæki geta skráð sig og sín tilboð á síðuna 1111.is og svo geta væntanlegir kaupendur farið beint þangað og leitað að tilboðum án þess að þurfa að grafa eftir þeim um allt netið.“

“Ég held að við munum seint hætta að gefa jólagjafir og slagorðið okkar er „Kláraðu jólin á netinu og minnkaðu stressið“.

Brynja Dan Gunnarsdóttir

Síbatnandi síða

Brynja á og stofnaði 1111.is og hefur í samstarfi við Netgíró undanfarin ár gert hana stærri og betri. „Gaman frá því að segja að í ár hefur Pósturinn gengið til liðs við okkur líka svo þetta verður bara skemmtilegra og skemmtilegra og á meðan það er þannig þá er ég til í að taka þetta alla leið. Búin að kynnast alveg helling af dásamlegu fólki sem er svo gaman að vinna með og við 11.11.-teymið erum ein stór fjölskylda.“

Hún segir þátttöku fyrirtækja aukast með hverju ári og aðsókn kaupenda einnig. „Þetta er áttunda árið okkar, þetta byrjaði sem sjö litil lógó á bloggsíðu hjá vinkonu minni og síðan þá höfum við bara verið að stækka og stækka, bæði er ég komin með mjög flotta og notendavæna heimasíðu og eins fengið dygga bakhjarla til að láta þetta allt ganga.“

Skipulögð innkaup og minna stress

Hún telur að svona dagar geti gagnast fólki til að skipuleggja innkaup sín og kaupa það sem vantar eða löngun stendur til frekar en að kaupa bara eitthvað sem getur gerst í miklu stressi rétt fyrir jól. „Ég held að við munum seint hætta að gefa jólagjafir og slagorðið okkar er „Kláraðu jólin á netinu og minnkaðu stressið“. Með smá skipulagi er einmitt hægt að gefa bæði vandaðri gjafir og eitthvað sem vantar. Því fólk er á mismunandi stað í lífinu og vantar mismunandi hluti, það er bara staðreynd.

Þegar góður afsláttur er í boði er það líka hvatning til að kaupa ekki bara eitthvað heldur vanda valið og velja oft vandaðri vöru sem á endanum er betri fyrir umhverfið

og endist lengur. Úrvalið er alltaf að aukast og við erum með allt milli himins og jarðar,“ segir Brynja og bætir við að sér finnist skemmtilegt hvað það er hægt að kaupa margar ólíkar upplifanir sem hafa verið vinsælar jólagjafir síðustu ár. „Og svo eru rúm, verkfæri, snyrtivörur, bílaleigubílar, flug, kynlífstæki, matur og allt þar á milli.“

“Ég næ að klára gjafakaupin, fæ allt sent heim og get svo dúllast í rólegheitum við að pakka inn og svolítið bara notið aðventunnar.

Brynja Dan Gunnarsdóttir

Hún viðurkennir að heilmikil vinna fari í að halda utan um 1111.is, sérstaklega þegar stóri dagurinn nálgast. „Mitt nánasta fólk veit að ég er agalega leiðinleg þessa viku á hverju ári og ekki viðræðuhæf. Sit heima í sófanum með tölvuna í jogginggallanum, ósofin og líklega með súkkulaði út á kinn að koma þessu í gang,“ segir hún og kímir. „Síðustu tvo dagana fyrir 11. nóvember er ég bara hér fyrir framan tölvuna og með símann opinn allan sólarhringinn, tilbúin að aðstoða fyrirtækin með hvað sem er hvenær sem er.“

Sparar bæði tíma og peninga

Spurð um hver séu bestu kaupin sem hún hefur sjálf gert á þessum degi segist hún þurfa að hugsa sig aðeins um. „Ætli það sé ekki Royal Copenhagen kökubakkinn minn sem mig var búið að langa í í mjög langan tíma og svona eitt og annað sem maður trítar sig með þegar verðin eru hagstæð.“

Brynja segir heilmikinn tíma sparast þegar keypt er á netinu á skipulagðan hátt á afsláttardögum sem þessum. „Það hefur reynst mér vel að vera með tilbúinn lista þar sem ég sé hvað ég keypti fyrir alla í fyrra og vera svo búin að gera lista fyrir árið í ár. Ég næ að klára gjafakaupin, fæ allt sent heim og get svo dúllast í rólegheitum við að pakka inn og svolítið bara notið aðventunnar. Ég gef margar jólagjafir og það er algjör snilld að geta græjað þetta bara á þessum degi, nú ef svo eitthvað er eftir þá klára ég það á Black Friday eða Cyber Monday,“ segir hún og bætir við: „Stressið er alveg nógu mikið fyrir og það er bara svo frábært að vera ekki að eltast við gjafir út um allan bæ ofan á öll hlaðborðin og veislurnar og hittingana og baksturinn og skreytingarnar og allt það sem við gerum. Það er svo notaleg tilfinning að vera ekki stressaður yfir þessu og eiga kannski allt eftir korter í jól og þá aukast líkurnar á því að eyða meiri peningum og kaupa eitthvað sem kannski er keypt bara til að kaupa eitthvað.“

Brynja verður leyndardómsfull þegar spurt er hver sé jólagjöfin í ár. „Svo vill til að ég er reyndar í rýnihóp sem velur jólagjöfina í ár svo ég ætla ekki að missa það út úr mér hér hver mín tillaga er. En hún er bara eitthvað fallett, hvort sem það er upplifun og samvera eða eitthvað sem vantar. Held að það skipti bara mestu að það sé falleg hugsun á bak við hana eins og með allt.“ ■

11/11

SINGLES DAY



7% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM
KEYPTUM ÓSKASKRÍNUM

10% AFSLÁTTUR EF KEYPT
ERU TVÖ EÐA FLEIRI

Fullkomið að byrja snemma á jólagjafakaupum

Ragga Holm og Elma Valgerður eru duglegar að nýta sér spennandi tilboð á Singles' Day. Þær undirbúa sig vel og eru tilbúnar á miðnætti þegar veislan hefst.

starri@frettabladid.is

Reykjavíkurdóttirin og plötu-snúðurinn Ragga Holm og kærasta hennar, Elma Valgerður, byrjuðu að nýta sér tilboð á Singles' Day árið 2019 og hafa varla stoppað síðan. „Um leið og við fréttum af síðunni 1111.is byrjuðum við að nýta okkur alls kyns góð tilboð,“ segir Ragga. „Við vorum búnar að ákveða hvað ætti að kaupa og af hvaða síðum svo allt myndi ganga smurt fyrir sig.“

Fyrstu kaupin voru jólagjafir handa fjölskyldumeðlimum, segir Elma. „Ef við munum rétt þá keyptum við iittala-glös og skálar handa systkinum og frændfólki okkar. Það er ótrúlega þægilegt að nýta sér þessi tilboð á netinu og sleppa við traffikina í búðum yfir hátíðirnar, sleppa við raðir og finna bílastæði og allt þetta vesen.“

Skiptast á óskalistum

Þær hafa undirbúið sig undanfarna daga svo allt verði klárt þegar stóri dagurinn rennur upp. „Við erum mjög spenntar en það er eitthvað svo fullkomið við það að byrja snemma að kaupa inn jólagjafir svo við séum ekki á síðasta snúningi á þorláksmessu að redda jólagjöfum



Hægt er að gera frábær kaup á Singles' Day.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

eins og hefur komið fyrir kannski einu sinni eða tvisvar á undanförnum árum,“ segir Ragga.

Fyrir þessi jól segjast þær helst vera að skoða úrvalið hjá verslunum á borð við Líf og list og öðrum sambærilegum fagurkera-verslunum. „Við vitum affleirum í fjölskyldum okkar sem nýta sér þessi góðu tilboð þannig að það kemur alveg fyrir að við séum að senda óskalista á milli um jólagjafir.“

Verða tilbúnar á miðnætti

En þótt Singles' Day bjóði upp á mikil þægindi og góð verð myndast iðurlega smá stress enda mikið í húfi. „Ég mundi segja að mesta stressið snúist um að reyna að ná vörunum áður en allt verður uppselt,“ segir Elma. „Undanfarin ár hefur þetta verið svolítið þannig að ég sé um kaupin á netinu og Ragga

Ég mundi segja að mesta stressið snúist um að reyna að ná vörunum áður en allt verður uppselt.

er svo daginn eftir á þeytingi um bæinn að sækja vörur hingað og þangað. Svo eru auðvitað nokkur frábær fyrirtæki sem senda vörurnar heim beint að dyrum.“

Þær verða því tilbúnar báðar tvær á miðnætti þegar veislan byrjar, bætir Ragga við. „Við verðum báðar límdar við skjáinn og byrjum á slaginu. Ef við náum ekki að klára alla pakkana þá fylgjumst við grannnt með Black Friday og Cyber Monday sem eru síðar í þessum mánuði.“ ■



Ragga Holm og Elma Valgerður eru duglegar að nýta sér tilboðin á Singles' Day.

MYND/ADSEND

Valin besta vefverslunin með snyrtivörur

Snyrtivöruverslunin Nola selur mikið úrval af snyrtivörum sem ekki hafa verið prófaðar á dýrum. Verslunin hefur fengið verðlaun fyrir að vera besta netverslunin með snyrtivörur á Norðurlöndunum.

Nola selur mikið af dekurvörum og hafa Gua Sha-steinar og -rúllur verið sérlega vinsæl og voru mest seldu vörur verslunarinnar í fyrra.

„Það eru stelpur allt niður í tólf ára að koma og kaupa steinana hjá okkur. En þeir eru alveg skaðlausir og henta fyrir allan aldur,“ segir Karin Kristjana Hindborg, eigandi Nola.

„Við skildum ekki af hverju svona ungar stelpur voru að koma og kaupa steinana. Við vissum ekki hvar þær höfðu séð þá. En það kom í ljós að það var á TikTok. Þegar mömmurnar komu og voru að kaupa þá í jólagjöf fyrir dóttur sína í fyrra fóru þær að spyrja um steinana og vildu þá fá stein fyrir sig líka. Steinarnir eru mismunandi, þetta eru kristallar en sumir eru úr rósakvars [e. rose quartz], aðrir úr amebyst og aðrir eru úr lapis. En steinarnir gefa frá sér mismunandi orku.“

Karin segir að vegna vinsælda steinanna hafi þau hjá Nola búið til kennslumyndband til að fræða fólk um steinana og kenna því að nota þá. Hægt er að finna myndbandið með því að skanna meðfylgjandi QR-kóða.

Tími fyrir dekur

„Okkur finnst mikilvægt að fólk gefi sér tíma til að dekra við sig. Hraðinn í þjóðfélaginu er svo ótrúlega mikill að stundum er gott að stoppa og spyrja sig: Númer hvað er ég í goggunarröðinni? Við viljum oft gleyma okkur sjálfum og setja okkur í síðasta sæti. Gua Sha-steinarnir eru einfalt og ódýrt tól til að gefa sjálfum sér dekur-



Karin Kristjana Hindborg, eigandi Nola, segir Singles' Day vera einn stærsta dag ársins í versluninni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Hjá Nola fást fjölbreyttir Gua Sha-steinar en þeir eru mjög vinsælir.

tíma. Að nota steinana er góð leið til nudda á sér andlitið, þannig fær maður fyrirhafnarlausu og ódýra andlitslyftingu. Þetta er aldagömul kínversk nuddaðferð en hefur á undanförnum árum komið sterkt inn í snyrtivöruheimin,“ segir Karin.

„Nudd með steinunum virkjar sogæðakerfið, kemur súrefni út í blóðið og mýkir bandvef. Það er mikill ávinningur af því að nota steinana þeir geta minnkað bólgur og bjúg í andliti, öxlum, herðum og baki.“

Karin segir að steinarnir séu viðkvæmir og að þær hafi því látið framleiða fyrir sig óbrjótanlega Gua Sha úr ryðfriú stáli. „Þeir brotna ekki og eru alltaf kaldir. Það er gott ráð að taka þá með sér í báð

eða heitan pott og nudda auma vöðva og mýkja bandvefinn með honum.“

Skaðlausar vörur

Allar vörurnar í Nola eru framleiddar án þess að skaða dýr, en Karin segir að verslunin sé orðin ein stærsta snyrtivöruverslunin á Norðurlöndunum sem framleiðir vörur án tilrauna á dýrum.

„Við fengum verðlaun í vor frá Lux Life magazine fyrir að vera besta vefverslunin sem selur snyrtivörur, á Norðurlöndunum. Við seljum allar tegundir af snyrtivörum, fyrir andlit og líkama, förðunarvörur, þvottaefni, hárvörur og alls konar fylgihluti,“ segir hún.

„Við skiljum að þetta geti verið algjör frumskógur fyrir marga,

Við viljum oft gleyma okkur sjálfum og setja okkur í síðasta sæti. Gua Sha-steinarnir eru einfalt og ódýrt tól til að gefa sér sjálfum dekur-

úrvalið er það mikið. Þess vegna viljum við endilega fá fólk til okkar svo við getum frætt það og aðstoðað það við að velja réttu vörurnar.“

Á Singles' Day verður 20–40% afsláttur af öllum vörum í netversluninni allan sólarhringinn. Karin segir að dagurinn sé einn af stærstu dögum ársins hjá þeim, enda sé mjög sjaldan afsláttur í búðinni.

„Mig langar líka að bæta við að jóladagtalíð okkar er komið í sölu, en við vorum eitt af fyrstu fyrirtækjunum á Íslandi sem gerðum okkar eigið jóladagatal. Dagatalið er eina varan sem er ekki á afslætti á morgun en í því eru ársbirgðir af snyrtivörum í einum kassa á góðu verði. Það má kaupa það sem dagatal en það er líka vinsælt sem jólagjöf.“ ■



Singles day í Curvy

20% af öllum vörum

Settu þig í stellingar fyrir Singlesday 11 nóvember !
20% afsláttur af öllum vörum aðeins í 24 tíma bæði í
verslun okkar við Grensásveg og netverslun www.curvy.is
Afslátturinn hefst á miðnætti í kvöld í netverslun.



Arizona Poncho
7.992 kr
9.990 kr-



Camp Parka
15.992 kr
19.990 kr-



Jólapeysa
5.592 kr
6.990 kr-



Brjóstahaldari
8.792 kr
10.990 kr-



Zip ullarpeysa
8.792 kr
10.990 kr-



Charlene Kápa
17.592 kr
21.990 kr-



Bombarelli boxur
7.192 kr
8.990 kr-



Jóla kjóll
5.592 kr
6.990 kr-



Combat boots
12.792 kr
15.990 kr-



Aarya Blazer
7.192 kr
8.990 kr-



Laci Kjóll
10.392 kr
12.990 kr-



Náttbolur
4.552 kr
5.690 kr-

Náttboxur
5.592 kr
6.990 kr-

Curvy

Fellsmúli 26 v/Grensásveg * 108 RVK * Sími 581-1552 * www.curvy.is

Hélt fermingarveislu fyrir 14 ára fatamerkið sitt

Hjá Systur&Makar er íslensk hönnun og framleiðsla í forgrunni. Aðalsmerki verslunarinnar er fatamerkið Volcano Design, en heiður af því á hönnuðurinn og eigandinn Katla Hreiðarsdóttir.

„Þegar ég kom heim úr innanhússnámi í Barcelona 2008 var efna-hagshrunið í fullum gangi og Guð vinsamlegast beðinn um að blessa Ísland. Ég var því ansi hrædd um að lítið yrði um ráðningar á arkitektastofu fyrir óharðnaða hönnuði eins og mig og lét því reyna á gamlan fatahönnunardraum. Í fyrstu var það bara lítil hugmynd sem ég bjóst ekki endilega við að myndi lifa mjög lengi, en hér er ég enn, fjórtán árum síðar, og enn að hanna og framleiða allar mínar vörur á Íslandi. Saumastofan er á sama stað og verslunin, sem gerir að verkum að við getum stytt flikur með stuttum fyrirvara, nú eða þá lagað að ósk kunnans, ef þörf krefur.“

Þetta segir Katla Hreiðarsdóttir sem á dögunum fagnaði fjórtán ára starfsafmæli Volcano Design með heljarinnar fermingarveislu. „Fermingaraldurinn miðast við fjórtán ár svo mér datt í hug að blása til fermingarveislu þar sem gestum og gangandi var boðið í kökuböð með rjómatertu, kransaköku og tilheyrandi. Við drögum einnig út nokkra heppna viðskiptavinum sem hlutu forlata fermingargjöf í verðlaun svo þessi veisla var tileinkuð bæði versluninni og viðskiptavinum okkar, því án þeirra væri merkið nú ekki á lífi!“ segir Katla hress.

Konum þarf að liða vel
Volcano Design er orðið rótgróið fatamerki í íslensku hönnunarflórinni og finnast vörur þess víða í skápum íslenskra kvenna. „Merkið einkennist af klæðilegum og góðum sniðum sem henta vel hinni metnaðarfullu, íslensku valkyrju. Ég hugsa hönnina svolítið fyrir konur eins og mig: konur sem eru oft á hlaupum að sinna hinu og þessu, en þeim á að liða vel í því sem þær eru því þannig líta þær best út. Þetta er þægilegur og smart fatnaður sem er auðvelt að dressa upp og niður, og hentar svo ótalmörgum tilefnum.“ segir Katla í óðaönn á saumastofunni sinni. Stærðirnar hjá Volcano Design eru jafnframt svolítið óhefðbundnar en Katla ákvað strax að láta utanaðkomandi stærðarskala ekki hefta sig og bjó til sinn eigin. „Í minni verslun er ég sjálf í stærðinni S (sírka 42-44), af því ég einfaldlega ræð! Svo geri ég stærðir 1, XS, S, M og XM, en ég geri ekki stærð L. Stærðarmiðar hafa nefnilega alltof oft slæm áhrif á liðanina og ef ég get á einhvern hátt haft jákvæð áhrif á þetta, þá geri ég það á minn hátt.“

Jákvæð og umhverfisvæn sjöl
Verslunin Systur&Makar selur einnig vörur annarra hönnuða. Þar má nefna skart frá Kristu systur Kötlu, leðurtöskur frá PomPom London, íslensk og erlend ilmkerti og ýmislegt fleira. „Endurunnun fjölmenin frá Kolbrúnu Ýri eru einnig mjög vinsæl og víðs vegar um verslunina má finna hluti sem einkennast af nýtni og endurvinnslu,“ upplýsir Katla. Hennar uppháldsvara í Systur&Makar er OK-bútasjal. „Mér finnst OK-sjölin sérlega vel heppnuð en þau eru samvinnuverkefni okkar mömmu sem er óttaleg uppspretta hugmynda. Um er að ræða bútasjal sem er unnið úr afskurði og efnisafgöngum, en heitið er dregið af Oki, fyrsta íslenska jöklinum sem hvarf. OK-



Katla Hreiðarsdóttir, hönnuður og kaupkona í Systur&Makar, segir konur líta best út þegar þeim líði vel í fatnaði eins og frá Volcano Design. FRÉTTABLAÐID/ERNIR



Katla hélt fermingarveislu fyrir Volcano Design með kransaköku og tertum. MYND/ADSEND

bútasjölin eru hlý, hvert og eitt þeirra er einstakt, þau eru praktísk og framleiðsla þeirra spornar við landfyllingu sem annars yrði úr efnisafgöngunum. Sjölin eru því jákvæð, umhverfisvæn og falleg í senn,“ segir Katla.

Fjörugt adventupartí í beinni
Katla hefur yndi af því að fara óhefðbundnar leiðir að markaðssetningu.

„En það er líka vegna þess að ég hef einstaklega gaman af hvers kyns brasi. Þeir vita það best sem fylgja mér á Instagram @systurogmakar, að það er afar sjaldan lognmolla í kringum mig. Næst á dagskrá er adventupáttur í beinni útsendingu sem við höldum nú í annað sinn þann 1. desember en í fyrra gekk svo glimrandi vel að við ákváðum að kýla á nýjan þátt,“ segir Katla og útskýrir



OK-bútasjölin eru í miklu dálæti hjá Kötlu í Systur&Makar, en þau hannaði hún í samstarfi við mömmu sína, úr afskurði og efnisafgöngum. MYND/ADSEND

Singles' Day er eini afsláttardagurinn hjá Systur&Makar og í ár ákvað ég að hafa hann einstaklega grand til að gefa sem flestum kost á að versla á sérlega góðu verði.

Katla Hreiðarsdóttir

hvernig adventupátturinn virkar. „Vikurnar fyrir þátt geta áhorfendur tekið þátt í happdrætti á heimasíðunni okkar og fundið þar köngla sem eru faldir hér og þar. Dregið verður svo úr innsendum lausnum í beinni. Einnig fæ ég til mín góða gesti, það verður förðunarkennsla og tónlistaratriði, ég sýni mátanir og fer í heimsókn og ótalmargt fleira. Þetta verður því smekk-



fullur skemmtipáttur sem allir geta horft á, hvar sem er og á fríu streymi. Í fyrra horfðu fleiri þúsund manns á þáttinn og tóku þátt í partíinu og gleðinni,“ upplýsir Katla full tilhlökkunar en nánari upplýsingar koma á systurogmakar.is þegar nær dregur. Singles' Day í Systur&Makar nú verður sá stærsti hingað til. „Við erum með meira úrval en nokkru sinni og bjóðum 10 til 40 prósentu afslátt af vörunum okkar. Þess má geta að Singles' Day er eini afsláttardagurinn sem Systur&Makar taka þátt í og í ár ákvað ég að hafa hann einstaklega grand til að gefa sem flestum kost á að versla á sérstaklega góðu verði. Tilboðin opnast frá hádegi í dag, fimmtudaginn 10. nóvember, og standa til miðnættis 11. nóvember.“ ■

Systur&Makar eru í Síðumúla 21. Sími 588 0100. Skoðið æðisleg Singles' Day-tilboð í vefversluninni systurogmakar.is.



EINSTAKIR TILBOÐSDAGAR

20% afsláttur
af húð-, snyrti- og gjafavöru
dagana 8.-13. nóvember

í öllum verslunum og á lyfja.is

Fjölbreytt úrval af gjafaöskjum sem næra
líkama og sál. Frábær tilboð, ljúfir jóladjasstónar
og nærandi vörukynningar.

Vellíðan er besta gjöfin



Jólareikningurinn alltaf vinsæll

Netgíró er í grunninn einföld greiðslulausn. Þú notar hana til að greiða fyrir vörur og þjónustu en hefur svo þann valkost að dreifa greiðslunum eftir eigin hentugleika.

Bryndís Gísladóttir er sölustjóri Netgíró. Hún segir fyrirtækið hafa vaxið jafnt og þétt undanfarin ár og gegna sífellt stærra hlutverki sem greiðslumöguleiki hjá landsmönnum.

„Það má segja að það sé allt á blússandi ferð hjá okkur. Það hefur verið mikill vöxtur síðustu árin og nú er jólatíminn að koma og verslunin fer að ná hámarki,“ segir Bryndís. Hún segir að jólavertíðin hefjist svona formlega á Singles' day, eða degi einhleypra, sem er á morgun og í lok nóvember komi svo Black Friday og Cyber Monday sem afar öflugir verslunardagar.

„Nóvember hefur verið að koma mjög sterkur inn og síðustu árin hefur hann verið stærri í verslun heldur en desember. Fólk er farið að flýta jólainnkaupunum. Það byrjar fyrr að versla og vill frekar eiga desember í huggulegheitum og vera í minna stressi,“ segir Bryndís.

„Eftir að þessir stóru verslunardagar í nóvember komu til sögunnar hjá okkur fór verslunin að færast rosalega mikið yfir í nóvember. Fólk vill nýta þessi góðu tilboð sem eru í boði á þessum dögum og þá kemur Netgíró mjög sterkt inn hjá fólki.“

Einföld og örugg greiðsluleið

Netgíró býður upp á einfalda og örugga greiðsluleið og spurð nánar út í hana segir Bryndís: „Þegar þú ert að versla á netinu þá þarftu ekki að gefa upp kortaupplýsingarnar þínar. Það eina sem þú gerir er að slá inn símanúmerið þitt og svo staðfestir þú greiðsluna í símanum þínum. Það er eins í verslun, þú gefur bara upp símanúmerið og staðfestir svo greiðsluna í símanum. Þetta er mjög þægileg greiðsluleið og örugg. Og hver hefur ekki lent í því að liggja uppi í sófa að skoða samfélagsmiðla, sjá geggjað tilboð eða flotta vöru, kortið einhvers staðar frammi í veskinu, þá er heldur betur fljótlegt og þægilegt að geta klárað málið og greiða með Netgíró í símanum,“ segir Bryndís.

Virkum viðskiptavinum hjá Netgíró hefur fjölgað jafnt og þétt á síðustu árum. „Eins og ég segi þá erum við sífellt að stækka og virkir viðskiptavinir eru nú nálægt 40 þúsund talsins. Þú getur borgað með Netgíró á yfir



Bryndís Gísladóttir er sölustjóri hjá Netgíró, sem hefur vaxið jafnt og þétt á undanförnum árum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Það kostar sitt að halda jólin og með þessum greiðslumáta sem jólareikningurinn býður upp á er verið að létta aðeins undir með fólki.

Bryndís Gísladóttir

3 þúsund sölustöðum, allt frá litlum netverslunum og alveg upp í stærstu netverslanir landsins og eins hjá matvörukeðjum. Þetta er alltaf að stækka. Nýjar verslanir og netverslanir spretta upp, kaupmenn vita að viðskiptavinir gera kröfu um að greiða með Netgíró og hafa samband og við finnum fyrir því að fólk er í auknum mæli að nýta sér Netgíró til að greiða fyrir vörurnar.“

Netgíró býður viðskiptavinum sínum upp á raðgreiðslur í öllu formi sem margir nýta sér að sögn Bryndísar.

„Við bjóðum upp á raðgreiðslur allan ársins hring og núna 1. nóvember vorum við setja í loftið hinn margrómaða jólareikning Netgíró. Hann virkar þannig að allt sem þú kaupir í nóvember og desember getur þú greitt 1. febrúar. Þú velur það þá bara í appinu hjá þér hvort þú viljir setja greiðsluna á jólareikninginn og þá þarftu ekki

að greiða hann fyrr en 1. febrúar. Þetta er að dreifa svolítið álaginu. Við vitum að desember er dýr mánuður. Það kostar sitt að halda jólin og með þessum greiðslumáta sem jólareikningurinn býður upp á er verið að létta aðeins undir með fólki. Í febrúar getur þú greitt allan jólareikninginn eða dreift honum hvort sem það er í tvo mánuði, þrjá mánuði eða lengur,“ segir Bryndís.

Hún segir að fólk nýti sér að fá þann kost að dreifa greiðslunum. „Við byrjuðum með jólareikninginn árið 2014 og síðan þá hafa sífellt fleiri nýtt sér þennan frábæra möguleika. Þetta léttir undir hjá fólki og því finnst þægilegt að geta skipt reikningnum,“ segir Bryndís.

Hún bætir við: „Við bjóðum upp á raðgreiðslur í öllu formi og það vinsælasta hjá fólki er að fá að dreifa greiðslunni í tvo eða þrjá mánuði því þær eru vaxtalausar. Það má segja að Netgíró sé orðið

eins og hvert annað greiðslukort. Þú safnar öllum kaupunum saman á einn mánaðarreikning og greiðir hann um mánaðamótið. Ef þú ákveður að kaupa eina dýra vöru sem þú vilt dreifa greiðslum á þá tekur þú einfaldlega vöruna út úr mánaðarreikningnum og dreifir greiðslunum, ótrúlega einfalt og þægilegt. Einnig er hægt að hafa samband við þjónustuverið okkar og fá aðstoð ef þess þarf, starfsfólkið okkar þar er líklega með svarta beltið í þjónustulund og meistaragráðu í lausnamiðaðri hugsun,“ segir Bryndís.

Hún segist vera bjartsýn á jólaverslunina í ár. „Ég held að það verði mikið líf og fjör. Það er stemning í kringum þessa afsláttardaga í nóvember og fólk er duglegt að nýta sér tilboðin. Það eru margir klárir með lista yfir vörur sem þeir ætla að skoða hjá verslunum og sjá hvar þeir fá bestu tilboðin,“ segir Bryndís. ■



Kláraðu jólainnkaupin á Singles' Day



netgíró
Öruggt og þægilegt



SINGLES DAY

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR!

- HEFST Á MIÐNÆTTI Í KVÖLD -



SPORTIS.IS
520-1000

SPORTÍS

SKEIFAN 11
108 REYKJAVÍK



Starri Freyr Jónsson
starri
@frettabladid.is

Tónlistarmaðurinn Kári Haraldsson er meðlimur For-smánar, Blóðmørs og Múrs en síðasttalda sveitin kom fram á Airwaves um síðustu helgi. Hér sýnir hann lesendum inn í fataskápinn.

Kára Haraldssyni er margt til lista lagt. Hann er meðal annars trommuleikari svartmálmsbands- ins Forsmánar og þungarokks- pönkaranna í Blóðmör auk þess að vera söngvari og keytarleikari þungarokkssveitinnar Múrs sem kom fram á tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves um síðustu helgi.

Kári lýsir tónlist sveitarinnar Múrs sem hljóðgervilsdrifnum þungarokkshljóðheimi þar sem skerandi rafgítarar og djúpar, vægðarlausar drunur þræmma taktfast samhliða innrænum og óræðum hugarheimi. „Tónleikarnir gengu hrikalega vel,“ segir Kári en þeir voru á fimmtudagskvöldinu á Gauknum. „Það var mjög gaman að spila fyrir áhorfendahóp sem var að miklu leyti svona ótengdur okkur, fólk sem þekkti okkur ekki og kom annars staðar að en úr þungarokkinu. Við fengum frá- bærar undirtektir, en það var mikil og áþreifanleg spenna í andrúms- loftinu frá fyrsta lagi.“

Fyrsta platan á lokametrinum
Fyrsta breiðskífa félaganna í Múr er á lokametrinum í eftirvinnslu, en þeir stefna á útgáfu sem allra fyrst. „Í september tókum við upp það fyrsta af nokkrum meðfylg- andi tónlistarmyndböndum og fengum með okkur ótrúlegan hóp hæfileikaríks og metnaðarfulls fólks í það. Myndbandið og lagið Heimsslit verða það fyrsta sem við gefum frá okkur í útgáfuferli plötunnar, en það eina sem við höfum gefið út hingað til er lifandi myndbandstaka af flutningi okkar á laginu Holskeflu, sem við fluttum á útskriftartónleikum mínum frá MÍT.“

Kári útskrifaðist úr djasspíanó- námi við Menntaskóla í tónlist (MÍT) síðasta vor en hefur síðan þá aðallega verið að sinna hljómsveitunum sínum, tekið upp lög og spilað á eins mörgum tónleikum og hægt er.

Lengi í móttun
Hljómsveitin Múr hefur verið lengi í móttun en Kári og gítarleikar- arnir Hilmir og Jón Ísak kynntust í menntaskóla 2016. „Við Hilmir vorum saman í kvikmyndanámi við Borgarholtsskóla, en þeim Jóni var spilað saman af gítarkennara þeirra, Þráni Árna Baldvínssyni, gítarleikara þungarokkssveitar- innar Skálmaldar. Seinna meir bættist gítarleikarinn Ívar Andri við hópinn þegar við vorum allir í námi við MÍT og Tónlistarskóla FÍH. Ívar stökk á bassann og þá var þetta loks farið að taka á sig meiri heildarmynd.“

Sveitin hefur komið fram á mörgum tónleikum síðustu tvö árin og hitaði meðal annars upp á þrennum útgáfutónleikum auk þess að halda eigin tónleika. „Síðasta vor tókum við þátt og sigruðum í hljómsveitarkeppninni Wacken Metal Battle Iceland. Það opnaði á frábær tækifæri, en við spiluðum svo fyrir þúsundir áhorf- enda í lokakeppninni á Wacken Open Air hátíðinni í Þýskalandi í haust. Þar kynntumst við fólki alls staðar að og mynduðum mikilvæg tengsl.“

Múr kemur næst fram á And- kristnihátíð á Gauknum 16.-17. desember. „Svo má endilega taka frá kvöldin 4. febrúar og 4. mars ef fólk iðar í skinninu og vantar til- efni til að taka fram dansskóna.“

Kári Haraldsson sýnir lesendum hér inn í fataskápinn sinn.

Spurt og svarað
Hvernig hefur tiskuá hugi þinn þróast undanfarin ár?



Lengst af hef ég lítið spáð í fót og tisku en bróðir minn hefur tekið mörg tímabil þar sem hann hefur legið yfir fatnaði, fylgihlutum og þess háttar. Í gegnum tíðina hafa því ýmsar flottar flikur ratað til mín frá honum, en það er yfir- leitt eitthvað sem ég fæ lánað frá honum en „gleymi“ svo að skila. Kæran mín hefur svo líka gefið mér hrúgu af flottum fötum og ég hugsa að það í bland við fin lánsföt frá bróður mínum hafi svolítið mótað fatasmekk minn og gefið mér betra sjálfstraust í að prófa að fara leiðir sem ég hefði ekki farið áður.

Hvernig fylgist þú helst með tiskunni?

Samfélagsmiðlar spila sterkt inn þar. Ég hugsa að það sé meira ómeðvitað heldur en meðvitað þar sem ég leita sjaldan viljandi að innblæstri eða nýjum fötum. Ég hef líka augun opin þegar ég fer út á lífið og reyni að skrá það hjá mér í hausnum þegar ég tek eftir ein- hverju sem ég fíla.

Hvar kaupir þú helst fötin þín?

Ég kaupi ekki mikið af fötum sjálfur en helstu fatainnkaup síðasta árið eru flikurnar sem ég klæðist á sviði, svartar skyrtur, net, ólar og gervileður. Þau innkaup hafa flest farið fram á vefsíðum eins og Fantasmagoria eða á nytja- mörkuðum og básaleigum eins og Verzlanahöllinni.

Hvaða litir eru í uppáhaldi?

Dökkir og heitir litir, jarðlitir og svo er svartur alltaf víðeigandi.

Áttu minningar um gömul tisku- slys?

Frá því ég fór að klæða mig

sjálfur hef ég yfirleitt bara verið gangandi tiskuslys, það var ekki fyrr en frekar nýlega sem ég fór að verða meira meðvitaður um hvað ég klæði mig í og átta mig á ánægjunni sem getur fylgt flottum fötum.

Hvaða þekkti einstaklingur er svalur þegar kemur að fatnaði?

David Bowie átti mörg virkilega flott lúkk, áhrifamiklir litir og form úti um allar trissur.

Hvaða flikur hefur þú átt lengst og notar enn þá?

Dr. Martens-skóna mína, þeir eru orðnir nokkuð lúnir.

Áttu eina uppáhaldsflik?

Það er svartur loðjakki sem ég klæðist oft. Hann var hræðýr, smellpassar og virkar vel.

Bestu og verstu fatakaupin?

Bestu fatakaupin eru líklega aftur sami loðjakki sem ég keypti notaðan fyrir smáaura. Verstu kaupin gætu hafa verið þegar ég var unglingur og keypti tvö eintök af sömu peysunni „til öryggis“. Ég notaði svo bara aðra þeirra í mesta lagi þrjú skipti.

Notar þú fylgihluti?

Mér finnst gaman að þæla í því hvernig skartgripir geta sett svip sinn á heildina og nota mikið eyrnalokka og hringa.

Eyðir þú miklum peningum í fót miðað við jafnaldra þína?

Ég held ekki. Þegar ég kaupi eitthvað sjálfur þá er það yfir- leitt notað. ■

Sjá nánar á frettabladid.is.

Loðjakkin var keyptur notaður í Verzlanahöll- inni. Skyrtuna (ASOS) og galla- buxurnar (ASOS) fékk hann í gjöf. Skórnir eru frá Dr. Mar- tens og beltið keypti hann notað á góð- gerðarmarkaði í Bretlandi. Eyрна- lokkar eru gjöf, silfurhringurinn frá Etah Love og Maya-gull- hringurinn er frá Eva Jewellery. Vintage gull- hringinn keypti hann af Etsy.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI



Svarta skyrtan er úr Zöru og krugi og gervileður- buxurnar frá Punk Rave. Harness er frá ZADO, neta- bolurinn af nytjamaðkaði í Berlin og skórnir frá Steel.

77
Mér finnst gaman að þæla í því hvernig skartgripir geta sett svip sinn á heildina og nota mikið eyrna- lokka og hringa.

Kári Haraldsson



comma,

Tísku dagar

1	vara	10%	afsláttur
2	vörur	15%	afsláttur
3	vörur	20%	afsláttur

*gildir ekki af skóm

Tískan

ÁRMÚLI 5 - 551 0300

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi
er opin alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki



Volvo V60 Summum Pugin Hybrid 4x4. 1/2018 ekinn aðeins 26 þ.km. Diesel/ rafmagn. Leður sæti. 19" Titanium felgur. Nú er að vera snöggur! Verð: 4.990.000,-

Sparibill ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupum bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Þjónusta

Málarar

MÁLARAR.
Faglærðir Málarar. Tökum að okkur alla almenna málningarvinnu. Sanngjarnt verð. S. 782 4540 / loggildurmalarar@gmail.com

REGNBOGALITIR EHF

Getum bætt við okkur verkefnum. Löggiltur málarameisteri. Löggiltir málara. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitur.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Árátuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994

Rúnar Múrári ehf

S. 774 3800

Innimálning
Parketlagning
Gluggaskipti
Múrviðgerðir
Epoxy
Þakskipti

runarmur@gmail.com

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskripti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu



Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar
Vandaðir krossar á leiði!
3ja daga
JS LJÓSAMÍÐJAN
VILAVESTRIÐ
SLATTUVEÐLAPJÓNUSTAN
Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir dióðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Ópið virka daga 8-17



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204



Umhverfismat framkvæmda
Ákvörðun um matsskyldu

Hverahlíðarlögn II, Sveitarfélagið Ölfus
Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð umhverfismati samkvæmt lögum nr. 111/2021. Ákvörðunina er að finna á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til 9. desember 2022.

Heilsa

Heilsuvörur



Húsnæði

Geymslúhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

NÝTT Í SÖLU



ÓPIÐ HÚS í dag fimmtudag 30. nóvember kl. 17.30 - 18.00

Arnarhlíð 2
102 Reykjavík - íb. 329

Sérlega vel staðsett og vegleg 3ja herb. 102,5 fm íbúð með stæði í bílageymslu á besta stað við Hlíðarenda

- Íbúð með fágúðu yfirbragði og mikill metnaður lagður í hönnun
- Aukin lofthæð 2,80 m
- Gólfisðir gluggar
- Fallett fiskibeina harðparket
- Stofu/borðstofu/eldhús alrými
- 2 Svefnherbergi, 1 baðherbergi
- Lofthæð í geymslu er yfir 5,30 m

Verð: **89,9 millj.**

MIKLABORG 569 7000 | Lág múla 4 | miklaborg.is
Óskar R. Hordarson og Jónas Óðinnelsson, höfðar fasteignasala



ÍSAFJARÐARBÆR

Auglýsing um niðurstöðu bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar vegna skipulags

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti á fundi sínum þann 15. ágúst 2022 í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, *óverulegar breytingar á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020, vegna borholusvæðis við Laugar í Súgandafirði.*

Við skipulagsbreytinguna breytist landbúnaðarsvæði í iðnaðarsvæði. Viðbætur eru einnig gerðar með ákvæðum fyrir svæði i44 í greinargerð aðalskipulagsins.

Aðalskipulagsbreytingin hefur verið send Skipulagsstofnun til yfirferðar og tekur það gildi með auglýsingu í b-deild Stjórnartíðinda. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til skipulagsfulltrúa Ísafjarðarbæjar.

f.h. skipulagsfulltrúa
Helga Puriður Magnúsdóttir
verkefnastjóri á umhverfis- og eignasviði

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055


LED leiðiskrossar



- Gengur fyrir rafhlöðum eða tengist rafmagn.
- Rafhlaða endist um það bil í einn mánuð.

Upplýsingar í s. 699 6869 og rafeindir.is

ER BÍLSÆTID RIFIÐ ?



FYRIR **EFTIR**

Bílsætaviðgerðir, mótörhjóla og snjósléðasæti. Húsbílaflæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á www.hsbolstrun.is

Formbólstrun
Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hs@bolstrun.is

Geymsluskúrar /gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari upplis; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

Ferðaðþjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðaðþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

gott cbd.is



viftur.is

Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

íshúsið

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is





★★★★★

„Jónas Reynir er höfundur sem liggur mikið á hjarta. Það skín í gegn í Kákasusgerlinum sem er sprengfullur af forvitnilegum hugmyndum.“
Ragnheiður Birgisdóttir / Morgunblaðið

„Ofsalega skemmtilegur lestur.“
Þorgeir Tryggvason / Kiljan

„... besta skáldsaga Jónasar Reynis til þessa. Það verður erfitt að toppa hana.“
Rebekka Sif / Lestrarklefinn





★★★★★

„... furðuleg og falleg bók, vel skrifuð, hómorísk og snjöll.“
Snædís Björnsdóttir / Morgunblaðið

„Áhugaverð saga sem leynir á sér og reynist þaulhugsuð.“
Kristján Jóhann Jónsson / Fréttablaðið

„Skemmtileg, ljóðræn og falleg.“
Gísli Marteinn Baldursson



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Ópið virka daga 10–18 | Laugardaga 11–17 | Sunnudaga 12–16 | www.forlagid.is

Síðasti dans Ronaldo á stærsta sviðinu

10
DAGAR Í
HM KARLA
Í FÓTBOLTA

Mánaðar knattspyrnuveisla fer af stað í Katar eftir aðeins tíu daga þegar Heimsmeistaramótið í knattspyrnu fer af stað. Mótið er í fyrsta sinn haldið að vetri til en vegna veðurfars í Katar reyndist ógjörningur að spila mótið að sumri til. Í H-riðli eru þrjár sterkar þjóðir og Suður-Kórea er svo til alls líkleg.

hoddí@frettabladid.is

FÓTBOLTI Ætla má að hinn 37 ára gamli Cristiano Ronaldo sé á leið inn á sitt síðasta Heimsmeistaramót. Hann kemur kaldur inn í mótið eftir erfiða tíma hjá Manchester United en vonast til að ná flugi. Portúgal er með gríðarlega vel mannað lið og er til alls líklegt á þessu móti. Fernando Santos, þjálfari Portúgal, hefur lengi verið í starfi en liðið varð Evrópumeistari árið 2016 undir hans stjórn. Nokkur endurnýjun hefur átt sér stað í liðinu og margir telja að það geti náð alla leið.

„Portúgal er með svakalegt lið, mér finnst þeir hafa gleymst í umræðunni fyrir mót. Vandamál Portúgal er kannski Cristiano Ronaldo, hann er ekki að spila eins mikið og hann er vanur og er ekki ánægður. Það var pirringur með hann í Portúgal í síðasta glugga, þar er byrjað að tala um sömu hluti hjá United. Að hann sé ekki að hlaupa nóg og sinna varnarvinnu. Það er það sem ég hef mestar áhyggjur af hjá þeim, ef hann mætir með bros á vör og nær saman við liðsfélaga sína þá verða þeir öflugir,“ segir Hrafnkell Freyr Ágústsson, sérfræðingur Fréttablaðsins um Heimsmeistaramótið í Katar.

Hrafnkell minnst á að Bernardo Silva og Bruno Fernandes séu svo stjórnur liðsins í dag. „Þeir eru mjög öflugir til baka, Ruben Diaz stjórnar hlutunum þar. Það verður fróðlegt að sjá hvernig bakvarðarstöðurnar verða, Fernando Santos, þjálfari liðsins, gæti farið sömu leið og Guardiola og sett Joao Cancelo í vinstri bakvörðinn og Diogo Dalot í hægri bakvörðinn. Dalot hefur verið gjörsamlega frábær hjá United í ár. Þarna er svo auðvitað Nuno Mendes hjá PSG en ég er ekki viss um að Santos treysti honum alveg.“

Bruno Fernandes virðist ekki blómstra þegar Ronaldo er á vellinum, það hefur sést hjá United

og með Portúgal. „Bruno hættir að taka skotin sín og verður allur stífari þegar Ronaldo er með. Hann fer að leita að Ronaldo og fer meira í öryggið. Bruno er hann sjálfur þegar Ronaldo er ekki á svæðinu. Svo er bara spurning með miðjumennina en hann hefur mest viljað nota William Carvalho og Ruben Neves. Þetta er hrikalega spennandi lið.“

Parti gæti orðið hjá Partey

Það snýst allt um Thomas Partey hjá Ghana en þessi miðjumaður Arsenal er skærasta stjarna liðsins. Mohammed Kudus miðjumaður Ajax er svo með honum en hann gæti sprungið út á þessu móti. „Við höfum séð Kudus gjörsamlega frábæran með Ajax og það verður gaman að sjá hann á þessu stærsta sviði fótboltans. Ghana hefur verið að sækja í leikmenn sem hafa tengingu við landið og þar má nefna Tarek Lamptey bakvörð Brighton.



Heimsmeistaramótið 2022: H-riðill

Leikjadagskrá

Innbyrðis viðureignir

Sigur

Jafnt

Tap



Portúgal

Gana

Úrúgvæ

Suður-Kórea

24. nóv.

28. nóv.

2. des.

1 0 0

1 1 1

0 0 1

Suður-Kórea

28. nóv.

24. nóv.

4 0 4

1 1 6

Úrúgvæ

2. des.

1 0 0

Leikmaður til að fylgjast með:

Son Heung-min KÓR

Heimild: FIFA

Mynd: Getty

© GRAPHIC NEWS

Ronaldo er ekki alltaf í sínu besta skapi þegar á móti blæs.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY

Þó áhugafólk um enska boltann hafi ekki mikið álit á Daniel Amartey, varnarmanni Leicester, þá er hann öflugur þarna. Þetta snýst svo auðvitað allt um Thomas Partey sem er andlit liðsins. Við saum hann á Laugardalsvelli árið 2018 og hann stjórnar bara umferðinni.

Kamaldeen Sulemana er svo spennandi leikmaður sem kom upp í gegn hjá Nordsjælland og hefur gert vel í Frakklandi,“ segir Hrafnkell.

Gamlir og góðir

Gömlu karlarnir frá Úrúgvæ eru mættir á stóra sviðið en liðið er með mikla reynslu, stjórnur liðsins eru í fremstu víglínu en um er að ræða Luis Suarez og Edinson Cavani. Nýjar hetjur eru svo að taka við en Darwin Núñez, framherji Liverpool, og Federico Valverde, miðjumaður Real Madrid, eru að fá keflið. „Það verður fróðlegt að sjá hvernig hann nær að blanda þessum gömlu körlum og ungu mönnunum saman. Fær Darwin Nunez traustið eða fer hann í öryggið og byrjar með Luis Suarez og Cavani? Þeir eru algjörir kóngar þarna í heimalandinu.

Það verður fróðlegt að sjá hlutverk Valverede, hann er einn heitasti leikmaður Evrópu. Hann hefur verið frábær á hægri kantinum þar en það bendir allt til þess að hann verði á miðjunni þarna í stóru hlutverki. Lið Úrúgvæ er alltaf eins, þeir berjast eins og brjálaðingar og eru skipulagðir varnarlega. Þeir eru svo beittir fram á við, það verður ekkert nýtt þarna,“ segir Hrafnkell.



Vandamál Portúgal er kannski Cristiano Ronaldo.



Hrafnkell Freyr Ágústsson, sérfræðingur

Máta sig við Ísland

Í Suður-Kóreu er Son Heung-min maðurinn sem allt snýst um, þessi framherji Tottenham hefur hins vegar verið meiddur. Vonir standa til að Son nái heilsu fyrir mótið og verði klár í slaginn. Verði hann fjarverandi verður lítið að fréttastíð hjá liðinu. Liðið hefur hafið undirbúning fyrir mótið og mætir Íslandi í æfingaleik á morgun. „Það snýst allt um Son, hann dregur þetta lið áfram. Þessi lið frá Asíu eru ólseig, það eru fleiri leikmenn sem geta hjálpað Son. Kim Min-jae hjá Napoli hefur vakið athygli og er sterkur varnarmaður. Þetta er skemmtilegur riðill, minni liðin gætu strítt Portúgal og Úrúgvæ. Í þessum riðli erum við með lið frá fjórum heimsálfum, þetta gætu orðið mjög skemmtilegir leikir,“ segir Hrafnkell. ■

Tíð þjálfaraskipti eftir að Heimir fór

hoddí@frettabladid.is

FÓTBOLTI Heimir Guðjónsson var í fyrrakvöld ráðinn þjálfari FH í Bestu deild karla. Heimir er fjórði þjálfari FH-liðsins á árinu 2022. Ólafur Jóhannesson byrjaði árið með FH en þegar lítið var búið af Íslandsmótinu ákvað FH að reka hann úr starfi. Eiður Smári Guðjohnsen tók við starfinu en í byrjun október steig hann til hliðar vegna persónulegra mála. Sigurvin Ólafsson tók þá við starfinu í stuttan tíma.

Heimir er nú mættur aftur til FH eftir að hafa verið rekinn 2017 úr þessu sama starfi. Sigurvin verður aðstoðarmaður hans.

Frá því að Heimi var vikið úr starfinu hefur FH sex sinnum skipt um þjálfara.



Heimir fékk ótrúlegar móttökur í Krikanum í fyrrakvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þjálfarar FH:

2018–2020

Ólafur Kristjánsson

2020

Eiður Smári Guðjohnsen og Logi Ólafsson

2021

Logi Ólafsson

2021–2022

Ólafur Jóhannesson

2022

Eiður Smári Guðjohnsen
Sigurvin Ólafsson
Heimir Guðjónsson



Frá því að Heimi var vikið úr starfinu hefur FH sex sinnum skipt um þjálfara.

„Það hefur verið allt of mikil rótering á hlutunum, það þarf að koma með festu inn í hópinn og stöðugleika. Finna þessi gömlu góðu gildi sem FH hefur staðið fyrir frá byrjun þessarar aldar. Það er það sem þarf að gera líka,“ segir Heimir um málið. ■

Ennþá meira úrval af listavörum



Listverslun.is



Trönur í miklu úrvali, íblöndunarefni, teiknivörur



Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is

Mán.-fös. kl. 9-18, lau. kl. 10-17, sun. kl. 12-16



Merkisatburðir

- 1848** Í Kaupmannahöfn er stofnuð stjórnardeild til að annast málefni Íslands, Grænlands og Færeyja. Fyrsti forstöðumaður er Brynjólfur Pétursson lögfræðingur.
- 1913** Járnbrautarlest er notuð til fólksflutninga á Íslandi í fyrsta skipti. Hún liggur frá Reykjavíkurhöfn að Öskjuhlíð.
- 1928** Brú yfir Hvítá í Borgarfirði hjá Ferjukoti er vígð.
- 1944** Þýskur kaþbátur sekkur farþegaskipinu Goðafossi út af Garðskaga þegar skipið er að koma frá Bandaríkjunum. Tuttugu og fjórir farast en níttján er bjargað.
- 1960** Breski rithöfundurinn Neil Gaiman fæðist.
- 1967** Siglufjörður kemst í vegasamband með opnun Strákaganga sem eru þá lengstu göng á Íslandi, 800 metrar.
- 1984** Raforkukerfi Íslands er hringtengt þegar Suðurlína er tekin í notkun.
- 1990** Pétur Guðmundsson kastar kúlu 21,26 metra og bætir með því þrettán ára gamalt Íslandsmet Hreins Halldórssonar.
- 1992** Fyrsti GSM-sími Nokia, **Nokia 1011**, kemur á markað.
- 2001** Apple setur **iPod** á markaðinn.



Kristján Jóhannsson tekur á móti góðum gestum sem syngja bæði einsöngs- og samsöngsatriði.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Stórskotalið óperunnar á síðbúnum stórafmælisfögnuði

Óperustjóri segir mörg gleðiefni blandast saman á Galatónleikum föstudagsins.

arnartomas@frettabladid.is

Langþráðir Galatónleikar Íslensku óperunnar fara loksins fram í Norðurljósasal Hörpu á morgun. Þar koma fram mörg af stærstu óperunöfnum Íslands en upphaflega stóð til að halda tónleikana á 40 ára afmæli Íslensku óperunnar 2020.

„Það má með sanni segja að þetta séu langþráðir tónleikar,“ segir Steinunn Birna Ragnarsdóttir óperustjóri. „Þetta er í rauninni hugmynd sem varð til í kringum fertugsafmælið okkar 2020 en eðli málsins samkvæmt komum við því ekki í verk fyrr en núna. Þetta eru ekki tónleikar sem hægt er að halda með fjöldatakmörkunum eða fjarlægðarviðmiðum.“

Tónleikarnir eru þannig ekki aðeins síðbúinn afmælisfögnuður heldur er líka verið að fagna starfsári án takmarkana.

„Að geta komið saman aftur, teflt fram okkar bestu söngvurum, dásamlegri dagskrá og glaðst yfir því að þetta ástand sé staðið yfir að mestu leyti. Það er margt sem blandast þarna saman í þessa gleðitónleika sem eru síðbúin afmælisveisla og fögnuður yfir nýrri framtíð,“ segir Steinunn Birna.

Þrjár kynslóðir

Dagskrá Galatónleikanna verður ekki af verri endanum.

„Kristján Jóhannsson hefur auðvitað átt einhvern stærsta feril íslenskra söngvara og svo er Diddú auðvitað algjör þjóð-



Diddú lætur sig ekki vanta í fögnuðinn.

argersemi,“ segir Steinunn Birna. „Við erum líka að tefla fram söngvurum sem hafa verið í aðalhlutverkum hjá okkur eins og Herdísí Önnu og Oddi Jónssyni sem og fulltrúum yngri kynslóðarinnar eins og Gunnari Birni og fleirum.“

Þannig segir Steinunn Birna að í raun stigi á stókk þrjár kynslóðir söngvara.

„Barna verða bæði þeir allra reyndustu, þeir sem hafa verið mikið í forgrunni hjá okkur og svo alveg nýjar raddir líka.“

Flókið listform

Óperan hefur plumað sig ansi vel eftir að hún skreidd undan feldi faraldursins.

„Það hefur gengið merkilega vel miðað við hvað óperan er flókið listform,“ segir Steinunn Birna. „Við höfum verið að semja okkur að aðstæðum og taka ákvarðanir sem eru víðeigandi í

”

Það má með sanni segja að þetta séu langþráðir tónleikar.



Steinunn Birna Ragnarsdóttir, óperustjóri

þessum veruleika sem við höfum verið að eiga við.“

Ýmsar stórar sýningar voru látnar bíða þegar óvissan var sem mest en Steinunn Birna segir að fram undan sé mikil og spennandi dagskrá.

„Það er nokkuð samliggjandi dagskrá hjá okkur núna eftir faraldurinn sem sér ekki fyrir endann á og það er alveg ótrúlega gaman,“ segir hún. „Þar má meðal annars nefna Örlagaþræði í Kaldalóni, svo tökum við þátt í flutningi barnaóperu eftir Þorkel Sigurbjörnsson og svo erum við á fullu að undirbúa jólatónleika og stóru tónleikana okkar eftir jól – Madama Butterfly. Við erum glöð og bjartsýn með þessa nýju framtíð sem allt í einu er byrjuð, aftur!“

Tónleikarnir hefjast klukkan 20 á föstudag og miðasala fer fram á tix.is. ■



Elskuleg móðir, tengdamóðir og amma,
Hrefna Guðmundsdóttir
Skúlagötu 20, Rvk,

lést á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Möbergi, Selfossi, þriðjudaginn 8. nóvember. Jarðarförin auglýst síðar.

Björn Sigurðsson
Guðjón Sigurðsson
Guðmundur Rafn Sigurðsson
Atli Már Sigurðsson
Sigurður Valur Sigurðsson
Kristján Örn Sigurðsson

Vilborg Sigurðardóttir
Vera Ósk Valgarðsdóttir
Gígja Baldursdóttir
Auður Haraldsdóttir
Kristin Kristmundsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför
Ragnheiðar Tryggvadóttur

Starfsfólki Ísbergs á Hrafnistu við Sléttuveg er þakkað fyrir alúðlega umönnun.

Tryggvi Þórðarson **Helga Ingibjörg Guðmundsdóttir**
Lína Thordardóttir Jónsson
barnabörn og barnabarnabörn



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,
Jóhannes Tómasson
blaðamaður og fyrrverandi upplýsingafulltrúi,

sem lést föstudaginn 28. október á Landspítalanum, verður jarðsunginn frá Neskirkju föstudaginn 11. nóvember kl. 13.00. Útförinni verður streymt á vefsíðunni joitomm.is. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.

Málfríður Finnbogadóttir

Helgi Jóhannesson
Anna Jóhannesdóttir
Þórdís Jóhannesdóttir
Jóhannes, Ísar Ágúst, Sara Björk, Einar Björn, Salvör Móeiður, Elsa María, Valþór Hrafnkell og Eva Málfríður

Brynjólfur Jónatansson
Brynjar Valþórsson

Þetta gerðist 10. nóvember 1969

Sesame Street hefur göngu sína

Bandaríska þáttaröðin Sesame Street er með ástsælla barnaefni sem framleitt hefur verið fyrir sjónvarp. Hugmyndin að þáttunum kom fram árið 1966 þegar höfundana Joan Ganz Cooney og Lloyd Morrisett langaði að nota ávanabindandi eðli sjónvarpsáhorfs barna og beina því í jákvæðan farveg. Þeir fengu til liðs við sig brúðumeistarann Jim Henson og saman lögðu þeir sig fram við að framleiða jákvætt og uppbyggjandi barnaefni.

Þættirnir fóru fyrst í loftið þann 10. nóvember 1969 og náðu fljótt



miklum vinsældum. Brúður Hensons greindu þættina frá öðru barnaefni og vel tókst til að blanda saman húmor, tónlistaratriðum og námsefni. Höfundarnir veigruðu sér við að takast á við erfið málefni á borð við kynþáttahatur og stéttaskiptingu og fengu þeir mikið lof fyrir það í fjölmiðlum.

Enn er verið að framleiða nýja þætti af Sesame Street þótt framtíð þeirra hafi verið óljós á undanförunum árum. Alls hafa verið gerðir 4.626 þættir í 53 þáttaröðum og eru þeir eitt langlífasta barnaefni í sjónvarpi frá upphafi. ■



Stillanlegt rúm, Ambassador*

Verð frá:

720.200.-

10% afsláttur
af öllum Jensen rúnum
7. – 14. nóvember.

Sérfæðingur frá Jensen
verður í verslun okkar
fimmtudaginn 10. nóvember.

Skoðaðu rúmin okkar áður en þú tekur ákvörðun.



www.jensen-beds.com

Skeifan 6 / 5687733 / epal.is

Nordic Seamless*

Verð frá:

423.600.-



Jensen rúm:

- Hvert rúm er sérgert fyrir þig.
 - 25 ára ábyrgð á gormakerfi.
 - Skandinavísk hönnun.
 - Norsk gæðaframleiðsla frá 1947.
 - Áratuga reynsla.
 - Gæði, ábyrgð og öryggi.
 - Stillanleg rúm, Continental og boxdýnur.
 - Yfirdýnur í úrvali.
 - Stuttur afhendingartími,
 - ótal möguleikar.
- Mikið úrval af göflum, náttborðum og yfirdýnum

Continental*

Verð frá:

499.400.-



* Aukahlutir gafl, náttborð og lampar eru ekki innifaldir í verði.

Dagskrá

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Mannamál Einn sigild-asti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Sig-mundur Ernir ræðir við þjóðþekkta einstaklinga um líf þeirra og störf.
- 19.30 Suðurnesja-magasin Vikurfréttta Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
- 20.00 Grænn iðnaður Umræðu-þáttur um áskoranir og tækifæri fyrirtækja í iðn-aði samhliða áherslum í umhverfismálum. Umsjón Guðmundur Gunnarsson.
- 20.30 Fréttavaktin (e)
- 21.00 Mannamál (e)

RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi
- 13.10 Kastljós
- 13.35 Útsvar 2015-2016 Akureyri - Dalvíkurbyggð.
- 14.45 Á tali hjá Hemma Gunn 1990-1991
- 16.05 Eldað með Ebbu
- 16.35 Brautryðjendur Sigrún Svavarsdóttir
- 17.00 Basl er búskapur
- 17.30 Landinn
- 18.00 KrakkaRÚV
- 18.01 Sögur af apakóngi
- 18.24 Áhugamálið mitt
- 18.31 Sögur - stuttmyndir Fimmhundraðkallinn.
- 18.39 Stundin rokkar Slagverk
- 18.45 Krakkafréttir
- 18.50 Lag dagsins Jónas Sig - Psycho Killer.
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.00 Græna röðin með Sinfó Tónelskir töfrar.
- 21.10 Haltu mér, slepptu mér Rómantískir þættir um pör sem tengjast innbyrðis í Manchester á Bretlandi.
- 22.00 Tiufréttir
- 22.15 Veður
- 22.20 Lögregluvaktin
- 23.05 Framúrskarandi vinkona III Þættirnir byggja á Napóli-sögum rithöfundarins Eleno Ferrante, sem farið hafa sigurför um heiminn. Nú takast vinkonurnar á við fullorðinslífið og reyna hvor á sinn hátt að brjóta út úr fátækt og forðast stöðnun.
- 23.55 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

- 12.00 Dr. Phil
- 12.40 The Late Late Show
- 13.25 Love Island Australia
- 14.25 Bachelor in Paradise
- 15.45 The Block
- 17.00 90210
- 17.40 Dr. Phil
- 18.25 The Late Late Show
- 19.10 Love Island Australia
- 20.10 Elska Noreg
- 20.50 The Resident
- 21.40 The Thing About Pam Renée Zellweger leikur aðalhlut-verkið í þessari mögnuðu þáttaröð sem byggð er á sönnum atburðum. Skömmu fyrir júl 2011 er Betsy Faria myrt á hroðaleg-an hátt. Eiginmaður hennar er dæmdur fyrir morðið.
- 22.30 Walker
- 23.15 The Late Late Show
- 00.00 Love Island Australia
- 00.50 Law and Order. Special Vic-tims Unit
- 01.35 Chicago Med
- 02.20 Law and Order. Organized Crime
- 03.05 Yellowstone
- 03.50 Halo
- 04.40 Tónlist

Stöð 2

- 07.55 Heimsókn
- 08.15 The Mentalist
- 08.55 Bold and the Beautiful
- 09.20 Cold Case
- 10.05 Shriill
- 10.30 Making It
- 11.10 Britain's Got Talent
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 30 Rock
- 13.40 Skitamix
- 14.10 Family Law
- 14.55 Dýraspítalinn
- 15.25 B Positive
- 15.45 Ultimate Veg Jamie
- 16.30 Grand Designs. Australia
- 17.20 Bold and the Beautiful
- 17.40 Nágrannar
- 18.20 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.50 Sportpakinn
- 18.55 Ísland í dag
- 19.10 Byggjum nýtt Kvænnaathvarf
- 20.20 Rutherford Falls
- 20.50 La Brea
- 21.35 Chucky
- 22.20 Real Time With Bill Maher
- 23.20 Magpie Murders
- 00.05 Chapelwaite
- 00.55 Blinded
- 01.45 A Teacher
- 02.05 Silent Witness
- 03.05 The Mentalist
- 03.45 30 Rock
- 04.05 30 Rock

Barnshafandi í áttundu tilraun

Hildur Sverrisdóttir, þingkona Sjálfstæðisflokksins, er gestur Mannamáls í kvöld og segir af hispursleysi af baráttu sinni til að eignast barn, sem loks bar árangur í ár, en sjálf kveðst hún hafa verið komin með aldurs-fordóma þegar óskin rættist, að verða hálf fimmtug. Saga hennar er bland af sigrum og sorgum en hún er hvergi smeyk við að segja hana af einlægni. ■



Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT
1 glaður
5 magur
6 tveir eins
8 getspakur
10 átt
11 strá
12 geð
13 athugun
15 hryggðar
17 véla

LÓÐRÉTT
1 skríltla
2 skoða
3 sprækur
4 gorta
7 form
9 smitaður
12 arra
14 ennþá
16 tveir eins

LÁRÉTT: 1 hress, 5 ryf, 6 tt, 8 innsær, 10 na, 11 vira, 12 skap, 13 lelt, 15 angurs, 17 narra.
LÓÐRÉTT: 1 hringla, 2 rýna, 3 ern, 4 stæra, 7 trapisa, 9 skytur, 12 síga, 14 enn, 16 rr.


Sudoku

3	1			9	8			
							4	8
	2		3	5		6		
8			5		3		1	
	7				9	2	3	
		9	6	1				
			2		1		8	
	6						2	3
			7		5			

5	8							
	6	1	3			7	2	
		2	8			3		
	1	6						7
9	7				3	2	4	
					5	9		1
6	2		9			4	5	
					8			
				3	4			9

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þann-ig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tví-taka neina tölu í röðinni.

Pondus



Eftir Frode Øverli

GRÆN FRAMTÍÐ

GRÆN FRAMTÍÐ

Ár grænnar iðnbyltingar 2022

Í KVÖLD KL. 20.00 OG AFTUR KL. 22.00

Sjónvarpsþáttaröð um fyrirtæki í iðnaði og hvernig þau nálgast markmið um kolefnishlutlaust Ísland.

Guðmundur Gunnarsson er umsjónarmaður þáttanna.



HRINGBRAUT



SR30

STÓRSVEIT
REYKJAVÍKUR
30 ÁRA

ÍSLENDINGUR Í ULUWATU HOFI

Stórsveitin frumflytjur glænýja og spennandi tónlist **Stefáns S. Stefánssonar** undir stjórn höfundar. Síðasta verkefni Stefáns og Stórsveitarinnar, *Íslendingur í Alhambrahöll* frá 2015, hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin bæði fyrir jazzplötu ársins og jazztónleika ársins.

► **13. NÓVEMBER**
► KL. 17.00
► **SILFURBERG**

Miðasala á [HARPA.IS](https://harpa.is) og [TIX.IS](https://tix.is)



Listin sem breytti lífi mínu



Gabriel Benjamin fyrrverandi blaða- og verkalyðsmaður, segir lesendum Fréttablaðsins frá listinni sem breytti lífi hans.

„Ég hef verið um 21 árs þegar að ég sá kvikmyndina Children of Men eftir Alfonso Cuarón, en hún er byggð á samnefndri bók í heimi þar sem börn hafa ekki fæðst í um tvo áratugi. Auk ótrúlegrar kvikmyndatöku tæklar hún mörg málefni sem standa mér mjög nærri, eins og uppgang fasisma í skugga hræðslu og óvissu, og virði lífsins og lista við endalok mannkynsins. En það sem hafði mest áhrif var hvernig myndin fjallaði um flóttafólk.

”

Í Children of Men er búið að normalisera ofbeldi gegn flóttafólki. Það er hversdagslegt. Að mótmæla því í raunheimi er að berjast fyrir betri heimi en Alfonso Cuarón varaði okkur við.

Útsendarar sterkra og alráða stjórnsvalda Bretlands elta uppi og handsama flóttafólk. Ítrekað dvelur linsa kvikmyndarinnar við flóttafólk sem er rýmt úr húsa-skjóli sínu, fangelsað í búrum og misþyrmt af hervæddri lögreglu. Í fyrstu fannst mér þetta vera áhrifamikill vísindaskáldskapur, en í itarefni myndarinnar var sýnt hvernig hervædd lögregla misþyrmdi umsækjendum um alþjóðlega vernd í Grikklandi og sendi jarðýtur til að jafnaði flóttamannabúðir við jörðu. Þessi kvikmynd opnaði augu mín og ég hef haldið þeim opnum síðan þá.

Skómmu síðar fór ég með Hauki heitnum Hilmarssyni á FIT Hostel þar sem íslenska ríkið lét flóttafólk grotna niður. Síðar meir sem blaðamaður var ég óhræddur við að nota dagskrárvald mitt til að vekja athygli á óréttlæti í þessum málaflokki, eins og í tilvikum Tony Omos og Evelyn Glory Joseph í lekamálinu, og Chaplas Menka sem var stunginn með eggvopni af lögreglu.

Frá útgáfu kvikmyndarinnar höfum við séð bandarísk yfirvöld aðskilja fjölskyldur og fangelsa börn í búrum, og séð hirlenda mannvöngu aukast er stjórnsvald handsama flóttafólk á leið í skóla nokkrum dögum áður en mál þeirra er tekið fyrir af dómstólum. Í Children of Men er búið að normalisera ofbeldi gegn flóttafólki. Það er hversdagslegt. Að mótmæla því í raunheimi er að berjast fyrir betri heimi en Alfonso Cuarón varaði okkur við. ■

Kosmískur teknó- og fiðluheimur

Pétur Eggertsson og Gígja Jónsdóttir bjóða áhorfendum inn í fiðlulaga klubbaveröld á Litla sviði Borgarleikhússins. Þau mynda teknófiðludúóið Geigen og unnu verkið Geigengeist í samstarfi við Íslenska dansflokkinn.

tsh@frettabladid.is

Fyrsta frumsýning Íslenska dansflokksins starfsárið 2022–2023 er verkið Geigengeist eftir teknófiðludúóið Geigen næsta föstudag. Geigen samanstendur af tónskáldinu Pétri Eggertssyni og danshöfundinum og listakonunni Gígju Jónsdóttur. Frá árinu 2018 hafa þau unnið saman að því að útvíkka veröld fiðlunnar með ýmsum gjörningum.

Gígja: „Við erum svolítið að stækka okkar heim með þessu verki og erum komin með átta fleiri Geigen-verur inn í heiminn okkar sem eru dansarar frá Íslenska dansflokknunum. Þannig fáum við líkamleikann í gegn enn betur, við höfum svolítið verið að fókusa á tónlistina áður. Auðvitað er performansinn alltaf sterkur en núna er líkaminn að koma betur fram.“

Samruni fiðlu og raftónlistar

Að sögn Gígju er hugmyndafræði og fagurfræði fiðlunnar í forgrunni verksins sem rennur svo saman við heim teknótónlistar og klúbba-menningar.

Gígja: „Geigen-heimurinn er svolítið samruni fiðlunnar og teknó-raftónlistar, þannig að við erum líka að skoða teknódansa.“

Pétur bætir því við að í Geigen-geist megi einnig finna fagurfræði barokk-listastefnunnar og vísindaskáldskapar. Spurður um hvort jafn ólíkar tónlistarstefnur og teknó og barokk eigi samleið segir hann:

Pétur: „Já, þær eiga klárlega samleið og það er bara kominn tími til að fiðlan fái aðeins að njóta sín í öðru umhverfi. Hún er búin að vera svolítið föst í einhverri staðalímynd og klassískri birtingarmynd. Okkar markmið með Geigen er að brjóta algjörlega þessar staðalímyndir og leyfa fiðlunni að njóta sín í nýju umhverfi.“

Fiðlulaga vidd

Geigen er þýska orðið yfir fiðlur en



”

Þetta er svona kosmískur fiðluheimur, ef svo má segja, fiðlulaga vidd.

Pétur Eggertsson

Pétur og Gígja stofnuðu Geigen-dúóið í San Francisco haustið 2018, þegar þau voru bæði í námi þar úti. Spurð um hvað einkenni Geigenheiminn segja þau:

Pétur: „Þetta er svona kosmískur fiðluheimur, ef svo má segja, fiðlulaga vidd.“

Gígja: „Við erum að nýta okkur sögu og hefð fiðlunnar og setja hana í samhengi við framtíðina. Þátttaka hefur alltaf verið okkur mikilvæg. Það eru engir stólar í rýminu, áhorfendur koma inn og við erum að búa til einhvers konar klúbbaheim.“

Þau segja eitt markmið Geigen-verkefnisins vera að blanda saman ólíkum listgreinum en Gígja er með menntun í samtímadansi frá Lista-

háskóla Íslands og Pétur lærði tónsmíðar við sama skóla.

Gígja: „Þegar við vorum að byrja þetta verkefni Geigen fyrir 4-5 árum síðan, þá vorum við bæði í námi úti í Bay Area í Kaliforníu, ég var í myndlist og Pétur í tónlist. Við föttuðum að við spilum bæði á fiðlur og ákváðum að leika okkur smá með það. Svo vorum við bæði með þennan áhuga á teknótónlist og langaði að blanda því saman.“

Hafði aldrei snert fiðlu áður

Pétur og Gígja koma bæði fram í verkinu auk átta dansara frá Íslenska dansflokknunum. Þau segja samstarfið við dansflokkinn hafa verið bæði þakklátt og lærdómsríkt.

Gígja: „Það er bara æðislegt að einhvern veginn holdgera þennan heim enn meira. Við höfum mikið verið að skoða Geigen-veruna og hvernig hún ber sig og hreyfir sig. Þá er mjög áhugavert að skoða hreyfifni út frá fiðlunni sem slíkra.“

Spila dansararnir þá á fiðlur?

Pétur: „Við erum tíu saman á sviðinu og það eru tveir úr flokknunum sem spila á fiðlu með okkur. Annar þeirra hafði aldrei snert fiðlu áður, þannig að við erum bara búin að vera að þjálfá hann í því. Á meðan er ég að þjálfast í dansi, ég hef náttúrulega enga dansmenntun.“ Verkið er unnið í samstarfi við

Tónskáldið Pétur Eggertsson og danshöfundurinn Gígja Jónsdóttir stofnuðu teknófiðludúóið Geigen í San Francisco haustið 2018.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

Sean Patrick O'Brien listamað og búningahönnuðina Tönju Huld Levý og Alexíu Rós Gylfadóttur.

Pétur: „Við erum með þessa dásamlegu búningahönnuði og sviðsmyndahönnuð sem eru búin að vera í miklu samstarfi við hvert annað. Þau búa til algjöra galdra.“

Gígja: „Okkur fannst mjög mikilvægt að byrja ferlið á góðu samtali á milli okkar listrænu aðstandendanna, þannig að þetta væri byggt upp jafnfætis.“

Áhorfendum boðið að vera með

Verkið er þátttökuverk og að sögn Gígju var markmið þeirra Péturs frá upphafi að brjóta niður stigveldi listarinnar og bjóða áhorfendur velkomna inn í Geigen-heiminn.

Gígja: „Það var markmiðið að þeim liði eins og þau eigi heima herna með okkur í þessum heimi. Við erum að byggja verkið upp þannig að við fáum þau með okkur í lið í lokin.“

Pétur: „Áhorfendur koma inn og þeim er frjálst að vera hvar sem þeim sýnist í rýminu því við tökum burt alla stóla. En svo má auðvitað vera passifur ef maður vill það.“

Eruð þið þá að skapa teknóklúbba á Litla sviði Borgarleikhússins?

Pétur: „Það má segja það, einhvers konar fiðlulaga klubbaveröld.“ ■

Dulspekilegir hliðarheimar

BÆKUR

Ofurvættir

Höfundur: Ólafur Gunnar Guðlaugsson

Fjöldi síðna: 355

Útgefandi: Vaka-Helgafell

Brynhildur Björnsdóttir

Bókin Ofurvættir er önnur í þriggja bóka flokki Ólafs Gunnars Guðlaugssonar Síðasti seiðskrattinn en fyrri bókin Ljósberi hlaut Íslensku barnabókaverðlaunin í fyrra. Hér höldum við áfram að fylgja eftir unglingunum Hildi, Theódóru, Baldri og Bjarna sem í síðustu bók urðu ýmissa ofurkrafta sinna áskynja og þurftu auk þess að horfast í augu við þá staðreynd í bókarlók að heimurinn er í hættu og ekki bara okkar heimur heldur allir heimar. Og það er undir þeim og hæfileikum þeirra komið að bjarga honum. Sagan er sem fyrr sögð í fyrstu persónu frá sjónarhóli þeirra hvers um sig og þannig flakkar lesandinn um bæði söguvið og hugarheima eftir því hvar sjónarhornið er.

Í fyrstu bókinni var áherslan á Ísland, forna trú og hjátrú, hauga og drauga en í þessari bók er farið lengra á lendum annars konar fantasíu sem á minna skylt við þjóðsagnaafinn, fleiri heimar kannaðir og ferðast á milli þeirra auk þess sem unnið er með minnið um guðina sem ofmetnast og falla með skelfilegum afleiðingum fyrir mannkyn allt.

Flókin söguþráður

Sögupersónurnar eru komnar dýpra inn á lendum furðusögunnar og hversdagsleikinn sem kom á svo skemmtilegan hátt inn í fyrri bókina er ekki eins áþreifanlegur, tengingin við okkar heim minni. Bókin hníkar sér því milli greina innan furðusagnaflokksins, frá því að vera úrvinnsla úr þjóð- og góðsagnaafinum og yfir í heimasköpun þar sem tengingin við okkar heim er nánast aukaatriði.

Slík heimasköpun krefst mikillar hugmyndavinnu og í bókinni er stöðugt verið að kynna nýjar hugmyndir, persónur og söguvið til sögunnar svo stundum getur orðið ruglingslegt að fylgja því eftir auk dulspekipælinga um eðli alheimsins sem eru áhugaverðar en flækjast aðeins fyrir söguþráðinum. En þetta er alvanalegt með miðjubækur í þrileikjum, þær þjóna í raun því hlutverki að vera brú milli upphafs og endis, persónur þróast en ná engum lausnum strax og söguþráður flækist til þess að hægt sé að leysa

hann farsælega í lokabókinni.

Heldur lesanda við efnið

Þessi hluti þrileiksins minnir á köflum á seinni bækurnar í þrileik Philips Pullman um myrku öflin (His Dark Materials), einkum þó þegar kemur að flakkinu milli heima og pælinga. Hugmyndin um

guðina sem eins konar ofurvætti sem bera í sér alla möguleika og breyskleika er skemmtilega útfærð en siendurteknar upplifanir krakkanna á heildarskipulagi alheimsins gegnum þriðju augun verða aðeins tilbreytingarlausar til lengdar.

Bókin heldur samt lesandanum við efnið enda búið að byggja vel undir tengingar við persónurnar og framvinduna í fyrstu bókinni. Persónusköpun krakkanna er þó flatari hér enda verða þau í raun táknmyndir sinna einstöku krafta frekar en unglingar af holdi og blóði og það er mikilvægt, ef ekki nauðsynlegt, að hafa lesið Ljósbera til að fá samhengi við persónur og framvindu.

Ofurvættir ætti að gleðja unndendur góðra fantasíubóka og þau sem hrifust af Ljósberanum verða ekki fyrir vonbrigðum með þetta framhald. Það á þó eftir að hnýta marga hnúta sem væntanlega gerist ekki fyrr en að ári. ■

NÍÐURSTADA: Ágætis framhald af Ljósberanum en framvindan geldur aðeins fyrir hugmyndavinnu og heimssköpun.





Aðalatriðið á efnisskrá tónleikanna var fyrsti pianókoncert eftir Frederic Chopin og var einleikari Jan Lisiecki.

MYND/ÆSSEND

Hjartað í Póllandi og stórfenglegur píanóleikur

TÓNLIST

Sinfóniutónleikar

Flytjendur: Sinfóníuhljómsveit Íslands
Verk eftir Szymanowski, Chopin, Lutoslawski og Jón Nordal.
Einleikari: Jan Lisiecki.
Stjórnandi: Eva Ollikainen.
Eldborg í Hörpu fimmtudaginn 3. nóvember

Jónas Sen

Pólsk-franska tónskáldið Frederic Chopin var sjúklega hræddur við að verða kviksettur, það er, að vera grafinn lifandi. Hann bað því aðstandendur sína um að láta taka úr sér hjartað að honum gengnum og grafa annars staðar. Fyrir vikið hvílir lík hans í París, en hjartað í Póllandi.

Á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á fimmtudagskvöldið var pólsk tónlist í fyrirrúmi og Chopin fremstur. Dagskráin var helguð minningu pólska hljómsveitarstjórans Bohdans Wodiczko, sem var aðalstjórnandi hljómsveitarinnar um árabíl. Aðalatriðið á efnisskránni var fyrsti píanókoncertinn eftir Chopin og var einleikari Jan Lisiecki. Skemmst er frá því að segja að leikur hans var stórfenglegur.

Frábær tækni

Fyrir það fyrsta var tæknin lýtalaus, alls konar tónahlaup og heljarstökk eftir hljómborðinu voru fullkomlega af hendi leyst. Tónmyndunin var safarík, hljómurinn í píanóinu var sterkur. Tülkunin sjálf var líka einkar sannfærandi, hún einkenndist af ljóðrænu og fagurlega mót- uðum laglínunum, en líka gríðarlegri spennu og snerpu.

Konsertforleikur eftir Karol Szymanowski var einnig á dag-skránni. Hann var skemmtilega leikinn undir öruggri stjórn Evu Ollikainen. Þetta er æskuverk í til-tölulega hefðbundnu formi, áður en tónskáldið hélt á vit framúr-stefnunnar síðar. Hljómsveitin var samtaka og heildarhljómurinn var þéttur, en einstaka einleiksströfur voru dálítið bjagaðar. Heildaráhrif-in voru því ekki eins ánægjuleg og væntingar stóðu til.

Djúp hugleiðsla

Adagio fyrir flautu, hörpu, píanó og strengi eftir Jón Nordal var hins vegar magnað. Ástæðan fyrir því að verkið átti heima hér var að fyr-

”

Tónlistin var stór-brotin og gripandi, full af kræsilegum vend-ingum og litríkri atburðarás.

nefndur Wodiczko stjórnaði frum-flutningi þess um miðjan sjöunda áratuginn. Eins og titt er um tónlist Jóns var stemningin alvöruþrungin, nánast eins og í djúpri hugleiðslu. Hún einkenndist af merkingar-þrungnum blæbrigðum og angur-værum laglínunum, og nokkuð krass-andi samspili ólíkra radda. Við fyrstu sýn virtist tónlistin hófstíllt, en undir niðri var ólga; maður fann að tónskáldinu lá mikið á hjarta.

Óvinsæl formhyggja

Lokaverkið á efnisskránni var fyrsta sinfónían eftir Witold Lutos-lawski. Hún féll kommúnistunum í Póllandi ekki í geð í þá daga, og í tónleikaskránni kom fram að sin-fónían væri „byggð á „formalisma“ en ekki sósíalískum realisma“ án þess að það væri útskýrt nánar. En í formalismanum, eða formhyggju-nni, kristallaðist ein af grund-vallarsprungum móðernismans, það er, hvað væri hægt að gera við form og tóna án þess að segja aðra sögu en þá sem einfaldlega bjó í tón-rænum eigindum verksins, svo sem í forminu sjálfu. Framámönnun fannst það ekki nógu gott, tónlistin átti ekki bara að vera einhver hrein tónlist, heldur byggjast á raun-hyggju eða realisma, svo sem endur-spegla gildi byltingarinnar og vera hvetjandi fyrir almúgann.

Hvað um það, tónlistin var stór-brotin og gripandi, full af kræsileg-um vendingum og litríkri atburðar-rás. Hljómsveitin spilaði eins og einn maður, tülkunin var kröftug og tilfinningarík, akkúrat eins og hún átti að hljóma. Styrkleikajafnvægið var eins og best verður á kosið, auk þess sem ólíkir hljóðfærahópar spil-uðu af öryggi og heildarhljómurinn var fagaður. Þetta var flott. ■

NIÐURSTADA: Frábær píanó-leikur og flest annað var glæsilegt.

AÐALVINNINGUR kr. 5.000.000						AUKAVINNINGAR kr. 100.000										
41063						41062		41064								
PENINGAVINNINGAR kr. 500.000																
948	4247	8151	20075	30349	39615	46342	47074	54166	54724							
PENINGAVINNINGAR kr. 100.000																
442	3731	7847	12280	17640	19726	24820	31463	40500	46944	52242	57740	65315	76259	79348		
665	4120	8733	13372	17726	19849	25128	32264	41390	47913	53069	57870	65389	76467	79936		
824	4850	10311	13543	17794	20492	26774	32447	42762	47935	54077	58713	68549	76847			
1872	6247	10485	14270	18596	21324	28233	35363	43078	48078	55946	63597	71884	78290			
2148	6580	10646	14295	19486	21400	29673	38621	43757	49805	56263	63645	72233	78501			
2782	7115	11434	15808	19573	21973	30542	39901	45280	50947	56339	63855	73304	78799			
3142	7195	11755	16952	19621	23922	31376	40116	46464	51127	57013	65289	74849	79217			
PENINGAVINNINGAR kr. 50.000																
113	8621	14077	18567	22208	26959	30563	35699	37271	42373	45864	49872	55101	59191	66449		
230	8924	14445	18987	22464	27099	31462	35903	37452	42438	46145	51686	55185	59739	66629		
248	9223	14615	19067	24015	27401	31792	36188	38292	42577	46239	52002	55742	60908	67443		
623	9249	15907	19163	24106	27637	32348	36270	38805	43486	46552	52448	55965	60942	68511		
1240	9601	16437	20108	24131	27750	32775	36384	38864	43868	46683	52879	56296	61154	68576		
2867	9644	16573	20375	24362	27847	33162	36548	39777	44094	46809	53450	56564	61257	68611		
4215	9741	16804	20970	24843	27863	33698	36720	41342	44421	46824	53636	56596	61378	68912		
5858	10707	16909	21060	25045	28082	34046	36766	41914	44424	46864	54161	56732	62873	68933		
6262	10902	16995	21384	25659	28474	34102	36981	41955	44906	47266	54661	56887	63143	69140		
7019	12501	17437	21669	25853	28699	34110	36999	42042	45437	48025	54730	57460	65169	70249		
7057	12641	17592	22013	26418	29343	34834	37040	42071	45718	49014	54953	58519	66132	70924		
7086	13434	18293	22055	26434	29553	35610	37268	42201	45849	49812	55050	58997	66413	71284		
VÖRUÚTTEKT kr. 30.000																
184	5654	9878	13946	18333	24562	29508	34394	39432	44812	51378	56606	60273	65292	70630		
721	5880	9967	14184	18345	24791	29523	34438	39477	45098	51534	56607	60348	65534	70676		
838	5887	10033	14398	18356	24862	29586	34860	39589	45270	51611	56654	60531	65667	70777		
846	6028	10092	14404	18418	24909	29644	35026	39600	45411	51712	56734	60879	65737	70823		
860	6075	10303	14542	18474	24922	29780	35271	39749	45512	51730	56771	61006	65806	70855		
885	6178	10473	14622	18706	25048	29894	35538	40102	45579	51749	56808	61019	65810	70892		
1347	6269	10539	14738	19189	25077	30036	35584	40328	45681	51852	56874	61162	65899	71162		
1359	6454	10576	14783	19296	25145	30044	35586	40346	45715	52129	56906	61304	65940	71337		
1394	6536	10709	14905	19434	25184	30204	35728	40570	45752	52706	56988	61473	65942	71361		
1462	6624	10717	14939	19487	25353	30303	35836	40622	45889	52764	57058	61555	66219	71425		
1554	6671	10807	14965	19561	25941	30400	35860	40647	46269	52797	57069	61569	66441	71582		
1693	6690	10820	14989	19809	26158	30492	35941	40726	46435	52802	57082	61572	66750	71618		
1873	6858	10951	15078	20110	26198	30555	35949	40908	46656	52939	57106	61591	66903	71625		
2037	6916	11025	15133	20142	26961	30900	35973	40925	46950	53116	57128	61657	66959	71742		
2057	6939	11171	15206	20233	26977	31029	35990	41343	46983	53148	57511	61670	67189	71750		
2145	7034	11497	15420	20636	27090	31033	36013	41377	47191	53172	57548	61702	67413	71888		
2193	7055	11612	15440	20772	27156	31328	36030	41410	47292	53516	57609	61714	67470	72019		
2264	7134	11826	15458	20789	27357	31474	36059	41469	47465	53607	57640	62014	67621	72026		
2468	7230	11850	15582	20959	27428	31593	36082	41606	47674	53630	57678	62047	67686	72315		
2719	7291	11949	15830	20987	27624	31748	36217	41610	47774	53785	57712	62059	67691	72418		
2830	7321	12059	15938	21180	27776	31803	36466	41667	47805	54173	57718	62090	67768	72454		
2871	7535	12256	16037	21194	27814	32043	36615	41777	48079	54219	57853	62104	68093	72470		
3268	7785	12309	16050	21333	27829	32044	36831	42103	48312	54485	57880	62135	68115	72807		
3552	7807	12370	16057	21750	27851	32063	36853	42217	48375	54497	57952	62690	68122	72853		
3578	7849	12399	16520	21887	27932	32088	37277	42442	48430	54559	58117	62771	68198	72991		
3832	7932	12518	16548	22039	28018	32110	37317	42472	48611	54628	58120	62773	68283	73082		
3841	7934	12563	16566	22139	28165	32238	37356	42626	48651	54654	58126	62898	68433	73338		
3850	8070	12706	16761	22212	28532	32665	37699	42643	48844	54787	58279	62902	68592	73421		
3919	8092	12738	16792	22236	28535	32691	37966	42690	49124	54833	58362	63252	68659	73460		
3924	8119	12748	16908	22525	28554	32860	37986	42852	49260	54917	58560	63337	68690	73505		
4013	8128	12857	17015	22718	28582	32926	38016	42935	49554	54973	58670	63461	68775	73529		
4097	8289	12875	17105	22729	28608	32941	38248	43295	49610	54982	58694	63507	68900	73530		
4126	8568	13196	17231	22747	28619	32971	38432	43460	50107	55116	58700	63563	69020	73559		
4163	8588	13261	17233	22963	28754	33193	38437	43591	50200	55236	59004	63842	69059	73679		
4237	8687	13300	17348	23191	28775	33275	38490	43625	50253	55259	59114	64019	69111	73974		
4339	8691	13362	17398	23423	28780	33404	38780	43630	50413	55302	59243	64144	69322	74141		
4508	8741	13391	17470	23586	28961	33545	38843	43751	50563	55603	59247	64230	69572	74149		
4832	9059	13463	17565	23617	28973	33557	38844	43759	50579	55673	59399	64462	69770	74193		
4862	9159	13620	17567	23790	29001	33945	38939	43791	50628	55745	59550	64707	70072	74245		
4899	9299	13626	17834	23914	29054	34008	39081	44120	50656	55811	59801	65079	70164	74308		
5283	9545	13633	17941	24008	29135	34062	39340	44269	51233	55971	59957	65099	70176	74506		
5503	9632	13796	18090	24017	29280	34185	39372	44454	51269	56314	60132	65164	70591	74558		
5645	9847	13895	18121	24149	29430	34254	39421	44779	51359	56534	60144	65276	70608	74811		
PENINGAVINNINGAR kr. 25.000																
275	5029	11169	16035	19878	23797	28897	33645	37795	42504	47554	52584	58096	63208	68081		
520	5304	11179	16182	19896	23809	28954	33713	37810	42617	47556	52654	58367	63220	68150		
568	5428	11185	16262	19936	23887	29191	33818	37825	42814	47610	52660	58462	63323	68209		
711	5604	11332	16272	19968	23905	29458	33850	37890	42853	47612	52717	58465	63324	68244		
861	5659	11419	16286	20286	23995	29652	34176	38184	42888	47737	52932	58484	63383	68439		
869	5666	11498	16355	20365	24181	29714	34252	38258	42891	47786	53021	58487	63423	68557		
957	5689	11567	16367	20399	24262	29775	34290	38307	42986	47828	53214	58608	63426	68743		
1031	5794	11661	16396	20405	24343	29861	34312	38454	43247	47866	53219	59112	63481	68747		
1163	6004	11749	16585	20514	24372	29951	34331	38498	43343	48060	53270	59129	63516	68774		
1292	6034	11818	16596	20650	24651	29990	34344	38534	43415	48296	53411	59398	63537	68875		
1305	6376	12233	16702	20696	24663	29991	34346	38712	43515	48453	53495	59644	63594	68951		
1441	6412	12249	16864	20865	24790	30018	34458	38728	43753	48485	53571	59686	63783	69247		
1442	6677	12316	16938	20882	24896	30089	34465	38833	43852	48557	53601	59734	63914	69569		
1506	7040	12341	17092	20914	24992	30282	34475	38902	43894	48585	53619	59875	63922	69733		
1584	7157	12451	17191	20941	25030	30302	34622	39007	43914	48650	53624	59908	63952	69885		
1862	7244	12534	17289	20943	25187	30385	34746	39026	43996	48666	53792	59924	63985	70025		
1898	7510	12588	17305	20948	25362	30479	34976	39040	43998	48730	54051	59952	63986	70223		
1905	76															



Berta Herrero er stödd á Íslandi í tengslum við Heimsping í Hörpu.

Segir Ísland fyrirmynd í jafnréttismálum

ninarichter@frettabladid.is

„Við horfum á Ísland sem frábært dæmi um samfélag sem grundvallast á jafnrétti,“ segir Berta Herrero, stjórnandi og stofnandi European Leadership Academy, Evrópska leiðtogaskólans, sem er samstarfsverkefni Evrópska þjálfunarsjóðsins og tæknifyrirtækisins Huawei. Berta er stödd hér á landi í tengslum við Heimsping kvenleiðtoga sem fram fór í Hörpu í vikunni. „Við myndum gjarnan vilja bjóða íslenskum þátttakendum að vera með, vegna þess að í skólanum læra nemendur ekki aðeins af okkur heldur kenna okkur einnig. Nemendurnir mynda félagslegt net framtíðarleiðtoga og þessar konur eru leiðtogar á ýmsum sviðum atvinnulífsins um gervalla Evrópu.“



Við horfum á Ísland sem frábært dæmi um samfélag sem grundvallast á jafnrétti.

Sem stendur er skólinn ekki aðgengilegur íslenskum nemendum. „Við getum bent á hraðalinn Womens Innovation Incubator sem Huawei á Íslandi stendur fyrir. Þar eru konur studdar til góðra verka. Þetta er líka lyftistöng og stökkpallur inn í atvinnulífið fyrir konur í tæknigeiranum.“

Leiðtogaskólinn hefur að sögn Bertu verið Evrópusambandsverkefni frá upphafi. „Þannig að þaðan kemur stuðningurinn frá Evrópska þjálfunarsjóðnum, European Training Fund. Við höfum samt getað boðið nemendum frá Úkraínu að taka þátt í skólanum. Sem er frábært.“ ■

ON sviðslistahópurinn frumsýnir í kvöld leikverkið Eyja. Hópurinn samanstendur af heyrnarlausu og heyrandi listafólki og setur upp tvítyngdar sýningar. Eyja er fyrsta leiksýning af þessu tagi sem sýnd er í Þjóðleikhúsinu.

ninarichter@frettabladid.is

Viðtalið fer fram við stórt borð á efri hæðum Þjóðleikhússins, með útsýni yfir Faxaflóann sem fáir hafa séð. Viðmælendur eru döff sviðslistamenn, þau Uldis Ozols, Sigríður Vala Jóhannsdóttir og Hjördís Anna Haraldsdóttir. Auk þeirra er viðstaddur túlkur og síðan eru fleiri heyrandi leikarar og framleiðendur sýningarinnar inni í herberginu, sem koma með viðbætur og athugasemdir ofan í orð túlkans. Þetta viðtal er að einhverju leyti eins og þáttökuleikhús, með fullt herbergi áhorfenda.

Blaðamaður gerir klassísk mistök og kveikir á upptökutækinu og leggur á borðið fyrir framan viðmælendurna. En viðmælendurnir tala ekki hljódmál heldur táknmál.

„Þú þarft ekkert að fara hjá þér, þetta er ekki í fyrsta skipti sem þetta gerist,“ segir lettneski leikarinn Uldis Ozols og viðstaddir hlæja. Uldis hefur haft brennandi áhuga á leiklist síðan í æsku. „Svo kom ég loksins inn í þennan hóp,“ segir hann. Uldis lærði ekki leiklist en fór á námskeið í Tékklandi. „Þar fór ég í eitt ár á námskeið. En ég hef alltaf haft þetta svona með mér og í mér í gegnum tíðina, að leika. Ég hef líka unnið mikið með börnum í döff skóla, og verið með leiklistarnámskeið. Við höfum haldið sýningar í Lettlandi en ég er sjálfur fæddur þar og sótti þar döff skóla.“

Hugmynd kviknaði í þásam

Hvað varðar senuna í Lettlandi í samanburði við hina íslensku, svarar Uldis: „Það er ekki hægt að bera þetta saman. Það er ekki búið að setja upp neinn vettvang eða listrænan hóp í Lettlandi. Það hafa í rauninni bara verið einhver svona áhugafélög, leiklistardeildir sem döff hafa getað verið í. Hingað til hafa ekki verið leiksýningar eða því um líkt.“

Andlit Sigríðar Völu Jóhannsdóttur er kunnuglegt. Hún vakti athygli fyrir leik í sýningunni Það sem við gerum í einrúmi sem sýnd var í Tjarnarbíó í upphafi árs 2019. Þá hefur hún komið fram í fjölmörgum í tengslum málefni heyrnarlausra. „Það eru nokkur ár síðan ég var í leikriti, en það var það sem við gerum í einrúmi. Þá var Adda Rut túlkur fyrir mig. Við ræddum þetta alltaf í þásam, að við vildum



Uldis Ozols, Sigríður Vala Jóhannsdóttir og Hjördís Anna Haraldsdóttir eru döff listamenn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Tveggja heima Eyja mætt á fjalir Þjóðleikhússins



Slagorðið leikhús fyrir alla gildir ekki bara um áhorfendur, að allir séu velkomnir í leikhúsið. Heldur alla sem koma að leikhúsinu.

Sigríður Vala Jóhannsdóttir

gera leiklistarhóp þar sem áhersla væri lögð á tvítyngi. Svo endaði það með því að þessi hópur var stofnaður. Þetta þróaðist áfram og nú er niðurstaðan þetta leikrit, Eyja.“

Brjóta niður vegg

Hvað varðar efni leikritsins svarar Uldis: „Þetta er í rauninni leikrit

sem sýnir tvo heima, döff og svo hinn heiminn. Getum við sagt eitthvað meira?“ spyr hann og hlær, smeykur við að spilla sýningunni fyrir áhorfendum.

Sigríður Vala bætir við: „Við sýnum tvö mál, íslenskt raddmál og íslenskt táknmál og hvernig vantar tengingu á milli þessara heima. Við sýnum hvernig er hægt að brjóta niður vegg,“ segir hún.

Þá liggur við að spyrja Sigríði Völu hvort hún telji umræðu um stöðu fatlaðra í sviðslistum á Íslandi vera á rétttri leið.

„Sviðslistahópurinn okkar er frábær fyrirmynd fyrir aðra, sem geta séð á okkar hópi að það geta allir verið í sviðslistum. Það er hægt að hafa jaðarhópa í sviðslistum, hvort sem það eru döff eða aðrir. Eins og þú sérð erum við döff hérna hluti af hópnum og öllu ferlinu. Þannig að við fylgjumst með að allt fari rétt fram og sjónarhorn allra komi fram. Það eru síðan döff leikarar sem eru með hlutverk í leikritinu,“ segir hún. „Þessi umræða er búin að

vera svolítið heit síðustu daga, en ég held að við getum bara lært af þessu. Leikhúsið, leikhópar, listafólk getur dregið lærdóm af þessari umræðu. Hvernig er hægt að gera betur, hvernig er hægt að gera þetta næst?“

Inngilding frá upphafi verks

Sigríður Vala segir að einnig þurfi að huga að inngildingu fatlaðra í leikverkum frá fyrstu skrefum.

„Ef það er fatlaður leikari í leikriti, eða eitthvað slíkt, þá þarf að huga að því fyrr í ferlinu. Hvernig birtingarmynd þessa karakters er. Það þarf að hugsa um sögu þessa hóps og hafa bakgrunnsþekkingu. Það þarf að gera þetta snemma í ferlinu, hoppa inn og ekki gera þetta á vanhugsaðan hátt,“ segir Sigríður Vala.

Hjördís Anna Haraldsdóttir er meðhöfundur verksins. Hún bætir við að hér sé um að ræða góða áminningu um að tímarnir séu að breytast. „Það er vitundarvakning og verið að hugsa um tilverurétt fatlaðra í samfélaginu,“ segir hún. „Við eigum að vera samfélag án aðgreiningar og þetta var í rauninni holl og þörf áminning. Að endurhuga þennan hugsanagang, taka nokkur skref til baka og taka meðvitaðar ákvarðanir út frá þessari umræðu sem hefur verið í gangi.“

Sigríður Vala tekur undir það. „Þjóðleikhúsið er leikhús fyrir alla. Slagorðið leikhús fyrir alla gildir ekki bara um áhorfendur, að allir séu velkomnir í leikhúsið. Heldur alla sem koma að leikhúsinu.“ ■

Hin djúpu spor Svala í íslenskri menningarsögu

ninarichter@frettabladid.is

Íslenskir sælkerar hafa brugðist af hörku við fréttum af því að svala-drykkurinn Svali hætti í framleiðslu eftir tæp fjörutíu ár. Þúsundir manna hafa ritað nafn sitt við undirskriftasöfnun á síðunni Change.org þar sem þess er krafist að Svali haldi áfram í sölu og framleiðslu.

Drykkurinn kom fyrst á markað árið 1982 og árið 1995 var uppskriftinni breytt lítillega þar sem dregið var úr sykurmagni og safamagnið aukið. Drykkurinn inniheldur hvorki litarefni né rotvarnarefni.

Árið 1986 hófst útflutningur á drykknum góða til Bretlands, og var Svali fyrsti íslenski útflutti drykkurinn. Árið 1997 flutti Svali svo til Noregs og fékk hann nafnið Kuli.

Coca-Cola á Íslandi greindi frá



Árið 1986 hófst útflutningur á drykknum góða til Bretlands, og var Svali fyrsti íslenski útflutti drykkurinn.

því í fyrradag að hætta skyldi framleiðslu á drykknum.

Í fréttatilkynningu frá Coca-Cola á Íslandi segir að vegna breytinga á þörfum og smekkt neytenda hafi fyrirtækið ákveðið að hætta framleiðslu.

„Við höfum átt farsæla áratugi í fylgd Svala en hann er engu að síður

barn síns tíma og við erum á annarri vegferð í dag. Kröfur neytenda og smekkur fólks þróaast í sífellu og samhliða því þurfum við að fara yfir árangur og stöðu vörumerkja okkar reglulega,“ er haft eftir Einar Snorra Magnússyni, forstjóra Coca-Cola á Íslandi. Þá sé stefna fyrirtækisins að beina kröftum sínum að þeim vörumerkjum sem séu hvað vinsælust.

„Við kveðjum því Svala að svo búnu og þökkum honum samfylgdina,“ segir Einar Snorri. ■





FÖNN ullarúlpa
Kr. 44.990.-



VOR hlý húfa
Kr. 3.590.-



RUMUR flannel skyrta
Kr. 9.990.-



HVÍTANES Merínó hálsklútur
Kr. 4.990.-



ESJUFJÖLL flíspeysa
Kr. 9.990.-



ENGEY
Húfa með mynstur beggja vegna
Kr. 2.790.-



SVARTANES rúllukragabolur
Kr. 10.990.-

VIÐEY barnavettlingar
Kr. 2.790.-



ICEWEAR inniskór
Kr. 3.990.-



REYKJAVÍK ullarúlpa
Kr. 47.990.-



HVÍTANES Merínó húfa
Kr. 3.990.-

STEINAR Coolmax göngusokkar
Kr. 1.490.-



FÍFA síð Ecodown® úlpa
Kr. 29.990.-



FUNI dúnúlpa
Kr. 33.990.-

MÓAR jogging buxur
Kr. 7.990.-



GRÍMSEY hanskar
Kr. 2.990.-



ASOLO Falcon
Kr. 29.990.-



SANDHÓLL jogging buxur
Kr. 7.990.-



HILDA dúnúlpa
Kr. 67.990.-



Helly Hansen Fremont
Kr. 26.990.-



RAGNAR Ecodown® úlpa
Kr. 27.990.-



GEYSIR ullarjakki
Kr. 28.990.-

REYKJANES ullarúlpa
Kr. 33.990.-



SVARTANES Merínó ullarbuxur
Kr. 9.990.-



SKARÐSFJÖRÐUR hettupeysa
Kr. 12.990.-



Saga hreysikatta á kvikmyndahátíð

ninarichter@frettabladid.is

Latin American Film Festival er ný kvikmyndahátíð sem haldin er í Bíó Paradís dagana 19. til 27. nóvember í samstarfi við sendiráð Argentínu, Chile, Kólumbíu, Venesúela, Perú og Mexíkó.

Opnunarmynd hátíðarinnar er Saga hreysikattanna, El cuento de las comadreja, sem sýnd er laugardaginn 19. nóvember klukkan 19.00. Í fréttatilkynningu frá hátíðinni segir að nýjar og nýlegar kvikmyndir verði sýndar. Þá verði boðið upp á menningarreisum um gjörvalla rómönsku Ameríku þar sem matur, tónlist og gleði verður í hávegum höfð. Ókeypis er inn á opnunarmyndina sem er öllum opin. Frekari upplýsingar má nálgast á vef Bíó Paradísar. ■

Skyggnum fagnað í Pennanum í dag

ninarichter@frettabladid.is

Í dag kemur út smásagnasafn Stefaníu Pálsdóttur sem ber titilinn Skyggnur. Safnið inniheldur fimmtán draumkenndar smásögur. Í fréttatilkynningu segir Stefanía að sögurnar eigi það sameiginlegt að kafa ofan í þráhyggju og togstreitu í fáránleika hversdagsins.

Stefanía útskrifaðist með meistaragráðu í ritlist frá Háskóla Íslands árið 2020. Fyrri verk Stefaníu eru ljóðverkið Blýhjarta auk þess sem hún hefur gefið út orhandbókina Uppskriftabók fyrir draumkafanir.

Stefanía slær upp útgáfuhöfi í Pennanum Eymundsson á Skólavörðustíg í dag milli 17 og 19. ■

Gerbylta stærðfræðimenntun landans

Mathieu Skúlason rekur fyrir tækið Evolytes. Fyrirtækið sinnir frumkvöðlastarfi á sviði menntatækni og bindur vonir við að bylta námstækni í stærðfræði á grunnskólastigi. Evolytes hefur þegar haslað sér völl á alþjóðamarkaði.

ninarichter@frettabladid.is

Mathieu var í þverfaglegu háskólanámi við Háskólann í Reykjavík þar sem hann rannsakaði meðal annars hvernig væri hægt að beita styrkingarháttum til að ná fram ákveðinni hegðun hjá börnum.

„Þetta er það sem leikjahönnuðir voru að gera til að gera leiki ávana-bindandi. En margt bendir til þess að þær rannsóknir sem verið er að yfirfæra sé ekki hægt að yfirfæra á börn eða menn,“ segir Mathieu. „Við höfum okkur víst ekki eins og einfaldari lífverur, eins og dúfur eða hundar,“ segir hann og bætir við að lítið liggi fyrir af fræðilegum rannsóknum í því tilliti og stærri tölvuleikjastúdíóin hafi til að mynda endað á að prófa sig áfram. „Við vitum líka að börn hegða sér ekki heldur eins og fullorðnir.“

Mathieu stundaði fræðilegar rannsóknir í leit að mynstrum í þessu tilliti. „Ég kom heim einn daginn og sá að systir mín var að eiga bölvæð bág með stærðfræði, eitt hvað sem ég kannaðist við sjálfur,“ segir hann. Mathieu er hálf-franskur og hálf-íslenskur og segir móður sína hafa reynst sér vel á þeirri stundu. „Þá tók mamma mig í gegn og kynnti mig fyrir frönsku leiðinni til að læra stærðfræði. Ég endaði á að vera dúx í stærðfræði nokkrum árum síðar, þegar ég útskrifaðist úr menntaskóla,“ segir hann og hlær.

Í framhaldinu fékk Mathieu þá hugmynd að beita styrkingarháttum og kenningum með hlíðsjón af mynstrum sem hann hafði komið auga á. „Við nýttum þessar kenningar til að búa til einfaldan námsleik þar sem krakkarnir reikna stærðfræði.“ Mathieu notaði margföldunarefni þriðja bekkjar, sem systir hans var í. „Ég ákvað að gera rannsóknir á hennar bekk, 2016. Ég talaði við kennarann og vissi nákvæmlega hvaða námsefni hún var að fara í gegnum.“

Úr varð einföld útgáfa af hugbúnaðinum. „Niðurstöðurnar sem við fengum voru bara fáránlegar. Nemendur lærðu fjórfalt hraðar, ef þú berð það saman við það sem þau læra í kennslustund. Þau eyddu meiri tíma í að læra og það sem kom mest á óvart er að þau voru miklu jákvæðari gagnvart stærðfræði í



Mathieu Grettir Skúlason er frumkvöðull og eigandi menntasprotafyrirtækisins Evolytes.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK



Nemendurnir sem sáu mestan árangur af því að nota námskerfið voru nemendur í námsörðugleikum sem sýndu allt að tölffalda aukningu.

hvaða formi sem var, eftir rannsóknina.“

Rannsóknin átti að standa yfir í tvo mánuði en nemendur kláruðu allt námsefnið á innan við fjórum vikum. „Þessar niðurstöður voru frekar sláandi.“ Í framhaldinu fór verkefnið í fjármögnunarferli.“

Að sögn Mathieu er kerfið ekki einfaldur námsleikur heldur einstakur gagnadrifinn hugbúnaður. „Við erum með þrjár vörur sem vinna sem ein heild. Við erum með námsleikinn sem er kjarninn sem gerir æfinguna einstaklingsmiðaða og skemmtilega, síðan erum við með upplýsingakerfi fyrir kennara til að forgangsraða í rauntíma hvernig nemendum fer fram og hvernær á að grípa inn í,“ útskýrir hann. „Svo erum við með námsbækurnar

sem samþættast inn í kerfið, með QR-kóða inni í námsbókinni sem hægt er að skanna. Þannig fá börnin kennslukönnun sem þau geta fengið verðlaun fyrir. Við erum að yfirfæra jákvæða áreitið á sjálfa bókina. Nemendur verða þannig spenntir fyrir að klára hana.“

Mathieu segir flesta námsleiki sem þegar eru til, ganga út á smáleiki sem kenna ákveðið efni. „Okkar nálgun er algjörlega öflug. Við þróum leik sem er í samamburði við það skemmtiefni sem börnin sækjast í og gerum leikinn eins skemmtilegan og við mögulega getum.“

Menntamálastofnun hefur þó ekki keypt leikinn, heldur hefur fyrirtækið verslað beint við sveitarfélögin. „Menntamálastofnun vinnur alfarið með engum. Og það er ekki til neitt fjármagn hjá skólunum til að kaupa námsefni.“ Fyrsta útgáfan kom út árið 2020 rétt fyrir Covid. „Kennarar enduðu á að koma til okkar og spyrja: Getum við ekki fengið að prófa þetta?“ segir hann.

„Það sem er svo gaman að segja frá er að nemendurnir sem sáu mestan árangur af því að nota námskerfið voru nemendur í námsörðugleikum sem sýndu allt að tölffalda aukningu. Í dag erum við með fullt af velgengnisögum af nemendum sem búa við raskanir af öllu tagi, nemendum sem stóðu höllum fæti í stærðfræði sem eru komnir aftur í almenna kennslu.“

Salan til sveitarfélaga hefur

gengið vel og Mathieu segir að ástæðan sé gríðarlegur sparnaður af notkun hugbúnaðarins þegar kemur að sérkennslu. „Við erum að eyða allt að fjórum milljörðum í sérkennslu,“ segir hann um ástandið á Íslandi í dag.

Í dag er námskerfið notað í yfir helmingi allra grunnskóla á Íslandi. „Við förum í 80 prósent fyrir lok þessa árs. Í dag erum við með 30 skóla sem eru að nota þetta í Svíþjóð og töluvert af nýjum skólum sem eru að falla inn,“ segir Mathieu.

„Það gengur merkilega vel í Danmörku og við erum komin með tvo stóra skóla sem eru að prófa námskerfið. Við gefum öllum okkar kúnum kost á að prófa námskerfið fyrst. Þetta eru risastórir skólar, þúsund nemendur og á við sveitarfélögin okkar hérna heima. Við erum með dreifiðila í Litáen, tvo skóla í Frakklandi og að tala við dreifingaraðila í Asíu og Brasilíu,“ segir hann.

Gögnin sýna að þörfin á breyttri námstækni er aðkallandi.

„Það kom skýrsla frá UNESCO 2018 sem benti á að sex af hverjum tíu nemendum á heimsvísu eru ekki að sýna fram á grunnfærni í stærðfræði. Staðan á Íslandi er ekki góð. 26 prósent nemenda samkvæmt PISA-könnun 2018 sýndu ekki fram á tilskilinn árangur í stærðfræði, náttúrufræði né lestri. Þessar tölur hafa bara farið hækkandi. Þetta voru ekki nema 11 prósent 2005. Þetta er veldisvöxtur.“ ■

Fjörug og spennandi saga eftir Arndísi Þórarinsdóttur um fimleikastrákinn Álf

„Mjög áhrifaríkt og vel gert ...

... Ofsalega gaman að lesa þessa bók.“

ÞORGEIR TRYGGVASON / KILJAN

„Einn af okkar allra fremstu barnabókahöfundum.“

EGILL HELGASON / KILJAN

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið virka daga 10–18 | Laugardaga 11–17 | Sunnudaga 12–16 | www.forlagid.is



Daldrandi
útgáfa



Ný
barnabók
kemur út
í dag!

**Prúður pruma - Hvirfilbylurinn frá Nýborg er
ný metnaðrfull barnabók eftir Bjarna Hauk Þórsson
með teikningum eftir Pétur Stefánsson.**

Bókin er lauslega byggð á minnum úr íslenskum sagnaarfi.
Auk þess er velt upp ýmsum spurningum sem brenna á samfélagi nútímans.

Í dag fimmtudaginn 10. nóvember efnir Daldrandi útgáfa
til útgáfugleði í verslun Pennans Eymundsson í Austurstræti
sem hefst klukkan 17:00.

*Sérstakt útgáfutilboð verður á bókinni.
Höfundur og teiknari verða viðstaddir og árita bækur.*

Allir velkomnir!

Jólin eru í Dorma

www.dorma.is
VEFVERSLUN



Jól
20%
AFSLÁTTUR

BUFFALO lyftistóll

Stillanlegur lyftistóll. Leður á slitflötum. Stóllinn aðstoðar þig á fætur. Svartur, grár eða brúnn.
Fullt verð: 229.900 kr.

Aðeins **183.920 kr.**



MONTARIO svefnsofi

Einfaldur og stílhreinn svefnsofi. Svefnpláss: 140x200 cm. Fullt verð: 119.900 kr.

Aðeins **95.920 kr.**

20%
afsláttur af
allri smávöru



HOUSTON U-sofi

Flottur tungusófi í Houston sófajölskyldunni. Sófana er hægt að fá í ýmsum útfærslum. Stærð: 294 x 210 x 85 cm.
Fullt verð: 339.900 kr.

Aðeins **271.920 kr.**

Jól
20%
AFSLÁTTUR



MISTRAL HOME sengurföt

Sængurföt úr bómullarsatíni. Margir fallegir litir.
300 þræðir. 140 x 200 cm. Fullt verð: 10.990 kr.

Aðeins **8.792 kr.**

Afgreiðslutími Rvk
Mán. til fös. kl. 11-18
Laugardaga kl. 11-17

Holtagörðum, Reykjavík
512 6800
Smáratorgi, Kópavogi
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100
Skeiði 1, Ísafirði
456 4566

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni
eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

Fleiri frábær jólatilboð í verslun og á www.dorma.is

Nature's **LUXURY** heilsurúm með botni



Frábær heilsudýna með yfirdýnu fyrir enn betri hvíld. Natures Luxury er frábær heilsudýna með 20cm háum pokagormum sem eru svæðaskiptir, mýkri á mjöðmum og öxlum til að halda náttúrulegri sveigju í líkama okkar á meðan við sofum. Dýnan er samansett úr 5 lögum af mismunandi svampi með 4 cm minnissvampi sem aðlagast fullkomlega að líkamanum. Hæð Natures Luxury er 33 cm, en þar af er þykk yfirdýna sem gerir dýnuna einstaklega þægilega. Natures Luxury er með vönduðu áklæði sem andar einstaklega vel. Dýnan er millistíf en aukalögin af svampinum gefa sérstaka lúxustilfinningu þegar lagst er í hana. Natures Luxury er tilvalin á venjulegan botn sem og í stillanleg rúm. Sérlega vönduð gormadýna.

JÓL
20%
AFSLÁTTUR
af dýnu



120 x 200 cm.
Fullt verð: 154.900 kr.
134.120 kr.

160 x 200 cm.
Fullt verð: 184.900 kr.
158.920 kr.

140 x 200 cm.
Fullt verð: 164.900 kr.
142.920 kr.

180 x 200 cm.
Fullt verð: 204.900 kr.
176.920 kr.



JÓL
20%
AFSLÁTTUR
af dýnu



CHIRO UNIVERSE heilsurúm með Classic botni


Chiro heilsudýnurnar eru með vandað pokagormakerfi sem býður upp á minni hreyfingu milli rekkjunauta og betri aðlögun að líkama þínum. Yfirdýnan er svæðaskipt með slitsterkt og mjúkt bómullaráklæði. Dýna sem tryggir réttan stuðning við mikilvæg svæði eins og t.d. neðra mjóbak og axlarsvæði. **Fullt verð 160 x 200 cm: Fullt verð 180.900 kr.**

Aðeins **156.720 kr.**

JÓLA-BÆKLINGUR

stútfullur af glæsilegum tilboðum

Skannaðu QR kóðann til að skoða bæklinginn



DIMMA baðsloppur

Einstaklega fallegur og mjúkur baðsloppur. 100% Micro bómull. Hvítur eða grár. S, M, L eða XL. **Fullt verð: 12.900 kr.**

Aðeins **10.320 kr.**




JÓL
20%
AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM SÆNGUM
OG KODDUM

DORMA PREMIUM dúnsæng

Hlý og góð sæng. Áklæði er úr 100% bómull. 1.036g, 15% dúnn og 85% smáfiður. Sængin er Oekotex vottuð. Stærð: 140x200 cm. **Fullt verð: 16.900 kr.**

Aðeins **13.520 kr.**



SEALY BUTTERFLY kodd

Einstakt áklæði með kælingu sem kemur í veg fyrir svita á háls- og höfuðsvæði. 52x42x10 cm. **Fullt verð: 11.900 kr.**

Aðeins **9.520 kr.**



DORMA EXCLUSIVE dúnsæng

Létt og hlý sæng. 600g. 140 x 200 cm. 50% dúnn og 50% smáfiður. Áklæði 100% bómull. **Fullt verð: 24.900 kr.**

Aðeins **19.920 kr.**

DORMA

Láttu drauminn rætast

BYKO